GÍGJA GUÐBRANDSDÓTTIR

*Skipti úr dansi í júdó*

Heilsa Jólin koma

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




ÍSLENSKI BÆRINN

*Hannes Lárusson reisir torfbæjarstofnun*

Sérblað um Suðurland

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




ANNA MJÖLL ÓLAFSDÓTTIR

*Samdi þrjú lög fyrir Hollywood-mynd*

Nýtur lífsins með stjörnunum í Los Angeles

FÓLK 50



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. desember 2006 — 326. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

# Offita barna mest í Breiðholti

**Lægsta tíðni offitu og ofþyngdar hjá börnum í Hlíðahverfinu. Á Íslandi er hugsanlega fylgni á milli félagslegrar stöðu foreldra og ofþyngdar og offitu barna. Offita er sjaldgæfari hér en meðal erlendra barna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæplega þriðjungur barna á aldrinum sex til fjórtán ára í Efra-Breiðholti er of þungur eða of feitur. Tíðni ofþyngdar eða offitu er hæst hjá börnum í Fellaskóla, þar sem þriðjungur nemenda á við þetta vandamál að stríða. Í næsta sæti er Breiðholtsskóli en þar er hlutfallið 30 prósent.

Lægsta prósentuhlutfall ofþyngdar og offitu eftir hverfum er hjá börnum í Hlíðunum; um 17 prósent.

Þessar niðurstöður koma fram í rannsókn Ragnheiðar Óskar Erlendsdóttur hjúkrunarfræðings. Niðurstöðurnar eru byggðar á sextán þúsund mælingum á þyngd barna sem framkvæmdar hafa verið af heilsugæslunni í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu síðastliðin tvö ár. Þyngd barnanna var mæld í 1., 4., 7. og 9. bekk. Tölurnar voru greindar út frá sérstökum líkamsþyngdarstuðli og voru mælingarnar skráðar í rafrænt forrit sem kallast Ískrá. Að sögn Ragnheiðar er þetta í fyrsta skipti sem birtar eru niðurstöður úr rannsóknum eftir að rafræn skráning hófst.

Ein af niðurstöðunum í rannsókninni er að hugsanlega sé fylgni á milli félagslegrar stöðu foreldra og offitu og ofþyngdar barna. Ragnheiður segir að ef félagsleg staða foreldra barnanna sé borin saman eftir póstnúmerum, kemur fram að hlutfall offitu og ofþyngdar er hærra í hverfum þar sem menntunarstig er lægra. Samkvæmt tölum frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands frá árinu 2002 er hlutfall háskólagenginna foreldra í skólunum þar sem offita og ofþyngd er mest 11 til 22 prósent, en um 30 til 34 prósent í skólum þar sem ofþyngd og offita er minnst.

Að þessu leyti svipar Íslandi til Bandaríkjanna segir Ragnheiður. Fylgni á milli félagslegrar stöðu er öfug í löndum eins og Kína og Rússlandi þar sem fólk í betri félagslegri stöðu í samfélaginu er feitara.

Ragnheiður segir að miðað við niðurstöður úr hliðstæðum erlendum rannsóknum sé offita og ofþyngd íslenskra barna minni hér á landi en í mörgum öðrum löndum, eða tæplega 21 prósent. Þetta hlutfall er 24 prósent í Englandi og 27 prósent á Ítalíu svo dæmi séu tekin.

sjá síðu 8 / - ifv



**MARGIR HJÁLPAR ÞURFI** Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar, sagði mikla þörf fyrir aðstoð nefndarinnar fyrir jólin og var að vonum ánægð með gjöf Jóhannesar Jónssonar, forstjóra Bónuss. Á myndinni sjást frá vinstri Vilborg Oddsdóttir og Jónas Þórir Þórisson frá Hjálparstarfi kirkjunnar, Ragnhildur, Jóhannes og Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jóhannes í Bónus:

## Gaf 21 milljón til bágstaddra

**HJÁLPARSTARF** Jóhannes Jónsson, forstjóri Bónuss, afhenti í gær Hjálparstarfi kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd 4.200 gjafabréf í verslunum sínum, hvert bréf er 5.000 króna virði. Gjafabréfunum munu hjálparstofnanirnar útdeila til skjólstæðinga sinna, til að létta undir við hátíðahöld um jólin.

Samtals hljóðar aðstoðin upp á 21 milljón. Jóhannes segir að upphæðin hafi verið ákveðin til að minna á 21 milljónar króna aukafjárveitingu sem dómsmálaráðuneytið fékk í haust til að ráða sérstakan saksóknara í Baugsmálinu svokallaða.

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, þakkaði höfðinglega gjöf og lýsti ánægju með samstarf hjálparstofnananna og minnti á boðskap jólanna; að sælla sé að gefa en þiggja. - kóþ

Kofi Annan segir borgarastríð geisa í Írak:

## Verra en þegar Saddam ríkti

**BAGDAD, AP** Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði í gær að ástandið í Írak væri ekkert annað en borgarastyrjöld og hún væri jafnvel mannskæðari en borgarastríðið sem geisaði í Líbanon á árunum 1975 til 1990.

Hann sagði einnig að ástandið í Írak núna væri verra fyrir almenning heldur en þegar Saddam Hussein var þar við völd.

„Ofbeldið er það alvarlegt, átökin og biturleikinn það mikill,“ sagði Annan og benti á að hliðstæð átök í Líbanon hefðu verið kölluð borgarastríð. „Þetta er miklu verra,“ sagði Annan í viðtali við breska útvarpið BBC.

Herlið Bandaríkjanna viðurkenndi nýlega að hertar aðgerðir til þess að stöðva ofbeldisöldu í átökum súnnía og sjía í höfuðborginni Bagdad hefðu misheppnast.

Þetta varð ljóst þann 23. nóvember þegar 215 manns féllu í sprengjuárásum á hverfi sjía í Bagdad, en það var mannskæðasta árásin frá því stríðið í Írak hófst.



**Á GÖTUM BAGDAD** Myndin er tekin á sunnudaginn eftir að þrjár bílasprengjur höfðu sprungið á matvælamarkaði og meira en 50 manns fórust.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við fordæmum harðlega bílasprengjur, árásir og hefndarmorð öfgamanna gegn friðsömum Írökum í Bagdad,“ sögðu þeir Zalmay Khalilzad, sendiherra Bandaríkjanna, og George W. Casey, æðsti yfirmaður Bandaríkjahers í Írak, í sameiginlegri yfirlýsingu sem þeir sendu frá sér í gær. - gb

## ÞRIÐJUDAGUR

### Rigoletto reynist vel



Ólafur Kjartan Sigurðarson barítónsöngvari fær lofsamlega dóma í Bretlandi.

MENNING 32

### Storm og Toby tekin



Grínistinn Auðunn Blöndal hrekkti Rockstar-gengið meðan það var á Íslandi.

FÓLK 50

### Misjöfn kjör

Viðbrögð stjórnmálamanna við þessari lífreynslu fólksins voru líka svolítið skrýtin fannst mér, þeir komu allir af fjöllum, enginn þeirra virðist frekar en við hin hafa áttað sig á hvernig þetta virkar, segir Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 24

### Íhuga framboð



Gunnar Sigurðsson og Viðar Halldórsson íhuga að bjóða sig fram til formennsku í KSÍ.

ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SYÐRA -** Í dag verða norðaustan 5-13 m/s, stífastur suðaustan til og á Vestfjörðum. Bjart veður á Suður- og Vesturlandi en skúrir eða slydda norðaustan og austan til. Kólnandi veður og hiti víðast 0-4 stig með ströndum.

VEÐUR 4







4 DAGAR

í Litlu jólin í Smáralind

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

Tækni og vit 2007

Fagsýning tækni- og þekkingariðnaðarins

Tryggðu þér svæði – bókaðu strax!

Kynntu þér málið á www.taekniogvit.is eða í síma 511 1230

## SPURNING DAGSINS



*Sjón, finnur þú til samkenndar með Kertasníki?*

„Já, til þess að semja jólaljóð verður maður sjálfur að vera jólasveinn.“

Rithöfundurinn Sjón er höfundur ljóðs sem fylgir stálóróa af jólasveininum Kertasníki sem seldur er í versluninni Casa. Ágóðinn af sölu óróans rennur til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Dómur fallinn í máli gegn blaðamönnum Berlingske Tidende:

# Brutu ekki gegn þjóðaröryggi

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Ritstjóri og tveir blaðamenn danska blaðsins Berlingske Tidende voru í gær sýknaðir fyrir dómi í Kaupmannahöfn af ákæru um að hafa misfarið með trúnaðargögn ríkisins í greinaflokki um Íraksmálið sem birtur var í blaðinu á árinu 2004.

Borgardómur Kaupmannahafnar komst að þeirri niðurstöðu að Niels Lunde ritstjóri og blaðamennirnir Michael Bjerre og Jesper Larsen hefðu með skrifunum höndlað í þágu almannahagsmuna. Ákæran byggði á því að blaðamennirnir hefðu gerst brotlegir við lög um öryggi ríkisins með því að vitna í trúnaðarskýrslur leyniþjónustu danska hersins.

Í skýrslunum kom fram, að engar vísbendingar hefðu fundist um að Íraksstjórn Saddams Hussein réði yfir gereyðingarvopnum. Fyrrverandi leyniþjónustumaður, sem átti þátt í að semja umræddar skýrslur, hafði áður hlotið dóm fyrir að bregðast skyldum sínum með því að leka þessum trúnaðargögnum til fjölmiðla.

Lunde sagði eftir að dómur féll í gær að með honum hefði unnist „mikill sigur fyrir hið opna samfélag“.

Michael Jørgensen ríkissaksóknari hafði ekki ákveðið hvort hann færi fram á áfrýjun. **- aa**



**SÝKNAÐIR** Blaðamenn Berlingske Tidende, þeir Michael Bjerre, Niels Lunde ritstjóri og Jesper Larsen, ganga frá dómhúsinu í Kaupmannahöfn eftir að dómur féll í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skæð baktería tekin að breiðast út hér

**Illræmda spítalabakterían MÓSA er nú tekin að breiðast út og herja á fólk utan sjúkrahúsa hér á landi. Hún hefur færst í aukana á milli ára. Þessi þróun veldur heilbrigðisyfirvöldum áhyggjum, að sögn Karls G. Kristinssonar yfirlæknis.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Aukin útbreiðsla bakteríunnar MÓSA hér á landi er farin að valda heilbrigðisyfirvöldum áhyggjum, að því er Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítala - háskólasjúkrahúss, segir. Bakterían hefur verið þekkt á sjúkrahúsum hér, en nú er hún farin að herja á fólk sem ekki er í tengslum við sjúkrahús og hefur færst í aukana á milli ára.

„Þessi baktería er gjarnan fjölónæm inni á sjúkrahúsum, en síður þegar hún kemur upp utan þeirra,“ segir Karl. „Utan þeirra er hún engu að síður ónæm fyrir öllum flokkum penisilínlyfja og skyldum lyfjum. Í fyrstu var MÓSA-bakterían nær eingöngu tengd sjúkrahúsum og einstaklingum sem höfðu verið þar inni. Síðan hefur nýgengi hennar aukist utan sjúkrahúsa, eftir því sem það jókst þar inni. Enn er hún einkum tengd einstaklingum sem hafa verið að fara inn og út af sjúkrahúsum, til dæmis öldruðum. Öldrunarstofnanir geta fengið hana inn til sín sem þýðir að erfiðara getur reynst að stöðva útbreiðsluna enda mun erfiðara að beita ströngum sýkingavörnum á öldrunarheimilum heldur en á sjúkrahúsum.“

Karl segir enn fremur að fyrst hafi farið að bera á bakteríunni hjá fólki án tengsla við sjúkrahús á Íslandi á síðasta ári. Á þessu ári hafi tíðnin aukist á sama hátt og gerst hefur á hinum Norðurlöndunum. Hún sé þó enn ekki orðin vandamál utan sjúkrahúsa á Norðurlöndunum. Á mörgum stöðum í Bandaríkjunum, Norður-Ameríku og Kanada sé þessi baktería hins vegar orðin verulegt vandamál úti í þjóðfélaginu.

„Við höfum áhyggjur af því að ónæmið hjá þessum bakteríum komi til með að þróast nokkuð hliðstætt utan spítala og innan. Á sumum stöðum í Bandaríkjunum er tíðni ónæmu stofnanna komin allt upp í 70 prósent og þá er þetta orðið vandamál hvað meðferð varðar. Menn svara þá ekki hefðbundinni meðferð, en geta gengið með sýkinguna, sem fer ef til vill versnandi áður en að hægt er að greina hana réttilega og gefa rétta meðferð.“

Spurður hvernig þessar sýkingar lýsi sér segir Karl að þetta séu oftast húð- og sárasýkingar. Þær geti svo leitt til dýpri ígerða og alvarlegri sýkinga. Þótt langflestar sýkinganna séu tiltölulega meinlausar, þá er rétt að benda læknum á að vera á varðbergi gagnvart þessari þróun og senda sýni í ræktun við slæmar sýkingar og eins ef svörun við meðferð er lítil eða engin. **jss@frettabladid.is**



**KARL G. KRISTINSSON YFIRLÆKNIR** Segir smit MÓSA-bakteríunnar oftast koma fram sem húð- og sárasýkingar. Þær geti svo leitt til dýpri ígerða og alvarlegri sýkinga.



**JOHN BOLTON** Hættir hjá Sameinuðu þjóðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

John Bolton hættir:

## Bush segist vera afar vonsvikinn

**WASHINGTON, AP** John Bolton hættir innan fárra vikna sem sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum þar sem öldungadeild Bandaríkjaþings fæst ekki til þess að staðfesta tilnefningu hans í embættið.

Bolton hefur gegnt embættinu til bráðabirgða í meira en ár samkvæmt tilnefningu frá George W. Bush Bandaríkjaforseta. Hann sagðist í gær „afar vonsvikinn vegna þess að fáeinir bandarískir öldungadeildarþingmenn hafa komið í veg fyrir að Bolton sendiherra hafi þá kosningu sem hann átti skilið í öldungadeildinni“. **- gb**

Bilun í netkerfi Símans:

## Kortafærslukerfið bilaði

**BILUN** Bilun varð í netkerfi Símans sem varð til þess að ekki var hægt að greiða með greiðslukortum í verslunum víðs vegar um Hafnarfjörð á milli klukkan sjö og átta í gærkvöldi.

Helga Kristjánsdóttir, vaktstjóri Krónunnar í Hafnarfirði, segir að nokkur óþægindi hafi skapast vegna þessa og að nokkrir viðskiptavinir hafi skilið kerrur sínar eftir í versluninni vegna bilunarinnar. „Flestir tóku þessu þó vel og við buðum viðskiptavinunum upp á konfekt vegna óþægindanna sem ástandið skapaði.“

Bilunin stóð yfir í tæpa klukkustund. **- hs**

## Lést í umferðarslysi



**ÁSGEIR JÓN EINARSSON**

**Karlmaðurinn sem lést í umferðarslysi á Suðurlandsvegi síðastliðinn laugardag hét Ásgeir Jón Einarsson, til heimilis að Fljótaseli 10 í Reykjavík. Ásgeir Jón var fæddur 1977. Hann var ókvæntur og barnlaus.** **- hs**

## Lést í umferðarslysi



**SVANDÍS ÞULA ÁSGEIRSDÓTTIR**

**Stúlkan sem lést í umferðarslysi á Suðurlandsvegi á laugardaginn hét Svandís Þula Ásgeirsdóttir, fædd 26. febrúar árið 2001. Svandís Þula var til heimilis að Sandavaði 1 í Reykjavík. Foreldrar hennar heita Hrefna Björk Sigurðardóttir og Ásgeir Ingvi Jónsson.** **- hs**

**VIÐSKIPTI**

### Óhagstæð vöruskipti

Útflutningur Íslendinga nam tuttugu milljörðum króna í október og innflutningurinn tuttugu og sjö milljörðum króna. Vöruskiptin voru því óhagstæð um sjö milljarða króna. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Hagstofunnar. Fyrstu tíu mánuði ársins voru fluttar út vörur fyrir rúmlega 193 milljarða króna en inn fyrir rúma 302 milljarða króna. Halli á vöruskiptum við útlönd nam 109 milljörðum en á sama tíma árið áður voru þau óhagstæð um tæpa 82 milljarða.


75.000 KR. GJAFABRÉF

FRÁ SMÁRALIND FYLGIR NÚNA ÖLLUM NOTUÐUM BÍLUM FRÁ INGVARI HELGASYNI




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Nýr meirihluti tekur til starfa á fimmtudaginn í sveitarfélaginu Árborg:

# Fyrrverandi bæjarstjóri fær greidd laun í tólf mánuði

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Stefanía Katrín Karlsdóttir, sem lætur senn af störfum sem bæjarstjóri í Árborg, fær greidd laun í tólf mánuði frá því að hún lætur af störfum. Hún tók við sem bæjarstjóri fyrir um hálfu ári er Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur mynduðu meirihluta í sveitarfélaginu.

Samkvæmt samningi sem hún gerði við sveitarfélagið eru mánaðarlaun hennar um 1.200 þúsund krónur á mánuði. Samtals munu bæjarstjóraskiptin því kosta rúmar fjórtán milljónir.

Ragnheiður Hergeirsdóttir, oddviti Samfylkingarinnar, verður nýr bæjarstjóri í Árborg. Hún segir samhug ríkja hjá fulltrúum Samfylkingarinnar, Framsóknarflokks og Vinstri grænna. „Mér líst vel á þetta samstarf og hef trú á því að við munum standa saman að því að efla sveitarfélagið enn frekar. Ég legg áherslu á að eiga gott samstarf við alla þá sem koma að málefnum sveitarfélagsins. Við munum beita okkur af hörku fyrir því að Suðurlandsvegur verði tvöfaldaður svo dæmi sé tekið.“

Þorvaldur Guðmundsson, oddviti Framsóknarflokksins í sveitarstjórninni, verður forseti bæjarstjórnar en formleg meirihlutaskipti verða á fundi bæjarstjórnar á fimmtudaginn. **- mh**



**RAGNHEIÐUR HERGEIRSDÓTTIR** Vonast eftir góðu samstarfi við samstarfsflokka Samfylkingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/RAGNHEIÐUR



# Tala meira. Borga minna.

**0,00** kr./mín.
Hringt í SKO GSM síma.

**14,90** kr./mín.
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

SMS **4,90** kr.
í alla GSM síma á Íslandi.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**www.sko.is**

SKO býður jafngóða GSM þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

## GENGIÐ 04.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,72 | 68,04 |
| Sterlingspund | 133,98 | 134,64 |
| Evra | 90,1 | 90,6 |
| Dönsk króna | 12,08 | 12,15 |
| Norsk króna | 11,023 | 11,087 |
| Sænsk króna | 9,964 | 10,022 |
| Japanskt jen | 0,5851 | 0,5885 |
| SDR | 102,56 | 103,18 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
123,206

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Geir H. Haarde forsætisráðherra um aðdraganda Íraksmálsins á Alþingi:

# Hefði mátt hafa betra samráð við utanríkismálanefnd

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að við ákvörðun um stuðning íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak í mars 2003 hefði mátt hafa betra samráð við utanríkismálanefnd þingsins. Formenn Samfylkingarinnar og vinstri grænna tóku málið upp í óundirbúnum fyrirspurnum á þinginu og inntu ráðherrann eftir afstöðu hans til málsins í ljósi nýlegrar yfirlýsingar formanns Framsóknarflokksins.



**GEIR H. HAARDE** forsætisráðherra.

Geir H. Haarde ítrekaði fyrri orð sín um að í stuðningnum hafi í fyrsta lagi falist heimild til yfirflugs og lendinga á Keflavíkurflugvelli. Alþingi hafi svo samþykkt 300 milljóna króna fjárveitingu til uppbyggingarstarfs, mannúðar- og neyðaraðstoðar. Hann sagði alltaf hægt að vera vitur eftir á en kvaðst telja að ákvörðunin hafi verið rétt miðað við fyrirliggjandi forsendur. „Hvort síðan hefði mátt hafa meira og betra samráð við utanríkismálanefnd þá er það sjálfsagt rétt að það hefði verið betra og heppilegra að það hefði verið gert en það var sem sagt ekki svo.“

Geir sagðist ennfremur ekki vita betur en að Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra hefðu ennþá heimild til yfirflugs og lendinga á Keflavíkurflugvelli. **- bþs**

Þingmenn Frjálslynda flokksins:

# Segja flokkinn lagðan í einelti

**STJÓRNMÁL** Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, telur forseta Alþingis leggja Frjálslynda flokkinn í einelti. Sigurjón gerði í gær athugasemd í þinginu við að fá ekki að bera upp fyrirspurn til ráðherra og taldi þingflokkum mismunað. Fordæmdi hann vinnubrögð Sólveigar Pétursdóttur forseta sem kippti sér lítið upp við ákúrunar og vísaði ásökunum um óeðlileg vinnubrögð á bug.

Magnús Þór, flokksbróðir Sigurjóns, sagði hann hafa ætlað að spyrja sjávarútvegsráðherra út í sláandi niðurstöður úr stofnmælingu Hafrannsóknastofnunar. **- bþs**

Haraldur Hannes:

# Úr lífshættu

**LÍKAMSÁRÁS** Haraldur Hannes Guðmundsson, sem ráðist var á í Lundúnum 19. nóvember, er kominn úr lífshættu. Hann er byrjaður að svara spurningum með bendingum og virðist átta sig á aðstæðum. Í gær var vonast til þess að hann mætti flytja af gjörgæslu á næstunni.

Enn hefur hann þó ekki tjáð sig munnlega og því margt á huldu um ástand hans, að sögn Harðar Helga Helgasonar, vinar Haraldar.

Fjórir einstaklingar hafa nú verið handteknir vegna máls Haraldar, sem var misþyrmt í Bethnal Green-hverfinu í Austur-Lundúnum. Tveir menn voru handteknir fyrir helgi, annar á fimmtudaginn og hinn á föstudaginn. Þeim var sleppt eftir yfirheyrslur, gegn tryggingu. Lögreglan útilokar ekki að mennirnir hafi komið að ódæðinu.

Talsmaður lögreglunnar er bjartsýnn um að komist til botns í málinu, en segir það munu taka nokkurn tíma að safna saman sönnunargögnum. **- kóþ**

Evrópska lyfjastofnunin:

# Tamiflu veldur ekki geðsýki

**HEILBRIGÐISMÁL Evrópska lyfjastofnunin hefur nýlega komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi tekist með ótvíræðum hætti að tengja alvarlegar geðrænar aukaverkanir hjá börnum við notkun inflúensulyfsins Tamiflu, að því er fram kemur á vefsíðu Lyfjastofnunar.**

**Eins og Fréttablaðið greindi frá nýverið var óttast að Tamiflu hefði geðrænar aukaverkanir. Þær upplýsingar voru þá til skoðunar hjá heilbrigðisyfirvöldum í Evrópu. Eftir niðurstöðu Evrópsku lyfjastofnunarinnar þarf ekki að breyta núgildandi leiðbeiningum til lækna um ávísun Tamiflu, segir Lyfjastofnun.** **- jss**

# Stefna að endurnýjun kjarnorkuvopna

**Breski forsætisráðherrann kynnti í gær tillögu að áætlun um endurnýjun kjarnorkuvopnabúrs Breta. Andstæðingar áformanna, sem einnig eru innan Verkamannaflokksins, vilja fresta ákvörðuninni og framlengja líftíma núverandi flota.**

**BRETLAND, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, kynnti í gær fyrir ríkisstjórn og þingi áform um að endurnýja kjarnorkuvopnabúr landsins. Að mati stjórnmálaskýrenda er þetta eitt síðasta stóra málið sem Blair beitir sér fyrir í stjórnartíð sinni, en hann hefur sagst ætla að hverfa frá völdum næsta sumar.

Breski flotinn á fjóra kjarnorkuknúna kafbáta, sem hver um sig getur borið allt að 16 Trident-kjarnorkuflaugar, en gert er ráð fyrir að taka þessa kafbáta úr umferð ekki síðar en árið 2024.

Þótt sumir þingmenn hafi hvatt stjórnvöld til að framlengja líftíma kjarnorkuvopnaflotans og fresta ákvörðun um endurnýjun hans hefur bæði Blair og Gordon Brown, núverandi fjármálaráðherra sem almennt er búist við að muni taka við af Blair, heitið því að leggja fram stjórnartillögu að endurnýjunaráætlun fyrir lok þessa árs.

Blair lagði til, að kjarnaoddum í kjarnorkuvopnabúri Breta yrði fækkað úr 200 í 160. Hann sagði á þingi að lok Kalda stríðsins færðu enga tryggingu á því að koma mætti í veg fyrir nýja „meiriháttar kjarnorkuhættu“ og vísaði til kjarnorkuáforma Írans og Norður-Kóreu til stuðnings máli sínu.

„Í grundvallaratriðum er hér um að ræða ákvörðun um það hvernig verja á landið,“ sagði talsmaður Blairs í gær. „Í þessu samhengi skiptir ekki aðeins máli að við lifum í óstöðugum heimi, heldur óstöðugum heimi þar sem lönd sem eru fjarri því að vera stöðug lýðræðisríki eru að reyna að verða sér úti um kjarnorkuvopn.“



**KJARNORKUKAFBÁTAR** Breskur kafbátur í höfn í Barrow á Englandi, þar sem nýir kjarnorkukafbátar Breta verða væntanlega smíðaðir að mestu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Í heimahöfn bresku kjarnorkukafbátanna, flotastöðinni Faslane í Skotlandi, mættu í gær um 100 manns til að mótmæla ákvörðun Blairs. Andstæðingar hennar segja að endurnýjun kafbátanna muni kosta allt að 76 milljarða sterlingspunda, andvirði yfir 10.000 milljarða króna. Kate Hudson, oddviti baráttusamtaka gegn kjarnorkuvígvæðingu, sagði að ráðamenn í Íran og Norður-Kóreu myndu túlka ákvörðun Blairs sem staðfestingu á réttmæti eigin kjarnorkuvígvæðingarstefnu.

audunn@frettabladid.is



**HERMENN Á FIJI** Hersveitir afvopnuðu lögregluliðið á Fiji í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óttast um valdarán á Fiji:

# Herinn afvopnaði lögreglu

**FIJI, AP Óttast var að valdarán væri hafið á Fiji-eyjum í gærmorgun, þegar hersveitir komu upp vegatálmum í höfuðborginni Suva og höfu að afvopna lögreglu. Af því varð þó ekki, en ástandið er afar óstöðugt í landinu.**

**Frank Bainimarama, yfirmaður hersins, hefur hótað að steypa Laisenia Qarase forsætisráðherra af stóli því hann sakar hann um spillingu. Einkum er hann reiður yfir nýrri löggjöf þar sem þeim sem stóðu að valdaráni á Fiji-eyjum árið 2000 er veitt sakaruppgjöf.**

**Valdarán hefur þrisvar verið gert á Fiji á síðustu 19 árunum.** **- smk**

## BANDARÍKIN

### Sölutregða hjá Chrysler

Bílaumboð Chrysler í Bandaríkjunum bjóða söluumboðum allt að 7.000 dollurum fyrir hvern bíl sem selst fyrir áramót. Ástæðan er lítil sala bílanna en Chrysler situr nú uppi með meiri birgðir óseldra bíla en nokkru sinni fyrr.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MEIRI JÓLALJÓS** Það birti heldur betur yfir bænum síðustu helgi þegar margir stilltu upp jólaljósunum í gluggann og hengdu utan á hús sín. Þessa dagana er vetrarmyrkrið að ná hámarki og vitað er að myrkrið leggst illa í marga. Því er ráð að sem flestir leggi sitt af mörkum og lýsi upp húsin sín okkur öllum til ánægju og heilsubótar. Næstu daga er von á þokkalegu veðri um allt land, tilvalið til jólaljósauppsetningar.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Norðaustan 5-8 m/s. Bjartviðri. Hiti um frostmark.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C ringning | London | 14°C skúrir | Alicante | 31°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 8°C skúrir | París | 15°C skúrir | Mallorca | 19°C heiðskírt |
| Osló | 6°C skúrir | Frankfurt | 15°C skúrir | Algarve | 20°C skúrir |
| Stokkhólmur | 10°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 12°C léttskýjað | Krít | 16°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 11°C rigning | Berlín | 14°C skúrir | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.





- Þessa dagana eru e-korthafar og e² Vildarkorthafar að fá ávísun með endurgreiðslu sinni, og óskum við þeim hjartanlega til hamingju.

e-kortið og e² Vildarkortið eru einu greiðslukortin sem veita korthöfum endurgreiðslu í beinhörðum peningum. Þeir sem nota e-kortið og e² Vildarkortið geta því fengið umtalsverðar fjárhæðir endurgreiddar á ári hverju.

Ert þú nokkuð að missa af endurgreiðslu?

Yfir 100 milljóna króna ávinningur!

Þú getur sótt um e-kortið á www.ekort.is
og e² Vildarkortið á www.e2.is

ekort
www.ekort.is

e² Vildarkort
www.e2.is

KJÖRKASSINN



**KJÖRKASSINN**

*Á að tvöfalda Suðurlandsveg?*

| | |
|---|---|
| já | 95,8% |
| nei | 4,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Bakar þú smákökur fyrir jólin?*

segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Samgönguráðherra stefnir að tvöföldun Suðurlandsvegar á fjórum árum:

# Verstu kaflarnir lagaðir strax

**STJÓRNMÁL** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir það stefnu sína að tvöfalda Suðurlandsveg. Jafnframt séu í undirbúningi aðgerðir til að bæta umferðaröryggi á veginum, í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um milljarðs króna framlag til umferðaröryggisframkvæmda á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi.

„Stefnan er tvöföldun," segir Sturla en bendir á að slík framkvæmd taki um fjögur ár og kosti 5-7 milljarða króna. Það sé því á endanum undir Alþingi komið hvort peningar fáist til verksins. „Ég tel óhjákvæmilegt að gera það sem við getum til að aðskilja akstursstefnur og breikka veginn þar sem það er hægt á sama tíma og við vinnum að því að tvöfalda allan veginn."



**STURLA BÖÐVARSSON** samgönguráðherra.

Til athugunar er hvort ráðast ber í tvöföldun Suðurlandsvegar undir formerkum einkaframkvæmdar eða með hefðbundnum hætti. Einkaframkvæmd gæti orðið til að hraða verkinu en hún sé dýrari.

Sturla segir verkfræðiúttekt Línuhönnunar sýna að afkastageta og öryggi svonefnds 2+1 vegar sé nægileg til næstu ára en krafa margra, meðal annars sveitarstjórnarmanna, sé tvöföldun. Hann sé sama sinnis. -bþs

Heilbrigðisráðherra:

# Vill höfða til siðferðis lækna

**STJÓRNMÁL** Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir mikilvægt að sjúklingar og aðrir geti treyst því að ekki séu hagsmunatengsl milli geðlækna og lyfjafyrirtækja.

Hjálmar Árnason Framsóknarflokki gerði slík tengsl að umræðuefni á Alþingi í gær vegna frétta Morgunblaðsins af aðkomu lyfjafyrirtækis að jólafundi Geðlæknafélagsins. Sagði hann mikilvægt að línur væru hreinar þar sem miklir hagsmunir væru í húfi.

Siv tók undir hvert orð og sagði mikilvægt að skorið væri á öll slík hagsmunatengsl. - bþs




# Akstursstefnur verði aðgreindar sem fyrst

**Það á að vera forgangsmál að tvöfalda Suðurlandsveg, segir bæjarstjórinn í Hveragerði. Nauðsynlegt að aðgreina akstursstefnur á vegunum í grennd við höfuðborgarsvæðið. Spurning um forgangsröðun, segir vegamálstjóri.**

**SAMGÖNGUR** „Það er lykilatriði að aðgreina akstursstefnur á umferðaræðunum í grennd við höfuðborgarsvæðið, hvort sem það er með tvöföldun eða öðrum lausnum," segir Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hafa 54 látið lífið í umferðarslysum á Suðurlandsvegi frá árinu 1972.

Ung stúlka og tæplega þrítugur maður létust í hörðum árekstri tveggja bíla á Sandskeiði síðastliðinn laugardag en átta ára gamall drengur slasaðist alvarlega í árekstrinum. Hann dvelur nú á Barnaspítala Hringsins en líðan hans er stöðug.

Ágúst segir nauðsynlegt að vinna hratt og vel að aðgreiningu akstursstefna á helstu umferðaræðum í grennd við höfuðborgarsvæðið. „Það hefur verið sjónarmið nefndarinnar, allt frá því árið 2001, að það sé nauðsynlegt að aðgreina akstursstefnur á Suðurlandsvegi, Vesturlandsvegi og Reykjanesbraut. Það er lykilatriði að aðgreina akstursstefnur hvort sem það verður gert með tvöföldun eða öðrum lausnum. Það þarf að flýta þessum framkvæmdum eins og kostur er en að lokum er þetta alltaf spurning um pólitískan vilja ráðamanna og forgangsröðun þeirra."

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hverwagerði, telur stjórnvöld þurfa að bregðast tafarlaust við tíðum umferðarslysum með róttækum samgöngumúrbótum. „Það er samstaða meðal Sunnlendinga um að það sé forgangsmál að tvöfalda Suðurlandsveg. Ég furða mig á þeim ummælum [Jóns Rögnvaldssonar] vegamálastjóra að óþarft sé að tvöfalda Suðurlandsveg.

Allar upplýsingar benda til þess að nauðsynlegt sé að tvöfalda veginn. Þegar ákvörðun var tekin um að tvöfalda Reykjanesbraut var umferð þar minni en hún mælist nú um Suðurlandsveg. Á þeim forsendum finnst mér sérkennilegt að halda því fram að umferð á Suðurlandsvegi sé ekki nægilega mikil svo að réttlætanlegt sé að ráðast í tvöföldun vegarins."



**FRÁ SLYSSTAÐ Á SUÐURLANDSVEGI** Margir harðir árekstrar hafa orðið á Suðurlandsvegi á undanförnum þremur áratugum. 54 hafa látið lífið í umferðarslysum á veginum síðan árið 1972.

Jón Rögnvaldsson segir stjórnmálamenn ráða för en þeirra verk sé vandmeðfarið. „Stjórnmálamenn ráða för í þessu eins og öðru þegar kemur að vegaframkvæmdum. Það er í þeirra höndum að ákveða hvernig fé er varið og í hvaða framkvæmdir á að ráðast á hverjum tíma. Ég er auðvitað hlynntur því að auka öryggi á vegum landsins sem allra mest. En grundvallaspurningin er þessi: hvenær er verið að auka umferðaröryggi og hvenær hættir maður að fá eitthvað fyrir viðbótarkostnaðinn? Þetta er viðkvæmur málaflokkur og það þurfa allir, sem að honum koma, að vanda til verka." magnush@frettabladid.is



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR** Krefst úrbóta strax.



**JÓN RÖGNVALDSSON** Vandmeðfarið verkefni.



**ÁGÚST MOGENSEN** Aðgreining akstursstefna nauðsynleg.

## SLYS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

| | Reykjanesbraut | | | | Suðurlandsvegur | | | | Vesturlandsvegur | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Banasl. | Alvarleg sl. | Látnir | Alvarlega sl. | Banaslys | Alvarleg sl. | Látnir | Alvarlega sl. | Banasl. | Alvarleg sl. | Látnir | Alvarlega sl. |
| 1997 | 0 | 6 | 0 | 8 | 0 | 2 | 0 | 2 | 1 | 6 | 2 | 8 |
| 1998 | 0 | 9 | 0 | 14 | 2 | 4 | 2 | 5 | 3 | 8 | 3 | 16 |
| 1999 | 2 | 10 | 2 | 16 | 0 | 8 | 0 | 12 | 1 | 6 | 1 | 6 |
| 2000 | 3 | 5 | 5 | 9 | 1 | 5 | 1 | 5 | 2 | 4 | 4 | 8 |
| 2001 | 1 | 5 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 6 | 2 | 4 | 3 | 4 |
| 2002 | 1 | 6 | 1 | 6 | 2 | 7 | 2 | 16 | 2 | 4 | 2 | 6 |
| 2003 | 4 | 1 | 5 | 2 | 1 | 4 | 1 | 9 | 2 | 3 | 2 | 3 |
| 2004 | 1 | 2 | 1 | 4 | 1 | 6 | 1 | 10 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| 2005 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 4 | 1 | 6 | 0 | 2 | 0 | 4 |
| 2006 | 0 | 6 | 0 | 6 | 1 | 3 | 0 | 4 | 2 | 4 | 3 | 8 |
| **Samtals** | **12** | **50** | **15** | **72** | **12** | **48** | **12** | **75** | **16** | **42** | **21** | **64** |









www.toyota.is




# Núna geturðu fengið árgerð 2005 af Yaris frá 11.656 krónum á mánuði*.

Þetta er verð sem sést ekki allt árið um kring
og því vissara að koma í heimsókn fyrr en síðar.

Opið virka daga frá kl. 9 til 18.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 35215 12/06

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða rithöfundur er tilnefndur til ítalskra verðlauna fyrir skáldsöguna Svaninn?*
2. *Í leiðara hvaða dagblaðs voru Íslendinga harðlega gagnrýndir?*
3. *Hver varð efstur í forvali VG á höfuðborgarsvæðinu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Formaður menntamálanefndar óttast ekki að RÚV-lög brjóti gegn samkeppnislögum:

# Tel að við séum á þurru landi

**STJÓRNMÁL** Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis, óttast ekki að frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. brjóti gegn samkeppnislögum.

Samkeppniseftirlitið telur frumvarpið fela í sér samkeppnislega mismunun og í áliti til menntamálanefndar eru lagðir til tveir kostir til að sneiða hjá henni. Annars vegar að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði og hins vegar að fyrirtækið haldi úti sérstakri rás eða rásum er aðeins njóti auglýsingatekna en ekki skatttekna.



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

Sigurður Kári segir að nefndin hafi farið yfir álitið. „Samkeppniseftirlitið leggur til tvær leiðir. Önnur er að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði en það var ekki tekið tillit til þess þar sem það stendur ekki vilji til þess á Alþingi. Hin mælir fyrir um að í raun verði reknar tvær stöðvar. Það er ekki markmiðið að rásum RÚV fjölgi.“

Sigurður Kári segir að auk Samkeppniseftirlitsins hafi einkamiðlarnir, Viðskiptaráð, Blaðamannafélagið og fleiri krafist þess að ríkið hverfi af auglýsingamarkaði eða að auglýsingatekjurnar verði takmarkaðar. Komið sé til móts við þau sjónarmið með takmörkunum. „Svo má alltaf deila um hvort ganga hefði átt lengra. Ég hef viðurkennt að ég hefði viljað ganga lengra en þetta var það samkomulag sem náðist og þar við situr.“

Og Sigurður hefur ekki áhyggjur af því að RÚV-lögin brjóti gegn samkeppnislögum. „Nei. Ég tel að við séum á þurru landi hvað það varðar. Ef ég hefði haft slíkar áhyggjur hefði ég ekki skrifað undir þessar tillögur. Þar fyrir utan eru þetta sérlög sem ganga framar almennum lögum,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson. - bþs

Veður í nóvember:

# Illviðri tíð

**VEÐUR** Illviðri voru óvenju tíð í nóvembermánuði og í kuldakastinu sem kom um miðjan mánuðinn fór frostið niður í -13,6°C í Reykjavík og -15,2°C á Akureyri. Þrátt fyrir það mældist meðalhitinn í Reykjavík 0,1°C yfir meðaltali en á Akureyri fór meðalhitinn 0,7°C undir.

„Nóvembermánuður hefur verið einkar óhagstæður í veðurfarslegu tilliti ef á heildina er litið,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur á veðurstofu Stöðvar 2.

Hvassast var á landinu hinn 5. nóvember en þá mældist tíu mínútna meðalvindhraði 44,9 m/s á Gagnheiðarhnúki og vindhviður sem mældust 56,8 m/s. - áp

Hádegisfundur í háskólanum:

# Umræða um óvini ríksins

**ÖRYGGISMÁL** Fátt er meira rætt um á Íslandi dag en hleranir íslenskra stjórnvalda á tímum kalda stríðsins. Spurningin er hvort fólkið sem var hlerað hafi ógnað öryggi ríkisins.



GUÐNI TH. JÓHANNESSON

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, Einar Kr. Guðfinnsson, alþingismaður og ráðherra, og Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi ráðherra og gestakennari við stjórnmálafræðiskor H.Í., munu ræða þessa spurningu á opnum hádegisfundi stjórnmálafræðiskorar og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála á miðvikudaginn. Fundurinn fer fram í Öskju, náttúrufræðahúsi háskólans, klukkan 12 til 13.15. - ifv

## ÍSAFJÖRÐUR

**Pólskukennsla í skólanum**

Í grunnskólanum á Ísafirði eru um 30 pólskir nemendur. Nú hefur verið ráðinn kennari við skólann sem kennir þessum hópi pólsku en bæjaryfirvöld kosta kennsluna.

# RÚV-frumvarpið stangast á við samkeppnislög

**Páll Gunnar Pálsson segir frumvarp um RÚV ohf. ganga gegn samkeppnislögum. Sérlög, sem lögð eru til með frumvarpi um RÚV ohf., ganga framar samkeppnislögum. Stöðugt verið að láta reyna á tengsl sérlaga og almennra laga.**

**STJÓRNMÁL** Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir frumvarpið um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins, sem afgreitt hefur verið út úr menntamálanefnd og bíður efnismeðferðar á Alþingi, stangast á við samkeppnislög.

„Löggjafinn getur ákveðið að RÚV skuli vera þátttakandi á auglýsingamarkaði og tekur þá ákvörðun, vitandi það, að RÚV geti búið til eftirsóknarvert efni á grundvelli ríkistekna sem síðan eykur áhorf eða hlustun og þar með styrkir stöðu Ríkisútvarpsins sem auglýsanda.“

Páll Gunnar segir þessa stöðu stríða gegna meginstoð samkeppnislaganna. „Þessi staða skekkir samkeppnisstöðuna gagnvart keppinautunum sem ekki hafa ríkistekjurnar. Samkeppniseftirlitið verður að taka tillit til þess að löggjafinn hefur ákveðið að fara þessa tilteknu leið sem hann velur en okkur ber skylda til þess að vekja athygli á því ef lögin eru ekki í takt við markmið samkeppnislaganna, eins og í þessu tiltekna tilfelli. En ákvörðun um takmörkun á auglýsingum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, er til bóta þó hún gangi ekki eins og langt og við leggjum til.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær skilaði Páll Gunnar inn áliti til menntamálanefndar þar sem hann sagði frumvarp um hlutafélagavæðingu RÚV fela í sér „samkeppnislega mismunun“. Hann sagði tvo kosti koma til greina ef koma ætti í veg fyrir mismununina, að RÚV hverfi alfarið af auglýsingamarkaði og hins vegar að starfi RÚV á auglýsingamarkaði þá „fari sú starfsemi fram á vegum sérstakra hljóð- og sjónvarpsstöðva eða -rása sem alfarið verði fjármagnaðar með auglýsingatekjum,“ til að tryggja að samkeppnisstarfsemi RÚV sé ekki niðurgreidd með skattfé.



**HÖFUÐSTÖÐVAR RÍKISÚTVARPSINS** Samkvæmt frumvarpi um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins er gert ráð fyrir að kostunarþáttur auglýsingatekna verði áfram sá sami og hann er nú, um tíu prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON** Segir breytingar á frumvarpi um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins til bóta.

Páll Gunnar segir sérlög, eins og þau sem lögð eru til með frumvarpi um hlutafélagavæðingu RÚV, ganga framar samkeppnislögum en tekur fram að félög á markaði séu stöðugt að láta reyna á tengsl sérlaga og almennra laga. „Það er stöðugt verið að láta reyna á tengsl sérlaga og almennra laga í okkar starfi, meðal annars fyrir áfrýjunarnefndum og dómstólum, ef svo ber undir.“

Samkvæmt frumvarpinu, sem bíður meðferðar á Alþingi, verður áfram bannað að selja auglýsingar á ruv.is auk þess sem lagt er til að kostunarþáttur auglýsingatekna verði sá sami og hann er nú, um tíu prósent. magnush@frettabladid.is






Rannsókn á offitu barna:

# Breiðholtið kemur verst út í könnun

**HEILBRIGÐISMÁL** Niðurstöður úr nýjum rannsóknum á þyngd barna á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 6 til 14 ára benda til þess að tengsl séu á milli offitu barna og félagslegrar stöðu foreldra þeirra.

Tíðni offitu er hærri í hverfum þar sem menntunarstig foreldra barna er lágt en í hverfum þar sem menntunarstig er hærra.

Skólar í Breiðholtinu, Kópavoginum og Árbænum koma verst út, með tíðni offitu um og yfir 30 prósent, en skólar í Hlíðahverfi, Fossvogi, Seltjarnarnesi og Grafarvogi koma best út, með tíðni offitu á milli 13 og 14 prósent.

Hægt er að skoða niðurstöðurnar á vefsíðu Heilsugæslunnar í Reykjavík, www.heilsugaeslan.is. - ifv




NÓATÚN
í 40 ár
Allt konfekt
með 40% afslætti
í dag!
Konfekt
Mackintosh's
Quality Street
Celebrations
After Eight
Gull molar
Roses
Anthon Berg
Quality Street
karamellu molar
Roses
1.5KG
After Eight
After Eight
VISA
Tvöfaldir Vildarpunktar
í desember
Verði ykkur að góðu!



**DRENGUR DANSAR** Þessi káti piltur gat ekki stillt sig um að taka nokkur dansspor á mótmælafundi í Bangladess um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Guðmundur Gunnarsson formaður Rafiðnaðarsambandsins:

# Vinnutíma þarf að skilgreina

**VINNUMARKAÐUR** Fastlaunasamningar verða stöðugt algengari, einnig hjá háskólamönnum. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, þekkir fastlaunasamningana vel því um fjörutíu prósent rafiðnaðarmanna eru á einhvers konar fastlaunasamningum. Hann segir að reynslan sé góð ef rétt sé staðið að þessum samningum.

„Við brýnum fyrir fólki að það sé vel skilgreint hvað sé innifalið í fastlaunasamningi. Fólk hefur flaskað á því að skilgreina vinnutímann. Fyrirtækin hafa því litið svo á að þau eigi starfsmennina með húð og hári og geti látið þá vinna eins og þeim sýnist án þess að borga aukalega. Það er stærsti feillinn.“ Fastlaunasamningar voru til umræðu á málþingi á vegum BHM nýlega. Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri BHM, segir að tilhneiging sé í þessa átt hjá viðsemjendum háskólamanna. „Við leggjum áherslu á það að okkur finnst eðlilegt að hver og einn fái borgað fyrir sína dagvinnu og svo þá yfirvinnu sem hann vinnur,“ segir hann en telur fastlaunasamninga koma til greina ef útfærslan sé góð. Til dæmis geti menn samið um að fastlaunasamningur feli í sér tuttugu tíma í yfirvinnu að jafnaði. Ef unnið sé meira en það beri að greiða fyrir þá vinnu. - ghs




**FASTLAUNASAMNINGAR** Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að reynslan af fastlaunasamningum sé góð ef rétt sé að þeim staðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kærður fyrir líkamsárás:

# Meiddi sambýliskonu sína illa

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn í Kópavogi hefur ákært karlmann fyrir að leggja hendur á þáverandi sambýliskonu sína. Maðurinn tók konuna kverkataki, greip um upphandleggi hennar og hristi hana með þeim afleiðingum að hún bólgnaði og hlaut húðblæðingar aftan á hálsi og barka, auk marbletta á handleggjum og þreifieymsla á brjósti.

Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar og fer sambýliskonan þess á leit að hann verði dæmdur til að greiða henni skaðabætur með vöxtum og dráttarvöxtum. Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness. - ifv





GRÆNI KROSSINN

## Er hægt að skapa slysalausan vinnustað?

Fimmtudaginn 7. desember efnir Græni krossinn til sinnar fyrstu ráðstefnu um öryggis- og heilbrigðismál á vinnustöðum og í samfélaginu. Græni Krossinn eru samtök sem hafa það stefnumið að stuðla að auknu öryggi og heilbrigði á vinnustöðum og í samfélaginu.

Leitast verður við að svara spurningum um hvort og hvernig við getum aukið árangur okkar í heilbrigðis- og öryggismálum þannig að starfsfólk skili sér ávallt heilt heim.

Ráðstefnan er haldin á Hótel Nordica
í sal A og B og stendur frá kl. 9:00 til 16:00.
Fundarstjórar eru *Ármann Kr. Ólafsson*, forseti bæjarstjórnar í Kópavogi og *Stefanía Katrín Karlsdóttir*, bæjarstjóri Árborgar.

DAGSKRÁ:

8:30-9:00 Morgunverður/Skráning
*Magnús Stefánsson*, félagsmálaráðherra
*Gestur Pétursson*, kynnir Græna krossinn
*Eyjólfur Sæmundsson*, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins
*Anna Elísabet Ólafsdóttir*, forstjóri Lýðheilsustöðvar
*Margrét Guðmundsdóttir*, forstjóri Icepharma
*Þorbjörn Guðmundsson*, framkvæmdastjóri Samiðnar
*Kevin Berg*, aðstoðarforstjóri Bechtel International
*Árelía Eydís Guðmundsdóttir*, lektor í viðskipta- og hagfræðid. HÍ
*Warren McKenzie*, verkefnisstjóri framkvæmda hjá Alcoa
*Joe Wahba*, framkvæmdastjóri Fjarðaálsverkefnisins
*Andy Cameron*, staðarstjóri Fjarðaálsverkefnisins
*Tómas Már Sigurðsson*, forstjóri Alcoa á Íslandi
Pallborðsumræður

*Ráðstefnan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir og þátttakendum að kostnaðarlausu. Boðið verður upp á hádegisverð.*

*Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á skraning@inpro.is fyrir miðvikudaginn 6. desember.*


# Breska lögreglan á leiðinni til Moskvu

**Fyrrverandi KGB-njósnari sagður höfuðpaurinn í morðunum á Önnu Politskovskaju og Alexander Litvinenko. Litvinenko sjálfur sakaður um að hafa ætlað að kúga fé út úr rússneskum njósnurum og kaupsýslumönnum.**

**LUNDÚNIR** Hópur breskra lögreglumanna er á leiðinni til Moskvu í tengslum við rannsóknina á láti Alexanders Litvinenko. Breska lögreglan hefur opinberlega farið fram á aðstoð frá lögreglunni í Rússlandi og aðalsaksóknari Rússa hefur heitið því að veita alla aðstoð sem hægt er.

Bresku lögreglumennirnir ætla meðal annars að ræða á Moskvu við þrjá Rússa sem hittu Litvinenko í Lundúnum 1. nóvember, daginn sem hann veiktist af völdum geislavirka efnisins pólón-210. Þeir neita allir að hafa byrlað honum eitrið.

Þá hefur Michael Trepashkin, fyrrverandi njósnari sem situr í fangelsi í Rússlandi, beðið bresku lögregluna um að ræða við sig. Hann segir líf sitt í hættu, en jafnframt segist hann búa yfir mikilvægum upplýsingum í málinu.

Ítalski fræðimaðurinn Mario Scaramella, sem einnig hitti Litvinenko í London 1. nóvember, reyndist sömuleiðis vera með geislavirka efnið pólón 210 í líkama sínum og þótt hann kenni sér einskis meins núna getur hann búist við því að fá krabbamein síðar á ævinni.

Á fundi þeirra í London afhenti Scaramella Litvinenko minnisblað þar sem því er haldið fram að morðið á blaðakonunni Önnu Politkovskayu sé runnið undan rifjum fyrrverandi KGB-manns, Valentins Velichko, og samtaka sem hann stýrir og eru tengd rússnesku leyniþjónustunni FSB. Þessi samtök, sem nefnast Virðing og heiður, hafi jafnframt haft uppi áform um að koma bæði Litvinenko og Scaramella fyrir kattarnef. Breska dagblaðið Daily Telegraph skýrði frá þessu nú um helgina.



**VALENTIN VELICHKO** Fyrrverandi KGB-njósnarinn sem sakaður er um að bera ábyrgð á dauða Önnu Politkovskayu og Alexanders Litvinenko. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ekkert er þó vitað hvað hæft er í þessum ásökunum, frekar en ásökunum Litvinenkos á dánarbeði um að Vladimír Pútín Rússlandsforseti bæri sjálfur ábyrgð á því að eitrað hefði verið fyrir sér.

Velichko og samtök hans, Virðing og heiður, njóta töluverðrar virðingar í Rússlandi og Velichko átti á sínum tíma þátt í að fá hollenskan lækni, Arjan Erkel, lausan úr haldi mannræningja í Dagestan árið 2002.

Þá birtist á sunnudaginn í breska dagblaðinu Observer yfirlýsing frá Júlíu Svetliknaju, rússneskum fræðimanni sem átti langt viðtal við Litvinenko fyrr á árinu, þar sem hún fullyrðir að Litvinenko hafi sagst ætla að nota upplýsingar sem hann hefði undir höndum til þess að kúga fé út úr rússneskum njósnurum og kaupsýslumönnum.

gudsteinn@frettabladid.is

Fyrstu jólapakkarnir undir tré:

# Söfnun fyrir bágstödd börn

**LÍKNARMÁL** Jólapakkasöfnun fyrir bágstödd börn hófst með formlegum hætti á sunnudaginn þegar Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra tendraði ljós á jólatré Kringlunnar að viðstöddu fjölmenni.

Hefð hefur skapast fyrir því hjá landsmönnum að kaupa gjöf og pakka henni inn og skilja eftir undir trénu, sem er staðsett á jarðhæð Kringlunnar. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Fjölskylduhjálp Íslands sjá til þess að pakkarnir komist til þeirra sem þurfa aðstoð um jólin. - rve



**SÖFNUN** Landsmenn geta sett jólagjafir handa börnum undir tréð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Bílslys í Reykhólasveit:

# Lenti 50 metrum utan vegar

**LÖGREGLUMÁL** Hjón á fimmtugsaldri lentu í bílslysi á móts við bæinn Klukkufell í Reykhólasveit um klukkan þrjú á sunnudaginn. Að sögn lögreglunnar í Búðardal var mikil hálka á veginum og missti ökumaðurinn stjórn á bílnum sem lenti utan vegar.

Bíllinn valt nokkra hringi og endaði um 50 metra frá veginum. Hjónin voru flutt á slysadeild í Reykjavík eftir slysið en eru ekki alvarlega slösuð. Bíllinn er gjörónýtur eftir.

Að sögn lögreglunnar í Búðardal komu bílbelti í veg fyrir að meiðsli hjónanna urðu ekki meiri eða alvarlegri. -ifv


KB BANKI ÚTNEFNDUR
BESTI BANKI ÁRSINS Á ÍSLANDI 2006
Hvatning til dáða!
The Banker
Bank of the Year 2006
Iceland
Alþjóðlega fjármálatímaritið The Banker hefur útnefnt KB banka sem besta banka ársins á Íslandi árið 2006. Þetta er þriðja árið í röð sem bankanum hlotnast þessi heiður. Valið er okkur hvatning til frekari dáða í daglegu samstarfi við stóran hóp traustra og kröfuharðra viðskiptavina. Frá þeim hópi fáum við þá viðurkenningu sem ávallt mun skipta okkur mestu máli og við erum þakklát fyrir þann mikla fjölda nýrra viðskiptavina sem leitað hefur til bankans á árinu sem brátt er að baki.
KB BANKI



**Í GEGN UM TENNISSPAÐANN** Þessi Ástrali sýndi listir sínar, sem eru að smokra sér í gegnum tennisspaða, á hátíð götulistamanna í Kúala Lúmpúr í Malasíu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsvert hlýrra víðast hvar í Evrópu en í meðalári:

# Mun minni snjór en í fyrra

**VEÐURFAR** Töluvert minni snjór virðist vera á skíðasvæðum í Evrópu en var í fyrra og sum svæðin verða lokuð skíðamönnum lengur en til stóð. Tindar fjallanna eru flestir hvítir, en hlíðarnar grænar. Hlákan nær upp í 2.000 metra.

Trausti Jónsson hjá Veðurstofu Íslands staðfesti þetta í gær, en spáði þó snjókomu með helginni. Trausti benti enn fremur á að spáð væri frosti í Sviss eftir helgina. Samt sem áður mætti búast við áframhaldandi hlýindum í Evrópu, almennt séð. Trausti telur ekki ástæðu fyrir jólaferðalanga til að hafa sérstakar áhyggjur af snjóleysinu, því allt geti þetta breyst á einum degi.

Lilja Jónsdóttir hjá Úrvali-Útsýn tekur í sama streng og bendir á að skíðasvæðin séu í 1.200 metra hæð. Hún láti ekki snjóleysi raska ró sinni fyrr en nær dragi jólum, til að mynda um miðjan mánuðinn. „Þetta verður vonandi allt í lagi,“ sagði hún í gær.

Samkvæmt gervihnattamyndum frá Veðurstofunni er einnig minni snjór víðast hvar í Bandaríkjunum en var í fyrra, en þó er þar meiri snjór en í Evrópu. - kóþ



**KÍNVERSK KONA Á SPANI** Kannski verður meiri snjór í kringum Peking en í Alpafjöllunum í vetur? FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ökumaður fólksbíls slasaðist:

# Árekstur á Vesturlandsvegi

**LÖGREGLUMÁL** Fólksbíll og vörubíll lentu í árekstri á Vesturlandsvegi, til móts við bifreiðaskoðunina Frumherja, um áttaleytið á mánudagsmorgun. Ökumaður vörubílsins ætlaði að taka fram fram úr fólksbílnum en keyrði utan í hliðina á honum. Fólksbíllinn lenti utan vegar. Ökumaður fólksbílsins slasaðist í árekstrinum og var fluttur á slysadeild. Hann er ekki mikið slasaður. Fólksbíllinn var fjarlægður af slysstað með krana og er hann mikið skemmdur. Ökumann vörubílsins sakaði ekki í árekstrinum. - ifv

Lækkun matarskatts:

# Áfengisgjaldið verði rætt sér

**STJÓRNMÁL** Áhrif lækkunar virðisaukaskatts á áfengi og hækkun áfengisgjalds á móti verða rædd sérstaklega á vettvangi fjármálaráðuneytisins.



**ÁRNI M. MATHIESEN** fjármálaráðherra.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sagði við umræður á Alþingi í gær um lækkun virðisaukaskatts á matvælum að breytingarnar hefðu valdið talsverðri ólgu og rétt væri að fara nánar yfir málið.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis mun því ekki taka tillit til þess hluta frumvarpsins í meðförum sínum. - bþs

Óttast að þúsund manns hafi farist þegar fellibylurinn Durian reið yfir:

# Íslendingar aðstoða á Filippseyjum

**NEYÐARHJÁLP** Óttast er að ríflega eitt þúsund manns hafi farist þegar fellibylurinn Durian reið yfir Filippseyjar aðfaranótt föstudags. Sólveig Þorvaldsdóttir verkfræðingur lagði af stað í gær á vegum Rauða krossins til að vinna að uppbyggingu á svæðinu.

„Rauði krossinn er mjög stór og fjölbreytt samtök sem sinna margs kyns verkefnum, neyðaraðstoð þar á meðal. Þegar hamfarir verða, líkt og urðu á Filippseyjum, þá kemur alls konar fólk frá Rauða krossinum á svæðið og er mikilvægt að samhæfa þetta nýja afl sem er að koma. Ég verð í teymi sem er sérstaklega sent til þess að samhæfa störf þessara aðila,“ sagði Sólveig, sem var á leiðinni út á Keflavíkurflugvöll meðan hún talaði við Fréttablaðið.

Starfsfólk Rauða krossins hefur verið við störf á Filippseyjum síðan veðurofsinn gekk yfir miðbik eyjaklasans, en samt sem áður bíður Sólveigar og félaga hennar mikið starf.

Fellibylnum fylgdu gríðarlegar aurskriður og gróf ust heil þorp á eyjunni Luzon undir eins og hálfs metra djúpri leðju þegar veðurofsinn gekk yfir miðbik eyjaklasans.



**SÓLVEIG ÞORVALDSDÓTTIR** Hélt til Filippseyja í gær til að vinna þar að uppbyggingarstarfi.

Talið er að um 40.000 manns hafi misst heimili sín og í gær höfðu 450 fundist látnir, 507 voru slasaðir og 599 var enn saknað, samkvæmt opinberum tölum. Yfirvöld gerðu ekki ráð fyrir að finna fleiri á lífi.

„Á þessari stundu, ekki lengur. Því miður,“ sagði Juan Garcia, borgarstjóri borgarinnar Guinobatan sem er í rústum eftir ofviðrið.

Gloria Macapagal Arroyo forseti lýsti yfir neyðarástandi á sunnudag, svo að auðveldara væri fyrir ríkisstjórnina að deila út fé sem ætlað er til neyðarhjálpar.

„Sólveig mun stjórna dreifingu hjálpargagna og verður að störfum með neyðarteymi Rauða krossins í um það bil einn mánuð,“ segir í tilkynningu frá Rauða krossinum um för hennar. Filippseyski Rauði krossinn hefur sagt að nauðsynlegt sé að koma hreinu drykkjarvatni, mat, teppum og segldúkum sem allra fyrst til þeirra sem lifðu óveðrið af. Durian, sem er fjórði fellibylurinn sem skellur á Filippseyjum síðan í lok september, færði sig til Víetnams í gærkvöldi, þar sem tugþúsundir yfirgáfu heimili sín og flúðu í neyðarskýli. smk@frettabladid.is


TÆKNI OG VIT 2007

FAGSÝNING TÆKNI- OG ÞEKKINGARIÐNAÐARINS

**Íslensk hátækni í fremstu röð**

Við kynnum einn stærsta viðburð í tækni- og þekkingariðnaði á Íslandi: Stórsýninguna **Tækni og vit 8.-11. mars 2007, í Fífunni, Kópavogi.** Sýningin verður opin fyrir fagaðila 8. og 9. mars og einnig opin almenningi helgina 10. og 11. mars.

**Einstakt tækifæri fyrir þína starfsemi**

Meðal þátttakenda verða tölvu- og upplýsingatæknifyrirtæki, fjarskiptafyrirtæki, fyrirtæki í líf- og lyfjatækni og mörg öflugustu iðntæknifyrirtæki landsins. Að auki munu menntastofnanir, ráðgjafa- og fjármálafyrirtæki og ýmsar opinberar stofnanir taka þátt.

**Spennandi viðburðir**

Fjölmargir viðburðir verða haldnir í tengslum við stórsýninguna Tækni og vit. Meðal annars verður UT-dagurinn haldinn 8. mars á vegum forsætis- og fjármálaráðuneyta.

**Skipuleggjendur**

AP sýningar standa að Tækni og vit 2007. Starfsmenn fyrirtækisins hafa margra ára reynslu í skipulagningu stærri og smærri viðburða.

**Kynntu þér málið á www.taekniogvit.is eða í síma 511 1230.**

Um **60%** sýningarrýmis selt - bókaðu strax!

AP.

www.taekniogvit.is

Tryggðu þér svæði – bókaðu strax!

samstarfsaðilar

Forsætisráðuneyti

Fjármálaráðuneyti

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

SI Samtök iðnaðarins

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

Orkuveita Reykjavíkur

TM Software

AP almannatengsl / H2 hönnun

# Ótrúlegt verð

## á skóm fyrir alla fjölskylduna



**Skór**
svartir st. 30-39
2.999 kr



**Sportskór**
svartir, brúnir, st. 28-35
2.999 kr

TILBOÐ



**Stígvél**
svört, brún, st. 28-35
2.999 kr
Verð áður 3.999.-

TILBOÐ



**Stígvél**
svört, drapp, st. 23-30
1.999 kr
Verð áður 2.999.-



Fæst eingöngu í Kringlu, Smáralind og Skeifu

**Veski**
rauð, svört
verð frá 1.499 kr

TILBOÐ



**Stígvél**
brún, st. 36-41
3.999 kr
Verð áður 4.999.-



**Stígvél**
svört, st. 36-42
3.999 kr



**Stígvél**
svört, st. 36-42
3.999 kr



**Skór**
svartir, st. 40-46
4.999 kr



**Skór**
svartir, st. 35-46
2.999 kr

TILBOÐ

ekta leður



**Skór**
svartir, brúnir, st. 40-46
5.999 kr
Verð áður 6.999.-

TILBOÐ

ekta leður



**Gönguskór**
brúnir, st. 36-46
6.999 kr
Verð áður 7.999.-



**Barnainniskór**
margir litir, st. 19-28
verð frá 999 kr



**Barnainniskór**
margir litir, st. 19-28
verð frá 999 kr



**Herrainniskór**
margir litir, st. 40-46
verð frá 999 kr



**Dömuinniskór**
margir litir, st. 36-41
verð frá 999 kr

Gildir til 10. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

Vnr. 88949776-7

**Hreindýr**

Kristals hreindýr 30 ljósa, 28x10x45 eða 30x10x35 cm.

**1.990**

~~3.490~~



Vnr. 88903024

**Útisería**

útisería, grílukerti, hvít, 170 cm, 90 ljósa.

**1.290**

~~2.990~~





**690**

~~964~~

Vnr. 88901112-3

**Gluggaskraut**

Jólasveinn, 35 ljósa með glærum eða mislitum perum.



Vnr. 49800208

**Jólasveinn**

Jólasveinn með ljósi.

**1.590**

~~2.990~~



Vnr. 88902999-3007

**Jólatré**

Úti jólatré, grænt, 90, 120, 150, 180, 210 eða 240 cm, glærar perur, 220V ljósatré.

Verð frá

**4.990**

# TAKTU ÞÁTT

JÓLALEIKUR BYKO

**150 þúsund króna inneign í Nóatúni**

# 30% afsláttur af af öllum jólaseríum

*afsláttur reiknast við kassa*



















BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



**SKAUTASVELL PRÓFAÐ** Rússneskir íþróttamenn prófuðu nýtt skautasvell á Rauða torginu í Moskvu um helgina, en nota á svellið um jóla- og nýjárshátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ingibjörg Þórðardóttir hefur rannsakað kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi:

# Kynferðisofbeldi á heimilum

**KYNFERÐISOFBELDI** Fjórutíu og sex prósent kvenna sem komu í Kvennaathvarfið á árunum 2001-2005 hafa verið beitt kynferðisofbeldi einhvern tímann á ævinni. Fjórutíu prósent hafa verið beitt kynferðisofbeldi óháð heimilisofbeldi.

„Þetta eru háar og sláandi tölur. Þær gefa vísbendingar um hversu lítið við vitum um birtingarmynd ofbeldis gagnvart konum,“ segir Ingibjörg Þórðardóttir sem hefur gert rannsókn um tengsl kynferðisofbeldis og heimilisofbeldis.

Hún segir að sér hafi komið mest á óvart hve ókunnugir ofbeldismenn í kynferðisofbeldi voru stórt hlutfall og mun stærra hlutfall en hjá Stígamótum, 21 prósent á móti tæpum 12 prósentum og töluvert hærra en hafi hingað til komið fram í erlendum rannsóknum.

Konur sem koma í Kvennaathvarfið skilgreina ekki kynferðisofbeldi sem heimilisofbeldi. Gerendur í heimilisofbeldi eru í langflestum tilfellum makar eða fyrrverandi makar.

Ingibjörg segir að konur eigi oft erfitt með að horfast í augu við að þær búi við kynferðisofbeldi á heimili og þær átti sig heldur ekki á því að kynferðisofbeldi sé heimilisofbeldi. - ghs



**INGIBJÖRG ÞÓRÐARDÓTTIR** Lítið er vitað um birtingarmynd ofbeldis gagnvart konum, að sögn Ingibjargar Þórðardóttur sem hefur rannsakað tengsl kynferðisofbeldis og heimilisofbeldis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Grunnskólakennarar:

# Fleiri en gert var ráð fyrir

**SKÓLAMÁL** Grunnskólakennurum hefur fjölgað talsvert meira en gert var ráð fyrir í áliti nefndar frá 1999 sem reyndi að spá fyrir um þörf fyrir grunnskólakennara fram til ársins 2010.

Gert var ráð fyrir að skólaárið 2005-2006 yrði þörf fyrir 3.824 grunnskólakennara en nú hefur komið á daginn að þeir eru 700 fleiri en spáð var fyrir um. Grunnskólakennarar ásamt sérkennurum voru orðnir 4.525 skólaárið 2005-2006. Grunnskólakennurum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförnum árum eða um 636 kennara frá árinu 2000-2006 eða um 16 prósent. - hs

Tæplega þrítug kona:

# Ákærð fyrir hættulega árás

**DÓMSMÁL Tæplega þrítug kona hefur verið ákærð í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.**

**Hún er ákærð fyrir að hafa í júní á síðasta ári veist að annarri konu á veitingastaðnum Kaffisetrinu á Laugavegi í Reykjavík.**

**Árásarkonan sló hina í andlitið með glasi og dró hana niður á gólf með þeim afleiðingum að hún hlaut skurð yfir vinstra kinnbein og við vinstra eyra, auk þess sem hún hlaut fjölda sára á andlit og útlimi, mar á brjóstkassa og hún tognaði á hægri öxl.**

**Þess er krafist að árásarkonan verði dæmd til refsingar. Að auki krefst fórnarlambið ríflega 250 þúsund króna í skaðabætur, auk vaxta.** -jss

Forsetakosningarnar í Venesúela:

# Chavez bar sigur af hólmi

**VENESÚELA, AP** Hugó Chavez, forseti Venesúela, var endurkjörinn forseti landsins í kosningum sem fram fóru í landinu um helgina. Hlaut Chavez 61 prósent atkvæða, en Manuel Rosales 38 prósent þegar 78 prósent atkvæða höfðu verið talin.

Rosales játaði sig sigraðan seint á sunnudagskvöld, en lofaði að halda áfram að berjast gegn Chavez, sem Rosales segir verða sífellt meiri einvald í landinu.

Chavez sjálfur sagði landsmönnum að búast við „útþenslu byltingarinnar“ sem ætlað er að deila olíuauði landsins með fátækari íbúum þess. Þakkaði hann andlegum „föður“ sínum, Fidel Castro, sigurinn og sagði hann vera áfall fyrir George W. Bush Bandaríkjaforseta.

> Þetta er annar ósigur djöfulsins sem reynir að ráða yfir heiminum
>
> **HUGÓ CHAVEZ**
> FORSETI VENESÚEL

„Þetta er annar ósigur djöfulsins sem reynir að ráða yfir heiminum,“ sagði Chavez í sigurræðu sinni á sunnudagskvöld.

Chavez hefur setið við völd frá árinu 1998, og hefur á þeim tíma bætt hag fátækari landsmanna til muna, þó stjórn hans sé einnig sökuð um spillingu og glæpi. Núgildandi lög banna honum að bjóða sig aftur fram árið 2012, en hann hefur sagst ætla að reyna að breyta lögunum sem takmarka setu eins manns á forsetastóli. - smk



**SIGRI FAGNAÐ** Stuðningsmenn Hugo Chavez fögnuðu ákaft sigri hans í forsetakosningunum í Venesúela. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Landeigendur víða á Íslandi hafa lýst yfir áhuga á stofnun landssamtaka:

# Þjóðlendumál bíða svars hjá Mannréttindadómstólnum

**ÞJÓÐLENDUMÁL** Tvö þjóðlendumál íslenskra landeigenda voru send Mannréttindadómstól í Evrópu í lok október. Málin varða jarðirnar Fjall, Breiðamörk og Kvísker í Öræfum.

Ólafur H. Björnsson hæstaréttarlögmaður rekur málin fyrir þá tuttugu landeigendur sem eiga hlut að þeim. Að sögn Ólafs er málið á byrjunarreit því landeigendurnir þurfa að bíða í allt að þrjú ár eftir svari frá dómstólnum um hvort málin verði tekin fyrir. Um 80.000 mál bíða afgreiðslu hjá dómnum að sögn Ólafs.

Fjöldi þjóðlendumála hefur verið tekinn fyrir í íslenska dómskerfinu og virðist sem óánægja landeigenda fari ekki minnkandi.

Á fimmtudaginn lögðu landeigendur á Norðausturlandi drög að stofnun landssamtaka landeigenda og skoruðu á ríkið að draga kröfur sínar í þinglýstar eignir í Þingeyjarsýslu til baka. Mikil óánægja hefur verið á svæðinu vegna þjóðlendukrafnanna sem Árni Mathiesen fjármálaráðherra skilaði til óbyggðanefndar 7. nóvember.

Að sögn Guðnýjar Sverrisdóttur, sveitarstjóra í Grýtubakkahreppi, sem á sæti í undirbúningsnefnd að stofnun samtakanna, hafa margir landeigendur víðs vegar um landið haft samband við hana og lýst yfir áhuga á að ganga í samtökin. Guðný segir að undirbúningsnefndin muni hittast á föstudaginn og ræða stofnun samtakanna. Hún telur að samtökin verði líklega stofnuð í byrjun næsta árs. -ifv



**FUNDURINN Í SKJÓLBREKKU** Frá fundinum í Skjólbrekku í Mývatnssveit á fimmtudagskvöldið. Á myndinni eru Ólafur H. Jónsson, Guðný Sverrisdóttir, Jón Illugason og Ólafur Björnsson hæstaréttarlögmaður.

Kínverskt flugfélag:

## Dýrt að pissa í háloftunum

**KÍNA Kínverskt flugfélag hefur tekið upp á nýjum aðferðum til að spara. Nú eru farþegar beðnir um að nota salerni flugvalla áður en þeir fara í flugvélar China Southern, svo að þeir þurfi ekki að nota aðstöðuna um borð.**

**Geti þeir ómögulega haldið í sér eftir að í vélarnar er komið, er þeim gert að greiða sem samsvarar 70 íslenskum krónum fyrir að nota baðherbergin, því í þrjátíu þúsund feta hæð kostar hver salernisheimsókn nefnilega um einn lítra í eldsneyti og fylgir verðið eldsneytiskostnaðinum, hefur norska blaðið VG eftir kínversku fréttastofunni Xinhua.** - smk



**KJÖRDÆMISRÁÐ VG** í Suðurkjördæmi hefur lýst yfir áhyggjum vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda við Þjórsá.

Suðurland:

## Varað við virkjun Þjórsár

**VIRKJANIR** Nái áform um virkjanir í Þjórsá í byggðum Suðurlands fram að ganga er útlit fyrir að það skapi djúpstæðan ágreining auk þess að valda ómældum náttúruspjöllum til frambúðar. Þetta er meðal þess sem kemur fram í einróma ályktun fundar kjördæmisráðs Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs sem haldinn var á Selfossi um helgina. Er í ályktuninni varað við virkjunaráformum við Þjórsá, með hliðsjón af fyrrnefndri eyðileggingu og áhrifum sem virkjun hefði á landbúnað, einn burðarstólpa atvinnu- og mannlífs á svæðinu.- rve



**HEILSUGÆSLUSTÖÐ** Hlutfallslega færri íbúar höfuðborgarsvæðisins sækja þjónustu heilsugæslu miðað við landsbyggðina.

Heilsugæslan:

## Færri heimsóknir til lækna

**HEILBRIGÐISMÁL Árið 2004 voru skráð samskipti við heilsugæslustöðvar 1.173.629 á landinu öllu að því er fram kemur í nýjum tölum frá landlæknisembættinu. Inni í þessum tölum eru öll skráð viðtöl, vitjanir og önnur samskipti að símtölum undanskildum. Breyting hefur orðið á skráningu á heilsugæslustöðvar með tilkomu rafræns skráningarkerfis.**

**Á landinu í heild voru tvö viðtöl á lækna á hvern íbúa árið 2004 en 2,1 árið 1994. Viðtöl á hvern íbúa eru hlutfallslega fæst á höfuðborgarsvæðinu og er skýringin líklega sú að framboð á annarri heilbrigðisþjónustu er mest á því svæði.** - hs

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta við Úlfarsfell**

Bílvelta varð á Vesturlandsvegi við hringtorgið undir Úlfarsfelli um klukkan hálfþrjú aðfaranótt mánudags. Bíllinn lenti utan vegar. Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, var fluttur á slysadeild. Bíllinn er mikið skemmdur.


AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum:

**í styrki til rannsókna- og þróunarverkefna í sjávarútvegi.**
Lögð verður áhersla á verkefni sem snerta fiskeldi, líftækni, veiðar, vinnslu, búnað, gæði og markaði. Styrkir AVS rannsóknasjóðs eru til hagnýtra rannsókna og ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsókna-, þróunar- og háskólastofnunum. Stjórn sjóðsins forgangsraðar styrkjum til rannsókna í þágu verkefna sem auka verðmæti sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins.
**Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum í síðasta lagi 1. febrúar 2007.**

**í markaðsverkefni bleikjuafurða.**
Veitt verður sérstakt 10 milljóna króna framlag næstu þrjú ár til markaðs- og sölustarfs í bleikju. Þessum fjármunum verður úthlutað í gegnum AVS.
**Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum í síðasta lagi 1. febrúar 2007.**

**í aflaheimildir til áframeldis á þorski.**
Sjávarútvegsráðherra hefur til ráðstöfunar sérstakar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Aflaheimildirnar eru ætlaðar þeim sem vilja stunda tilraunir með áframeldi á þorski
**Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum í síðasta lagi 22. janúar 2007 merktar:**
„Úthlutun á þorskaflaheimildum til áframeldis.“

**í styrki til rannsókna- og þróunarverkefna í líftækni.**
Áhersla er lögð á verkefni sem hafa sterka tengingu við atvinnulífið og leiða til tækni- og nýsköpunar á landsbyggðinni.
**Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum í síðasta lagi 1. febrúar 2007 sérstaklega merktar:**
„Líftækninet í auðlindanýtingu.“
Upplýsingar um líftækninetið veitir Jóhann Örlygsson (jorlygs@unak.is).

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu, www.avs.is, þar sem nálgast má leiðbeiningar um gerð umsókna.**

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum sjávarútvegsráðuneytisins.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi
Skúlagata 4, 101 Reykjavík.
www.avs.is, avs@avs.is




Saman getum við safnað geðveikt miklu

**Allir geta tekið þátt í söfnun til styrktar samtökum sem vinna að úrbótum í geðheilbrigðismálum.**

Viðskiptavinir Sparisjóðsins þurfa ekki að greiða neitt, bara velja félag til að styrkja, og Sparisjóðurinn leggur þá fram 1.000 kr. til félagsins. Farðu inn á **www.spar.is** eða komdu við í næsta sparisjóði og veldu félagið sem fær þinn styrk.

Fíton / SÍA

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína


Sjónarhóll fær styrk:

# Fær 15 milljónir á ári

**STYRKUR** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hefur undirritað nýjan samning sem gerir ráð fyrir áframhaldandi stuðningi ráðuneytisins við Sjónarhól, ráðgjafarstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir. Styrkurinn nemur fimmtán milljónum króna og gildir í þrjú ár.

Samkomulagið felur í sér að á samningstímanum bjóði Sjónarhóll þjónustu og styðji við foreldra og aðra aðstandendur barna með sérþarfir.

Markmiðið með starfi Sjónarhóls er að fjölskyldur barna með sérþarfir njóti jafnréttis og sambærilegra lífskjara á við aðrar fjölskyldur í landinu. - hs



**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Andrés Ragnarsson, formaður Þroskahjálpar, og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra undirrita nýjan samning.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Í Héraðsdómi Reykjavíkur hefur sakfellingum vegna fíkniefnabrota fjölgað meira en tvöfalt frá 1993 til 2005.

# Sakfellingum vegna fíkniefna fjölgar

**Sakfellingum vegna fíkniefnabrota fjölgaði á tímabilinu 1993-2005. Sakfellingar vegna umferðarlagabrota eru þó langflestar. Konur eru sjaldnar dæmdar í opinberum málum en karlar.**

**DÓMSMÁL** Langalgengustu brotin sem dæmt var fyrir í héraðsdómum landsins á árunum 1993-2003 eru umferðarlagabrot. Þeim fjölgaði um 52 prósent þegar þau fóru úr 770 árið 1993 í 1.176 árið 2005. Þetta kemur fram í samantekt Hagstofunnar á sakfellingum í opinberum málum 1993-2005.

Þróunin á eðli brotanna breytist greinilega og áherslan færist yfir á fíkniefnin. Um og upp úr 1993 voru næstflestir dæmdir fyrir þjófnað og síðan skjalafölsun en í byrjun tíunda áratugarins voru næstflestir dæmdir fyrir fíkniefnabrot. Sakfellingum fyrir slík brot hefur fjölgað mest á tímabilinu, þær rúmlega tífölduðust.

Þegar tegundir brota eru skoðaðar kemur í ljós að sakfellingum vegna þjófnaða hefur fjölgað um tæpan helming. Sakfellingum vegna minniháttar líkamsárása fjölgaði um tæplega sextíu prósent. Sakfellingum vegna eignaspjalla fjölgaði um tæp tíu prósent en sakfellingum vegna nytjastulds fækkaði nokkuð.

Konur eru sjaldnar dæmdar í opinberum málum en karlar. Konur ná þó að vera rúmlega tuttugu af þeim sem dæmdir voru fyrir skjalafals 1993-2005, sex af þeim sem dæmdir voru fyrir fjárdrátt, fjórar fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi og sjö konur voru dæmdar fyrir fjársvik. Í þessum fjórum brotaflokkum voru konur yfir tuttugu prósent dæmdra.

Sakfellingum yfir konum vegna þjófnaðar hefur fjölgað mest 1993-2005. Sakfellingum yfir konum vegna fíkniefnabrota hefur fjölgað verulega, eða úr sjö í 53, og sakfellingum vegna umferðarlagabrota hefur líka fjölgað mikið.

Allir dómstólarnir eiga það sameiginlegt að sakfellingar vegna umferðarlagabrota eru flestar. Í flestum dómstólum eru sakfellingar vegna fíkniefnabrota næstflestar og hefur þeim fjölgað hlutfallslega mest í öllum dómstólunum og sýnu mest á síðustu árum.

Sakfellingum hefur fjölgað hlutfallslega mest í Héraðsdómi Reykjaness, þar hafa þær þrefaldast frá árinu 2000, en fólksfjölgun hefur verið töluvert meiri þar en annars staðar á landinu.

Í Héraðsdómi Reykjavíkur hafa sakfellingar vegna fíkniefnabrota meira en tvöfaldast og einnig í Héraðsdómi Suðurlands en stígandinn hefur verið jafnari í héraðsdómum Reykjavíkur og Reykjaness. ghs@frettabladid.is

Kassagerðisreitur:

# Minnihluti leggst gegn íbúðabyggð

**SKIPULAGSMÁL** Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar í framkvæmdaráði Reykjavíkur eru andvígir því að íbúðabyggð verði á Kassagerðisreitnum. Áform eru þar um fjórar sautján hæða íbúðablokkir auk sex fjórtán hæða atvinnubygginga. Segja fulltrúar Samfylkingar og VG þessar hugmyndir allt of umfangsmiklar. Um sé að ræða hafnar- og athafnasvæði í skipulagi þar sem íbúðabyggð er óheimil. Skipulag íbúðabyggðar norðan Sæbrautar sé meðal annars óheppileg með tilliti til skólamála en einnig muni mikið nábýli íbúðabyggðar og hafnarstarfsemi valda árekstrum. **- gar**



**KASSAGERÐISREITUR** Hugmynd að uppbyggingu austan Laugarness. MYND/GP-ARKITEKTAR



**VERSLUN HAGKAUPA** Um níu prósent af vinnuafli Haga hf. eru erlendir starfsmenn. Hagar reka meðal annars Hagkaup, Bónus, 10-11 og Útilfí.

Útlendingum hefur fjölgað mikið í starfi hjá Högum síðustu misserin:

# Um 200 erlendir starfsmenn frá fjörutíu löndum

**VINNUMARKAÐUR** Erlendum starfsmönnum hefur fjölgað gríðarlega á síðustu tveimur árum. Jóhanna Waagfjörð, framkvæmdastjóri Haga, flutti erindi á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs og Deloitte fyrir skömmu og sagði þar að erlendir starfsmenn væru samtals um tvö hundruð talsins frá fjörutíu löndum. Þeir væru um níu prósent vinnuafls hjá Högum.

Misjafnt er eftir fyrirtækjum innan Haga hversu hátt hlutfall erlendra starfsmanna er. Þannig eru tuttugu prósent starfsmanna hjá Aðföngum erlend og þá flestir Portúgalar. Hjá Banönum eru starfsmennirnir hundrað og tuttugu prósent þeirra eru erlendir.

Hjá Ferskum kjötvörum eru starfsmennirnir sjötíu talsins, þar af þrjátíu og þrjú prósent erlendir. Hjá Hýsingu er rúmlega helmingur þeirra sextíu starfsmanna sem þar starfa erlendir og hjá Bónus hafa erlendir starfsmenn verið að færast fram í framlínuna. Starfsmenn Bónuss eru alls átta hundruð, þar af eru erlendir starfsmenn fjörutíu.

Jóhanna sagði að erlendir starfsmenn væru gríðarlega mikilvægir fyrir Haga og að þeir hefðu reynst ákaflega vel í vinnu. Starfsmennirnir eru flestir frá Póllandi, Víetnam og Filippseyjum svo að dæmi séu nefnd. **- ghs**







## „ORÐRÉTT“

### Árni loks fundinn saklaus

**„Nú skal það tekið fram að Árni átti örugglega engan þátt í þeirri óhugnanlegu atburðarás sem átti sér stað fyrir botni Miðjarðarhafs, kom þar hvergi nærri.“**

KRISTBJÖRN HELGI BJÖRNSSON RITSTJÓRI STÚDENTABLAÐSINS BER SAMAN TÆKNILEG MISTÖK ÍSRAELSHERS OG ÁRNA JOHNSEN.

**Stúdentablaðið, desember 2006**

### Er ekki meira minna?

**„Það er ekki hægt að kenna innflytjendum um ef þeir fá minna greitt en Íslendingar, ekki frekar en hægt er að kenna konum um að fá minna greitt en körlum. Það er ekki eins og konur séu að heimta minni laun.“**

PAUL F. NIKOLOV FRAMBJÓÐANDI TALAR UM LAUNAMÁL.

**Reykjavik Grapevine, 1. desember**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EÐVARÐ INGÓLFSSON, SÓKARPRESTUR Á AKRANESI

## Annasamur tími hjá prestum



„Þetta er sá árstími sem er hvað annasamastur hjá okkur prestunum. Í gær var aðventuhátíð í safnaðarheimilinu og einnig á dvalarheimilinu Höfða. Á aðventunni koma einnig margir í heimsókn í kirkjuna og má þar nefna hópa barna úr leik- og grunnskólum. Ég held litla aðventustund með þessum krökkum og segi þeim frá aðventunni, aðventukransinum og jólunum og þetta eru alltaf skemmtilegar samverustundir.“

Það muna líklega flestir Íslendingar eftir vinsælum unglingabókum sem Eðvarð gaf út á níunda áratugnum og segir hann aðdraganda jólanna þá og nú mjög ólíkan. „Á þessum árum fór mikill tími í kynningar á bókunum, bókaupplestur og áritanir og það var mikil vinna. Núna fer tíminn í að undirbúa helgihald jóla og áramóta en alls held ég átta guðsþjónustur í sókninni á rúmri viku. Þá er alltaf eitthvað um að fólk láti gifta sig um áramót en þetta á sérstaklega við um námsfólk sem kemur til að vera heima yfir hátíðarnar.“

Eðvarð segist ekki vera með bók í smíðum eins og er þó hann útiloki ekki neitt um framtíðina. „Reyndar samdi ég tvo kafla í nýrri bók sem heitir Skemmtilegt fólk en í köflunum segi ég frá sjálfum mér og skrái gamansögur eftir Ragnari Bjarnasyni dægurlagasöngvara. Svo fylgja miklar skriftir sóknarpreststarfinu en þess utan gefst lítið svigrúm til annars konar ritstarfa.“

## NETSTEFNUMÓT

### MEST AUKNING MEÐAL UNGLINGA OG ELLILÍFEYRISÞEGA

■ Stefnumótaþjónustur birtust fyrst í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar á Vesturlöndum. Upp úr 1995 fóru stefnumótaþjónustur að birtast á netinu og eru nú stærsti viðskiptageirinn á netinu sé klám undanskilið. Mest aukning meðal nýrra notenda er meðal fólks á aldrinum 18-25 og ellilífeyrisþega. Meirihluti notenda hefðbundinna stefnumótaþjónusta er karlmenn en á netinu eru kynjahlutföllin jafnari og hafa konur sýnt sig jafn reiðubúnar til að greiða fyrir slíka þjónustu og karlmenn.



## SJÓNARHÓLL

### FLÉTTILISTAR



**VIGDÍS STEFÁNSDÓTTIR**
Erfðaráðgjafi

### Fólk er fólk

„Almennt er ég höll undir kvenréttindi, en mér finnst að það eigi að velja fólk eftir getu. Það er ekki endilega skynsamlegt hafa jafnmikið af konum og körlum. Fólk er bara fólk,“ segir Vigdís Stefánsdóttir erfðaráðgjafi um fléttulista, en sú staða kom upp í prófkjöri Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs að kona þyrfti að standa upp fyrir karlmanni væri farið eftir settum reglum listans. „Á mínu starfssviði hef ég ekki orðið vör við að einu kyninu sé hyglað umfram hitt. Konur eru í um 60% yfirmannsstaða hér á Landspítalanum og þær eru í meirihluta í Háskólanum, sem hlýtur að þýða að þær verði í meirihluta í stjórnunarstöðum í framtíðinni.“ Sumir hafa þó viljað meina að prófkjörin undanfarið hafi hyglað karlmönnum umfram konur. „Ég hef aldrei skilið hvað stoppar framgang annars kynsins í stjórnmálum, það er kannski vegna þess að ég skil ekki stjórnmál og hef aldrei tekið þátt í þeim,“ segir Vigdís.



**ÞÝÐENDUR** Bestar barmstórar.



**BÓKASAFNSVERÐIR** Vinsælir á aldrinum 50-70.

# Óskar eftir að kynnast ríkri konu með hjartagalla

**Í handbók hins hugmyndasnauða pistlahöfundar, Freakonomics, segir frá könnun sem var gerð á stefnumótasíðum í Bandaríkjunum. Þar kemur í ljós að efnahagur karla skiptir hvað mestu máli fyrir konur en fyrir karla skiptir útlit mestu máli. En á það sama við á Íslandi?**

Á einkamal.is, stærsta íslenska stefnumótavefnum, er notendum skipt niður eftir aldri, kyni, hæð og þyngd, en fólk er ekki beðið um að tilgreina starf sérstaklega. Af 200 nýjustu auglýsingum eru þess þó mörg dæmi að konur forvitnist um fjárhag: „Er að leita af góðum manni í almennilegri stöðu“ (kvk. 31 árs), „Er að leita að myndarlegum, einhleypum, vel stæðum eldri manni“ (kvk. 22 ára). „Ég er huggulег og sæt, fjárhagslega sjálfstæð, heiðarleg og skemmtileg. Leita eftir því sama“ (kvk. 50 ára). Konur minnast einnig oft á eigið starf: „Ég er hress og lífsglöð kona í góðu starfi“ (kvk. 45 ára), „Ég hef óskaplega gaman af vinnunni minni“ (kvk. 28 ára), í góðri vinnu og stend á eigin fótum (kvk. 29 ára), Er í góðu og skemmtilegu starfi sem bókari hjá skattstjóra. Hann rúlar.“ (kvk. 31 árs). Í einu tilfelli er sagt að fjárhagur væntanlegs maka skipti ekki máli: „Er vel menntuð í ágætu starfi, ekki að leita að fyrirvinnu“ (kvk. 43 ára).

Þó að karlmenn miði frekar við aldur en fyrri eða núverandi störf kvenna eru þeir duglegir að tilgreina eigin vinnusemi eða fjárhag: „skemmtilegur, hress og vinn dálítið mikið“ (kk. 20 ára), „einhleypur og barnlaus og ekki í neinu rugli af neinu tagi (nema þá kannski að ég vinn of mikið)“ (kk. 52 ára). „Áhugamál eru margvísleg, er fjárhagslega sjálfstæður“ (kk. 33 ára,“ „Er með góða menntun/vinnu, ákveðinn“ (kk. 31 árs,) „Flottur á flottum launum að leita að flottri píu til að eyða laununum sínum í“ (kk. 45 ára), „Ég er metnaðarfullur í góðri vinnu“ (kk. 28 ára) „nokkuð myndarlegur, stunda íþróttir, er vel stæður með sjálfstæðan rekstur“ (kk. 56 ára).

Aðeins eitt dæmi er um að maður tilkynni sérstaklega að hann hafi áhuga á fjárhag konunnar: „Óska eftir að kynnast ríkri konu með hjartagalla“ (kk. 30 ára). Hér er þó mögulega um einhvers konar grín að ræða.

Aðeins eru tvö dæmi þess að leitað sé eftir ákveðnum starfsgreinum: „óska eftir barmgóðum löggildum dómtúlki og skjalaþýðanda með skyndikynni í huga“ (karl 28 ára), „væri alveg til í að losna frá mínum ríka og yfirlætisfulla eiginmanni, hef áhuga á bókum og sérstaklega elska ég bókasafnsverði á aldrinum 50-70“ (kvk 23 ára). Þó má velta því fyrir sér hvort hér sé aftur einhver gamansemi á ferð.

Eitt dæmi er um að maður auglýsi starfstitil sinn beint: „halló ég er 52 ára karlmaður og er að leita eftir skyndikynnum við konur á öllum aldri... ég vinn sem bókasafnsvörður og finnst það mjög skemmtilegt“ (kk. 52 ára). Og ætti hann líklega að hafa samband við þá hér að ofan.

Af tvö hundruð nýlegustu auglýsingunum eru störf þó sjaldan tilgreind, en oftar eftir því sem fólk eldist. Oftar er minnst á menntun. Leitarorðið menntun skilar 169 körlum en 125 konum, og er hún þá annaðhvort í boði eða sóst eftir aðila sem býr yfir henni.

Á hinn bóginn vilja allir þeir 200 karlar sem koma upp fallegar konur, og það sama gildir um konur og fallega menn. Virðist það því eiga við enn sem komið er að stéttaskipting sé minni hérlendis en á einkamálavefjum í Bandaríkjunum, nema þá stéttaskipting fegurðarinnar, og leggst hún jafnt á bæði kyn.

Sumar eru þó andlega sinnaðri. Til dæmis vill 36 ára kona kynnast „sætum og myndarlegum frelsuðum karlmanni á aldrinum 34-40 ára sem á leiðsögn heilags anda í lífi sínu og elskar að vera í áætlun og vilja Guðs.“ **valurg@frettabladid.is**






Tombóla til styrktar fátækum börnum í útlöndum:

## Rauði krossinum fær 1.000 krónur

Pálmar Vígmundsson safnaði 1.000 krónum á tombólu fyrir nokkru til styrktar Rauða krossinum. Pálmar, sem er 10 ára gamall, vonar að peningurinn komi fátækum börnum í útlöndum til góða.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Pálmar heldur tombólu en í fyrsta skipti sem Rauði krossinn nýtur ágóðans. Hann útilokar ekki frekara tombóluhald í framtíðinni til styrktar góðum málefnum.



**PÁLMAR VÍGMUNDSSON**
Gefur Rauða krossi Íslands þúsund krónur.

# „ÓLAFUR JÓHANN ER GJÖRHUGULL HÖFUNDUR MEÐ ÓVENJULEGAR STÍLGÁFUR KEMUR LESANDA SÍNUM Í OPNA SKJÖLDU MEÐ SNJÖLLUM LAUSNUM.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FBL.



Ólafur Jóhann Ólafsson

Áhrifamiklar sögur um ástina eftir eitt vinsælasta sagnaskáld þjóðarinnar.




„Maður getur ekki hætt að lesa þegar maður er byrjaður ... Sögurnar tvinna saman spennu, sorg og tilfinningalíf fólks á meistaralegan máta svo úr verður verk sem hefur alla burði til að geta höfðað til mjög ólíkra lesenda.“

★★★★ ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ, DV

„Þrungið tilfinningum og átökum í mannlegri tilveru ... Ólafur Jóhann er vaxandi rithöfundur ... Þessi bók er með hans betri verkum.“

SKAFTI Þ. HALLDÓRSSON, MBL.

„Sögurnar eru geysilega vel byggðar og nostrið við söguléttuna eitt og sér nánast tryggir ánægjulegan lestur.“

ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON, VETTVANGUR.NET

„Snjallar og vandaðar smásögur.“

JÓN YNGVI JÓHANNSSON, KASTLJÓS

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## Svona erum við

> Póstsendingar á hvern Íslending




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SPENNA Á FIJI-EYJUM

# Valdaráni hótað eina ferðina enn

Undanfarna daga hefur mjóu munað að stjórnarbylting verði gerð á Fiji-eyjum, en frá árinu 1987 hafa þar þrisvar sinnum verið gerð valdarán. Átökin snúast fyrst og fremst um áhrif tveggja ólíkra þjóðernishópa sem hvor um sig er nánast helmingur íbúanna.

**Hverjir búa á Fiji-eyjum?**
Á eyjunum, sem eru í Kyrrahafinu skammt frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi, búa rúmlega 900 þúsund manns. Rétt rúmlega helmingur þeirra, eða 51 prósent, eru heimamenn að uppruna, en 44 prósent eru af indverskum uppruna. Fiji-eyjar voru undir breskri stjórn til ársins 1970.

**Hvenær hafa verið valdarán?**
Árið 1987 gerðu innfæddir Fiji-búar tvisvar sinnum uppreisn gegn samsteypustjórn sem hafði stuttu áður komist til valda í kosningum en var undir forystu Indverja. Stjórninni var steypt og nýju valdhafarnir gerðu síðar breytingar á stjórnarskránni, þar sem yfirráð innfæddra í stjórnmálum landsins voru tryggð. Sú stjórnarskrárbreyting var síðar numin úr gildi. Árið 2000 var aftur gerð stjórnarbylting og þá undir forystu kaupsýslumannsins George Speight, sem krafðist aukinna réttinda innfæddra. Uppreisnarmennirnir héldu ríkisstjórninni og nokkrum þingmönnum í gíslingu vikum saman. Í kjölfarið tók við völdum bráðabirgðastjórn hersins, og þótt sú stjórn væri síðar úrskurðuð ólögleg þá komst forsætisráðherra hennar aftur til valda í kosningum árið eftir.



**Um hvað er deilt núna?**
Deilurnar núna eru einkum á milli tveggja manna, Laisenia Qarase forsætisráðherra og Frank Bainimarama herforingja. Þeir hafa deilt hart mánuðum saman, einkum út af lagafrumvarpi sem forsætisráðherrann vill fá samþykkt þar sem þátttakendum í valdaráninu árið 2000 verði gefnar upp sakir. Bainarama herforingi átti stóran þátt í að brjóta valdaránið á bak aftur og átti í eitt skipti fótum sínum fjör að launa.

**SPURT OG SVARAÐ**
SNJÓFRAMLEIÐSLAN BREYTIR MIKLU

## 30 þúsund gestir árlega

Gott árferði er um þessar mundir fyrir skíðaiðkun í Hlíðarfjalli við Akureyri og segist Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls, varla muna eftir eins góðu árferði og nú. Skíðasvæðið opnaði 18. nóvember en venjulega opnar það ekki fyrr en í janúar eða febrúar.


GUÐMUNDUR KARL JÓNSSON

**Hversu gamalt er skíðasvæðið?**
„Skíðahótelið Skíðastaðir var byggt á árunum 1955-1964 og fyrstu árin var vinsælt að fólk kæmi í skíðaferðir og gisti á hótelinu. Stólalyftan var tekin í notkun 1967.“
**Hversu margir gestir sækja Hlíðarfjall árlega?**
„Í góðu árferði fáum við um 30 þúsund gesti. Við fengum góð skíðaár frá 1998-2002 en síðan kom lægð í nokkur ár. Árið í fyrra var þó gott og þessi vetur lofar einnig góðu.“
**Er framleiddur snjór í Hlíðarfjalli?**
„Já við byrjuðum á því í fyrra og það er snjóframleiðslunni að þakka að við gátum opnað skíðasvæðið fyrir jól. Framleiðslan fer yfirleitt fram á fyrstu mánuðum opnunarinnar en hún er háð því að hitastigið sé nokkrum gráðum fyrir neðan frostmark. Rekstur snjóframleiðslunnar er að hluta til í einkarekstri hjá aðilum sem kalla sig vini Hlíðarfjalls.“

# Þingmenn endurspegla ekki þjóðina

**Stjórnmálaflokkar eru nú að stilla upp listum sínum fyrir næstu þingkosningar. Þeir sem veljast til starfans munu standa vörð um hagsmuni Íslendinga næstu fjögur árin. Samsetning þingmannahópsins sem situr nú á Alþingi er tæpast þverskurður af hópi íslenskra kjósenda, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Meðalaldur þingmanna er rúm 50 ár og meirihluti þingmanna er karlmenn.**


**ALÞINGI ÍSLANDS** Næstu þingkosningar fara fram í maí árið 2007 þar sem kosið verður um 63 þingsæti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR D. GUÐMUNDSD.
sdg@frettabladid.is

Um þriðjungur kosningabærra Íslendinga er á aldrinum 18 ára til 35 ára. Hlutfall þingmanna á þessum sama aldri er 9,5 prósent eða sex þingmenn. Rúmur fimmtungur þingmanna Alþingis er kominn yfir sextugt eða þrettán þingmenn. Er það í góðu samræmi við hlutfall þess aldurshóp meðal kjósenda og tæpu prósentustigi minna en Íslendingar sextíu ára og eldri.

### Vaxandi hlutur kvenna

Þingmannahópar hafa lengst af einkennst af því að þeir hafa í mjög miklum mæli verið karlmenn á miðjum aldri með tiltölulega mikla menntun og frekar úr efri lögum samfélagsins að sögn Ólafs Þ. Harðarsonar, prófessors í stjórnmálafræði. „En það sem hefur kannski helst breyst síðustu ár og áratugi er að hlutur kvenna hefur mjög víða farið vaxandi. Gildi samfélagsins hafa breyst í þá átt að mjög margir telja nú afar mikilvægt að kynjaskiptingin sé nokkurn vegnn jöfn í kjörþingum.“

### Á ekki við um aðrar breytur

Ólafur segir ekkert sambærilegt hafa gerst varðandi aðrar breytur og nefnir aldur sem dæmi. „Það eru engar háværar kröfur um að ungt fólk eða gamalt eigi sitt rétt hlutfall inni á þingunum. Og það hefur heldur ekki verið almenn krafa um að þing endurspegli menntun almennings eða greindarvísitölu.“

Ólafur segir hugsanlegt að sú krafa sem sé um jafnt kynjahlutfall á þingi geti farið að eiga við fleiri breytur en engin merki sjáist um það enn sem komið er. „Almenna reglan er sú að að þing endurspegli skoðanir kjósenda í gegnum stjórnmálaflokka sem hafi fjölda þingmanna í samræmi við fylgi flokkanna.“

### Norðurlöndin í fremstu röð

Konur á Alþingi eru 23 eða 36,5 prósent þingmanna. Ísland er með lægsta hlutfall kvenkyns þingmanna miðað við hin Norðurlöndin sem eru þó á frekar svipuðu róli að Svíþjóð undanskildu þar sem konur eru 47,3 prósent þingmanna.

Norðurlöndin eru í fremstu röð í veröldinni varðandi jafnt kynjahlutfall í þingum að sögn Ólafs. „Meðaltal kvenkyns þingmanna á Íslandi var rúm 30 prósent í síðustu kosningum en er núna komið í tæp 37 prósent þar sem konum hefur fjölgað á kjörtímabilinu með tilkomu varamanna, sem sýnir náttúrulega að konur voru í varamannasætum en höfðu ekki komist í aðalsætin.“

### Fáar konur af landbyggðinni

Mikilvægt er að skoða að Ísland skiptist í tvo gjörólíka hluta varðandi kynjaskiptinguna að sögn Ólafs. „Í þeim þrem kjördæmum sem eru á höfuðborgarsvæðinu hafa síðustu ár milli 40 og 50 prósent þingmanna yfirleitt verið konur. En svo höfum við landsbyggðarkjördæmin þrjú sem hafa mjög lengi verið langt á eftir með sárafáar konur á þingi. Í síðustu kosningum voru um 20 prósent þingmanna úr þessum þremur kjördæmum konur. Þannig að kynjamisréttið sem kemur fram í meðaltalinu byggist á tveimur mjög ólíkum hópum. Annars vegar höfuðborgarkjördæmunum þremur þar sem nánast jafnrétti ríkir milli kynja og hins vegar landsbyggðinni þar sem gríðarmikið misrétti milli kynja ríkir. Og ef menn vilja breyta þessu þá eru það fyrst og fremst landsbyggðarkjördæmin sem eru viðfangsefnið.“

### Landsbyggðin gamla Ísland

Ólafur segir ýmsar skýringar koma til greina á þessari stöðu en sú langlíklegasta sé að þetta fylgi þjóðfélagsþróuninni. „Landsbyggðarkjördæmin eru meira gamla Ísland með eldri atvinnuvegum og eldri menningu þar sem minni áhersla var lögð á jafnrétti kynjanna. Á meðan er höfuðborgarsvæðið nútímalegra með öðruvísi viðhorf og stéttasamsetningu. Það eru meira einkenni nýja samfélagsins sem gerir harðari kröfur um kynjajafnrétti.“







SÉR-
TILBOÐ!
30-50%
AFSLÁTTUR!
BAÐ
INNRÉTTINGAR
Einnig fáanlegar
með ekta
GRANÍT eða
MARMARA borðplötum
Black Galaxy
Imperial Brown
Blue Pearl
Black Absolute
TIL AFGREIÐSLU BEINT AF LAGER!
HVÍTUR FULNINGUR á MDF stærðir frá 60-120 sm
HVÍTTUÐ EIK stærðir frá 60-120 sm
HLYNUR á MDF stærðir frá 60-120 sm
HNOTA á MDF stærðir frá 60-120 sm
KIRSUBER fulningur stærðir frá 60-120 sm
Margir möguleikar á
stærðum og útfærslum
Til afgreiðslu af lager
kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31
HLYNUR á MDF stærð 100 sm
HVÍTTAÐUR ASKUR stærð 100 sm
Um 50 innréttingar uppstilltar
í sýningarsal okkar
INNRÉTTINGAR
& TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Kjósendur hafa alltaf val í kosningum:

## Að skila auðu

**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR**

Það er ekki sjálfgefið að kjósendur styðji sama stjórnmálaflokkinn aftur og aftur. Hins vegar hafa þeir sem vilja sjá frelsi einstaklingsins sem mest og lágmarka ríkisafskipti ekki haft um annan stjórnmálaflokk að velja í kosningum en Sjálfstæðisflokkinn. Forystumenn flokksins hafa líka unnið í takt við þá hugmyndafræði frá árinu 1991.

En hvaða mynd blasir nú við þeim kjósendum sem vilja sjá fram haldið á sömu braut? Að hvaða málum hefur Sjálfstæðisflokkurinn staðið undanfarna mánuði í meirihlutasamstarfi við Framsóknarflokkinn?

Fyrst ber að nefna tilhneigingu til að ríkisvæða stjórnmálin. Hækka á ríkisstyrki til stjórnmálaflokka um leið og einstaklingum eru sett takmörk um styrki til þeirra. Er réttlátt að einstaklingar greiði fyrir starfsemi stjórnmálaflokka sem halda frammi skoðunum sem eru jafnvel andstæðar þeirra eigin lífsskoðun? Er sanngjarnt að ný pólitísk öfl þurfi að berjast í kosningum við ríkisstyrkta stjórnmálaflokka?

Á Alþingi er til meðferðar frumvarp um RÚV sem miðar að því að stórefla ríkisrekinn fjölmiðil í samkeppni við einkarekna fjölmiðla. Áður voru gerðar tilraunir til að setja takmarkandi lagareglur um eignarhald á frjálsum fjölmiðlum sem myndi hafa íþyngjandi áhrif á rekstur þeirra. Er það hluti af hugsjónum sjálfstæðismanna um frjálsa fjölmiðla, að stórefla ríkisfjölmiðil og veikja þá einkareknu?

Þá hefur verið ákveðið að sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli taki yfir ákveðinn hluta af öryggiseftirliti, sem áður var í höndum Securitas og Öryggismiðstöðvar Íslands. Engar skýringar hafa verið gefnar aðrar en að opinberir löggæslumenn séu betur til starfans fallnir.

Með þegjandi samþykki ríkisstjórnarinnar keypti ríkisfyrirtækið Íslandspóstur prentsmiðjuna Samskipti. Óþarfi er að benda á að fjölmörg einkafyrirtæki hafa sinnt prentþjónustu á Íslandi í áratugi. Stutt er síðan Íslandspóstur keypti hlut í hugbúnaðarfyrirtækinu Modernus.

Eru þessi dæmi einkennandi fyrir stjórnmálamenn sem vilja draga úr opinberum umsvifum í atvinnulífinu?

Ríkisstjórnin hefur einnig gengið harkalega fram gagnvart landeigendum víða um land í þjóðlendumálinu svokallaða. Markmiðið er að eyða óvissu um mörk eignarlanda. En væri ekki heppilegra að fara fram af meiri hógværð þegar um jafnviðkvæmt deilumál og eignarréttindi er að ræða? Ríkisvæðingin má ekki ganga of langt.

Rétt er að minna á að lækkun skatta og sala ríkisfyrirtækja hafa haft verulega þýðingu fyrir þróun lífskjara í landinu. Það er líka sjálfsagt mál að lækka skatta þegar tekjur ríkissjóðs hafa vaxið jafnmikið og raun ber vitni á undanförnum árum. Aðhald í útgjöldum hins opinbera hefur hins vegar verið ábótavant. Sú gagnrýni er ekki eingöngu sett fram á efnahagslegum forsendum. Og nú er gerð tillaga um að auka útgjöld um fjórtán milljarða frá því sem ákveðið var í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa í mörgum kosningum náð að toga kjósendur á miðjunni til fylgis við sig. Breytist það er hætta á að hluti kjósenda Sjálfstæðisflokksins skili auðu í næstu alþingiskosningum. Það er ekki sjálfgefið að kjósendur styðji sama stjórnmálaflokkinn aftur og aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sigurrós út

Sigurrós Þorgrímsdóttur hefur verið tilkynnt að hún muni ekki taka sæti á framboðslista sjálfstæðismanna í SV-kjördæmi. Náði hún sjöunda sæti í prófkjöri og vilja þeir sem ráða að Hafnfirðingurinn Rósa Guðbjartsdóttir taki sætið í staðinn. Sigurrós er ekki sátt en bent er á að henni hafi gengið illa í prófkjöri fyrir átta árum, verið stillt upp á lista fyrir fjórum árum og svo dottið inn á þing þegar Gunnar Birgisson hætti.



### Snúið

Það er í höndum kjörstjórnar að raða þátttakendum í forvali VG um helgina niður á listana þrjá á höfuðborgarsvæðinu. Meðal þess sem hafa ber til hliðsjónar er búseta og kann hún að vefjast svolítið fyrir fólki. Það vill nefnilega þannig til að þau sex sem hrepptu efstu sætin og verða að öllu óbreyttu í tveimur efstu sætum listanna þriggja búa öll í göngufæri við Alþingi. Ögmundur, Katrín, Kolbrún og Árni Þór búa í Vesturbæ Reykjavíkur en Guðfríður og Álfheiður búa í miðborginni. Tvö þeirra verða engu að síður í framboði í Kraganum.

### Ríkisforstjórinn

Samtök atvinnulífsins gagnrýndu stjórnvöld harkalega um daginn fyrir að hætta við að láta Securitas og Öryggismiðstöð Íslands sjá um ákveðna öryggisgæslu í flugstöð Leifs Eiríkssonar eins og samið hafði verið um. SA mótmæla ríkisvæðingu á þjónustustarfsemi, var fyrirsögn á tilkynningu frá samtökunum. Formaður SA er Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri ríkisfyrirtækisins Íslandspósts. Pósturinn keypti um daginn prentþjónustufyrirtækið Samskipti.



**bjorgvin@frettabladid.is**
**bjorn@frettabladid.is**

# Misjöfn kjör meðal þjóðarinnar



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**

**Í DAG** | Greiðslur úr opinberum sjóðum

Rúmlega fimmtug kona þurfti að hætta störfum sökum veikinda fyrir fjórum árum. Hún er öryrki. Hún lifir því af tryggingum sem koma annars vegar frá almannatryggingum og hins vegar úr lífeyrissjóðnum sem tíu prósent af launum hennar runnu til á meðan hún gat stundað vinnu, líklega í tuttugu til þrjátíu ár

Almannatryggingar eru hluti velferðarkerfisins sem skattpeningarnir okkar standa undir. Almennt samkomulag hefur verið hér á landi um að við viljum búa í velferðarþjóðfélagi.

Ég hef heyrt það sagt að lífeyrissjóðirnir séu galdurinn á bak við útrásina og hina miklu fjármálastarfsemi sem er hér á landi. Lífeyrissjóðirnir okkar munu jafnvel stærri en olíusjóðurinn Norðmanna og er hann allstór.

Konan fékk bréf frá lífeyrissjóðnum sínum fyrr á árinu. Bréfið færði henni skemmtilegar fréttir og var í leiðinni svolítið montbréf sem stofnunum þykir gjarnan gaman að senda út eða birta. Af því að stjórn sjóðsins hafði staðið sig svo vel í störfum sínum var ávöxtun lífeyrissjóðsins svo góð að greiðslur til konunnar úr sjóðnum mundu hækka um 7 prósent, sagði í bréfinu. Ánægjulegar fréttir – ekki satt?

Vissulega var þetta ánægjulegt fyrir konuna, en svo kom að framkvæmdinni. Þegar almannatryggingarnar okkar komust að því að greiðslur til konunnar höfðu hækkað þá lækkuðu greiðslurnar til hennar úr þeim sjóðum sem hækkuninni nam, konan skildi þetta ekki og ég skil þetta ekki. Það virðist búið að ákveða það að þeir sem búa við skerta starfsgetu hafi enga möguleika til hækka í tekjum, því það virðist búið að sameina almannatryggingakerfið og lífeyriskerfið í eitt.

Svo er sagan af hjónunum sem ætluðu að láta laga hjá sér þakið. Frúin átti 400.000 kr. í séreignalífeyrissjóði og ætluðu þau hjónin að nota þessa peninga til þakviðgerða í stað þess að taka lán á þeim vondu vaxtakjörum sem bjóðast hér á landi. Þegar búið var að taka af skatta og lækka greiðslur til hennar og eiginmannsins úr almannatryggingum þá áttu þau eftir 9.000 kr – ég endurtek níu þúsund krónur. Aftur virðist sem lífeyrissjóðir og jafnvel þeir sem kallaðir eru séreignasjóðir og almannatryggingar séu orðin eitt og hið sama. Ég þykist hafa fylgst frekar vel með á vettvangi þjóðmálanna, ekki hafði ég samt gert mér grein fyrir þessu.

Viðbrögð stjórnmálamanna við þessari lífreynslu fólksins voru líka svolítið skrýtin fannst mér. Þeir komu allir af fjöllum, enginn þeirra virðist frekar en við hin hafa áttað sig á hvernig þetta virkar, enda þurfa þeir ekki að leggja í neina séreignasjóði, þakka skyldu þeir sjálfum sér. Lífeyrir þeirra er gulltryggður, engin óvissa á þeim bæ.

Loks er það sagan af bæjarstjóranum sem ákvað að fara á þing. Það verður sko ekkert skert af greiðslum sem hann fær úr opinberum sjóðum. Enda maðurinn hvorki gamall né býr hann við skerta starfsorku. Hann fór í prófkjör og eftir því sem ég kemst næst gat hann sinnt því ati í vinnunni, eins og reyndar allir stjórnmálamenn. Honum gekk vel í prófkjörinu og allar líkur eru á því að hann fari á þing eftir kosningarnar til Alþingis í vor.

Hann ætlar að segja upp vinnunni sinni, í staðinn ætlar hann að verða formaður bæjarstjórnarinnar held ég, og hann ætlar í kosningabaráttu. Af fréttum að skilja ætlar hann meðan á þessu stendur að þiggja rúma milljón á mánuði úr opinberum sjóðum Akureyringa. Honum finnst það sjálfsagðasti hlutur í heimi af því samningarnir hans eru þannig.

Biðlaun eru réttindi fólks ef það missir skyndilega vinnuna. Þegar fólk missir skyndilega pólitískan stuðning og um leið vinnuna má vel vera sjálfsagt og eðlilegt að það fái biðlaun. Þegar fólk á hinn bóginn segir upp vinnunni sinni af því að það ætlar að fara að gera eitthvað annað á það ekki rétt á biðlaunum í mínum huga. Svo ég tali nú ekki um ef það ætlar að vera í annarri vinnu á meðan.

Siðferði þeirra sem gegna opinberum störfum er hins vegar orðið þannig að þegar gerðar eru athugasemdir af því tagi sem ég hef gert hér, þá segja opinberu starfsmennirnir með þjósti að það sé alltaf til fólk sem vill upphefja sjálft sig með rausi af þessu tagi. Ég mun halda áfram að rausa, ég lofa því.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

# Hver á íslenska náttúru?

**UMRÆÐAN**
Eignarréttindi



**BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON**

Mikill hiti hefur verið í umræðum um vernd og nýtingu auðlinda í íslenskri náttúru. Oftast snýst hún um endanlega niðurstöðu í einstökum deilumálum. Það hvort virkja eigi jökulá, sökkva gróðri í dal, reisa mannvirki við náttúruperlu, veiða villt dýr eða láta allt saman vera. Minni áhugi hefur verið á skipulaginu. Hvort það sé til þess fallið að ná markmiðinu um sátt og jafnvægi í vernd og nýtingu náttúrunnar.

Tilraunir til sáttar hafa flestar falið í sér hugmyndir um miðstýringu. Að tiltekinn hópur sérfræðinga, hagsmunaaðila, stjórnmála- og áhugamanna setjist hringinn í kringum borð og tali saman þar til niðurstaða fáist um ramma sem sjónarmið allra rúmist innan, sem er tæplega raunhæft í miðstýrðu kerfi.

Í náttúrunni felast stórkostleg tækifæri fyrir Íslendinga. Við lifum á tímum þar sem við sjálf og vel efnum búnir heimshornaflakkarar sækjumst eftir að njóta náttúrufegurðar og meðvitaðir neytendur um allan heim gera auknar kröfur um hvað þeir láta ofan í sig og hverjum þeir tengjast.

Spurningin er bara þessi: Verða þau tækifæri sem blasa við okkur best nýtt ef hið opinbera er bæði upphafið og endirinn, þar sem aðalatriðið er hver hefur mest pólitísk ítök til að ná fram þóknanlegri niðurstöðu? Skapar skipulag eignarréttar og frjálsra viðskipta ef til vill meira jafnvægi, skynsamlegri lausnir og betri sátt?

Er ef til vill heppilegra stjórnin sé í höndum eigenda, hvort sem þeir eru bændur, fyrirtæki í öðrum rekstri, náttúruverndarsamtök eða aðrir, sem semji sín á milli í frjálsum samningum? Getur verið á að það auki líkur á málamiðlunum og samvinnu, auki fjölbreytni og tilraunastarfsemi, ef skapaður er farvegur fyrir viðskipti í stað pólitísks lobbíisma? Hér gætu legið gífurleg tækifæri, ekki síst fyrir náttúruverndarsinna, sjálfsagt meiri en þeir gera sér grein fyrir.

Á morgun, miðvikudag, mun RSE spyrja þessara spurninga á ráðstefnu um eignarrétt á náttúruauðlindum (sjá nánar www.rse.is): Hver á íslenska náttúru? Hvort er heppilegri ríkiseign eða einkaeign? Hvernig hefur einkaframtak nýst við náttúruvernd? Ráðstefnan fer fram á Grand hóteli og hefst kl. 13. Fólk er hvatt til að kynna sér þessar hugmyndir með jákvæðum og opnum huga.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál (RSE)*

# Alþjóðlegur dagur sjálfboðaliðans 5. desember

**UMRÆÐAN**
Dagur sjálfboðaliða

Í tilefni alþjóðlegs dags sjálfboðaliðans 5. desember vill Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands nota tækifærið og þakka sjálfboðaliðum deildarinnar fyrir mikið og gott starf þeirra fyrr og nú.

Eitt meginhlutverk Rauða krossins er málsvarastarf sem meðal annars hefur þann tilgang að rjúfa einangrun fólks og vinna gegn fordómum og mismunun í samfélaginu. Á því sviði er ærið verk að vinna en meðal okkar í þjóðfélaginu eru margir sem búa við einangrun og mismunun eins og niðurstöður könnunar Rauða kross Íslands, Hvar þrengir að, fyrr á þessu ári leiddi berlega í ljós. Margt hefur verið gert á þessu sviði í gegnum árin en betur má ef duga skal.

Í tilefni dags sjálfboðaliðans er ekki úr vegi að líta yfir þá miklu flóru verkefna sem borin eru uppi af sjálfboðaliðum deildarinnar sem eru fjölmargir og á öllum aldri. Með starfi sínu leggja þeir drjúgan skerf til margra þeirra málefna sem velferðarkerfi okkar Íslendinga nær illa eða ekki til.

Hjá Reykjavíkurdeild er með ýmsum hætti lögð áhersla á að létta undir með einstaklingum og fjölskyldum í vanda. Í lífinu skiptast á skin og skúrir og öll getum við lent í því að þurfa á einhverjum að halda sem rétt getur hjálparhönd þegar erfiðleikar sækja að. Heimsóknarþjónusta sem sjálfboðaliðar hafa haft með höndum er með elstu verkefnum deildarinnar. Heimsóknarvinir Rauða krossins leitast við að stytta fólki sem býr við einsemd stundir með spjalli eða gönguferð og lesa fyrir hópa á nokkrum sjúkrastofnunum. Þá er föngum einnig boðið upp á heimsóknir sjálfboðaliða. Hópar sjálfboðaliða hafa til langs tíma haldið utan um sjúklingabókasöfn á sjúkrahúsunum ásamt hljóðbókaþjónustu. Sjálfboðaliðar starfa við hlið starfsfólks í Konukoti sem er athvarf ætlað konum sem eru heimilislausar og hafa ekki í nein hús að venda. Á sunnudögum standa sjálfboðaliðar fyrir samverustund í Vin sem er athvarf á vegum Rauða kross Íslands fyrir geðfatlaða.

Hjálparsíminn 1717 er gjaldfrjáls sími sem er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem þurfa stuðning vegna sálrænna vandamála, einmanaleika eða sjálfsvígshugsana, félagslegra vandamála eða neyslu. Hjálparsíminn er fyrir alla aldurshópa hvar sem er á landinu og svara bæði sjálfboðaliðar og starfsfólk í hann. 1717 er einnig mikilvægur hlekkur sem upplýsinganúmer almennings vegna neyðarástands innanlands t.d. vegna náttúruhamfara.

Áhersla er á starf með börnum og unglingum sem endurspeglast í nokkrum verkefnum sem borin eru uppi af sjálfboðaliðum. Helst þeirra eru: Málörvun og heimanámsaðstoð fyrir börn af erlendum uppruna, starf með börnum í Kvennaathvarfinu, stuðningur við ofvirk börn og BUSL sem er starf með hreyfihömluðum unglingum í samstarfi við Sjálfsbjörg. Hlutverkaleikurinn Á flótta hefur verið skipulagður fyrir nemendur grunnskóla víða um land á undanförnum árum. Með honum er miðað að því að þátttakendur öðlist skilning á hlutskipti og aðstæðum flóttafólks. Unglingastarf, námskeið og fræðsla af ýmsum toga er einnig þáttur í starfi með ungu fólki.


HULDA S. HARALDSDÓTTIR

Veigamikill þáttur í móttöku flóttafólks er net stuðningsfjölskyldna sem samanstendur af sjálfboðaliðum og hefur þann tilgang að aðstoða það fólk við aðlögun í nýjum aðstæðum.

Tilgangur sölubúða sjúkrahúsanna og föndurhóps er fjáröflun í þágu góðra málefna og hafa þeir hópar stutt við starf sjúkrastofnana og fleiri aðila með góðum gjöfum og styrkjum í gegnum árin. Prjónahópur vinnur að verkefninu Föt sem framlag og styrkir Hjálparsjóð Rauða krossins með sölu í L-12 Rauðakrossbúðinni en þar eru sjálfboðaliðar við afgreiðslu.

Reykjavíkurdeild tekur virkan þátt í alþjóðastarfi Rauða krossins með þátttöku í átaksverkefnum sem oft eru fjáröflunarverkefni að beiðni Alþjóða Rauða krossins. Slík verkefni krefjast samtakamáttar Rauða krossins og þátttöku almennings.

Eins og sjá má af því sem hér hefur komið fram er starf sjálfboðaliða kjarninn í starfsemi Reykjavíkurdeildar Rauða krossins eins og í starfi Rauða krossins um heim allan. Að vilja láta gott af sér leiða er algengasta ástæða þess að fólk kýs að starfa fyrir hreyfinguna enda gott og göfugt að gefa af tíma sínum til verkefna hennar sem í dag eru sameinuð í heitinu Byggjum betra samfélag. Með því gefst tækifæri til að bæta við reynslu sína og þekkingu hvort sem er á nýju sviði eða kunnugu og um leið að tilheyra öflugum félagsskap með mannúðarhugsjón að leiðarljósi.

Mörg og ólík verkefni kalla á mikinn mannskap en að öllu jöfnu starfa sjálfboðaliðar í langtímaverkefnum 6-12 tíma á mánuði fyrir hreyfinguna. Öðru hverju er þörf fyrir sjálfboðaliða til skemmri átaksverkefna.

Við viljum óska sjálfboðaliðum okkar til hamingju með daginn og um leið vekja athygli á að við erum aldrei of mörg. Við bjóðum ávallt nýtt fólk velkomið í okkar góða hóp. Nánari kynningu á starfi sjálfboðaliða fyrir Reykjavíkurdeild má nálgast á heimasíðu deildarinnar: www.redcross.is/reykjavik og hjá Sjálfboðamiðlun R-RKÍ. Sími: 545 0408. Netfang: sjalfboðamidlun@redcross.is

Fyrir hönd Reykjavíkurdeildar RKÍ.

*Höfundur er forstöðumaður Sjálfboðamiðlunar.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Jólin koma
Fullt af frábærum gjöfum
10x aðdráttur

Kodak EasyShare V610

Tvær linsur
Bluetooth
Minnsta myndavélin á markaðnum
með 10 x aðdrætti
Sendu myndirnar þráðlaust til þeirra
í kringum þig
Bluetooth tæknin gerir kleift að senda
þráðlaust í tölvu, GSM síma eða prentara
6.1 milljón pixla, gerir þér kleift að
stækka í allt að 75 x 100 sm
Tvær linsur 38-114 mm og 130 - 380 mm
2,8" skjár
Video upptaka með 10 x aðdrætti og hristivörn
Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki fylgir
NÝ VÉL
Kr. 2.408,- 24 mán
Kr. 44.980,-

iriver
MP3 spilari - N11
Swarovski Crystal

1GB Minni
Allt að 500 lög
Allt að 13 tíma í spilun
Diktafónn
Hleður í gegnum USB
Lítill og meðfærilegur
6 banda tónjafnari
Vigtar aðeins 22gr með rafhlöðu
Kr. 16.490,-

Kodak EasyShare CX7330
og ljósmyndaprentari

3.1 Megapixlar
1.6 LCD skjár
37-111mm linsa
Ljósop f/2.7- f/5.2
3x optískur aðdráttur
3.3x stafrænn aðdráttur
Tekur 3 myndir á sek.
Vídeóupptaka

Kodak ljósmyndaprentari
Prentun með eða án tölvu.
Einn hnappur og yfirfærsla á tölvu
Verðlaunuð Kodak myndgæði
Myndir sem endast í allt að 100 ár
Pappir skemmist ekki af fingraförum.
Pappír vatnsvarinn
Kodak XTRALIFE húðaður pappír
Kr. 15.980,-

Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar

SAMSUNG DIGIMAX S500

5,1 M.pixlar
3x optical zoom
Stór 2,4" LCD-skjár
1/1,25 CCD-sensor
5 forstillingar
VGA-vídeóupptaka
9 innbyggðir myndarammar
16 MB innra minni
Kr. 19.900,-

SAMSUNG DIGIMAX i6 PMP

TIPA 2006
6 M.pixlar
3 x optískur aðdráttur
Mp 3 spilari
Hristivörn
2,5" skjár
Tekur video
Mikið af séreiginleikum
Frábær hönnun
Kr. 3.596,- 12 mán
Kr. 36.980,-

HANS PETERSEN
Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind
12 mán 24 mán Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 eða 24 mánaða


# Sjálfboðaliðar Rauða kross Íslands vinna gegn ofbeldi

**UMRÆÐAN**
Dagur sjálfboðaliða

Landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Evrópu komu saman í Berlín árið 2002 til að ákveða forgangverkefni sín til næstu fjögurra ára. Þar var sett á oddinn nauðsyn þess að takast á við vandann sem alþjóðlegir fólksflutningar í álfunni hafa skapað, með því að vekja athygli á þörfum þeirra sem flytjast milli landa og því misrétti sem fólk er iðulega beitt í nýju umhverfi og aðstæðum.

Í Berlínaryfirlýsingunni skuldbundu evrópsku Rauðakrossfélögin sig meðal annars til að vinna gegn ofbeldi í samfélaginu. Að virða ólíka menningu mismunandi þjóðfélagshópa. Að hvetja ríkisstjórnir landa sinna til að tryggja að almenn mannréttindi allra þjóðfélagsþegna séu í heiðri höfð án nokkurrar mismununar.

Það var því í anda Berlínaryfirlýsingarinnar að stjórn Rauða kross Íslands sendi íslenskum stjórnvöldum áskorun nú í haust um breytingar á lögum um útlendinga vegna slæmrar stöðu kvenna af erlendum uppruna sem skilið hafa við maka sinn sökum heimilisofbeldis. Áskorunin kom í kjölfar umræðu um að konur frá löndum utan EES-svæðisins ættu á hættu að vera vísað úr landi eftir að hafa yfirgefið íslenska eiginmenn sína vegna ofbeldis af þeirra hendi. Þessar konur eru mun verr settar en íslenskar kynsystur þeirra í svipuðum aðstæðum vegna skorts á tengslaneti og upplýsingum um rétt sinn.

Rauði kross Íslands fór fram á það við íslensk stjórnvöld að fundin yrði varanleg lausn í lagalegu og félagslegu tilliti, réttindi kvennanna yrðu skýrð og þeim auðveldað að leita réttar síns. Mikilvægt er að þeim verði, eins og öðrum íbúum á Íslandi, tryggð mannréttindi. Mál þeirra fái sanngjarna meðferð og að réttur þeirra til áframhaldandi búsetu á Íslandi eftir skilnað við maka sé tryggður kjósi þær það. Þetta er dæmi um eitt af þeim mörgu málefnum sem tengjast ofbeldi gegn konum, sem


ANNA STEFÁNSDÓTTIR

*Það var því í anda Berlínaryfirlýsingarinnar að stjórn Rauða kross Íslands sendi íslenskum stjórnvöldum áskorun nú í haust um breytingar á lögum um útlendinga vegna slæmrar stöðu kvenna af erlendum uppruna sem skilið hafa við maka sinn sökum heimilisofbeldis.*

Rauði kross Íslands lætur til sín taka.

Sjálfboðið starf er eitt af grundvallarmarkmiðum Rauða kross Íslands. Sjálfboðaliðar félagsins hafa unnið með Kvennaathvarfinu að verkefni sem snýr að öllum þeim sem þangað hafa þurft að sækja um lengri eða skemmri tíma vegna ofbeldis. Ungmennadeild Reykjavíkurdeildar starfrækir verkefnið í samvinnu við Kvennaathvarfið og Háskóla Íslands. Sjálfboðaliðarnir sinna börnum sem koma með mæðrum sínum í Kvennaathvarfið. Markmiðið með verkefninu er að létta börnunum dvölina með markvissu félagsstarfi um helgar. Allir sjálfboðaliðarnir sækja námskeið og fá fræðslu um börn, sem búið hafa við ofbeldi á heimili.

Í Hjálparsímanum 1717 svara sjálfboðaliðar Rauða kross Íslands símtölum, meðal annars frá konum sem beittar hafa verið ofbeldi. Þar er veittur stuðningur og bent á þau úrræði sem til staðar eru. Með Konukoti, næturathvarfi fyrir heimilislausar konur, sem rekið er af Reykjavíkurdeild Rauða krossins, skapa sjálfboðaliðar og starfsmenn gestum sínum öruggt skjól. Allir sjálfboðaliðar Rauða kross Íslands sem vinna verkefni sem þessi skrifa undir trúnaðareið og er mikið lagt upp úr því að hann sé virtur.

Rauði kross Íslands er eitt af mörgum félagasamtökum, sem standa að sextán daga alþjóðlegu átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Jafnframt því að vekja athygli á aðstæðum þolenda kynbundins ofbeldis vil ég nota daginn í dag – 5. desember, alþjóðlegan dag sjálfboðaliða – til að þakka öllum þeim sem gefa af sér með sjálfboðnu starfi og létta þannig byrðar þeirra sem búa við ofbeldi í þjóðfélaginu.

*Höfundur er hjúkrunarfræðingur og varaformaður Rauða kross Íslands.*

# Ísland fyrir „alla“

**UMRÆÐAN**
Innflytjendamál

Adam Smith skrifaði um frjálst flæði fjármagns og vinnuafls, að hið frjálsa flæði væri undirstaða frekari þróunar í viðskiptum. Síðast en ekki síst væri hið frjálsa flæði hliðhollt hugmyndum manna um jafnan rétt allra til lífsgæða líðandi stundar. Þegar upp rísa miklar hæðir í efnahagsmálum á einum stað getur hið frjálsa flæði styrkt bágt ástand annars staðar. Af hinu frjálsa flæði fjármagns og vinnuafls er því útkoman aukinn jöfnuður og aukin lífsgæði fyrir fleiri frekar en færri.

Hér á landi hefur risið upp stjórnmálaflokkur sem aðhyllist ekki hið frjálsa flæði. Starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði, sem eru af erlendu bergi brotnir, virðast samkvæmt umræðu liðinna daga vera þessum stjórnmálaflokki þyrnir í augum og ógn við hinn íslenska vinnumarkað. Þessi flokkur er Frjálslyndi flokkurinn.

**Viljum við íslensk eða erlend fyrirtæki?**

Íslenskur vinnumarkaður býr við betri kjör en þekkist víðast hvar annars staðar í hinum vestræna heimi. Íslensk stjórnvöld gera sér fulla grein fyrir mikilvægi þess í störfum sínum að umhverfi fyrirtækja á Íslandi sé aðlaðandi í hinni miklu samkeppni sem ríkir á milli þjóðríkja í þessum efnum. Án efa mun skortur á sérhæfðu starfsfólki verða íslenskum fyrirtækjum áhyggjuefni og hugsanlega koma í veg fyrir að þau geti eflst og stækkað og þar með tryggt viðvarandi hagvöxt öllum Íslendingum til hagsbóta. Hún er að því að mínu mati steinrunnin og án skynsamlegrar framtíðarsýnar sú stefna sem Frjálslyndi flokkurinn hefur boðað í störfum sínum undanfarin misseri. Stefna flokksins hefur borið alvarlegan keim af kynþáttafordómum og er að mínu óvönduð í alla staði. Varaformaður flokksins hefur dregið vagninn fyrir hönd flokksins sem hugsanlega skýrir þá miklu stefnubreytingu sem forysta flokksins stendur nú fyrir.


GUNNAR ÖRN ÖRLYGSSON

**Óánægjufylgi**

Í stjórnmálasögunni hafa komið upp stjórnmálaöfl sem gera út á óánægjufylgi. Í dag er Frjálslyndi flokkurinn gott dæmi um slíkan flokk enda hefur málflutningur þeirra verið sem lífróður fyrir hverju atkvæði. Málflutningur frjálslyndra hefur verið illa ígrundaður eins og komið hefur fram með hártogi innanbúðarmanna á opinberum vettvangi. Ávallt og því miður er sá möguleiki fyrir hendi að flokkar einhenti sér að ná til þeirra sem eru síður þenkjandi og hugsanlega opnir og meyrir fyrir pólitík sem einkennist af sleggjudómum og upphrópunum. Óvandaðir fjölmiðlar geta einnig fallið í sömu gryfju en vitað er að líftími þeirra er jafnan stuttur.

*Erlendir borgarar virðast ekki eiga gildi í hinnu nýju pólitísku jöfnu sem Frjálslyndir henda nú fram á sjónarsviðið. Ódýrari getur pólitíkin varla orðið.*

**Trúverðugur málflutningur?**

Á hátíðar- og tyllidögum hafa frjálslyndir talað fyrir landsbyggðinni. Staða landsbyggðarinnar væri alvarleg ef ekki hefði notið krafta erlendra starfsmanna. Um það síðastnefnda er varla ágreiningur um. Tvíræðni og óheilindi fylgja málflutningi manna sem þykjast tala fyrir landsbyggðinni á sama tíma og þeir tala fyrir heftu flæði erlendra borgara sem eru tilbúnir að leggja hönd á plóg við starfsemi fyrirtækjanna. Að sama skapi eru í því mikil óheilindi fundin þegar talað er fyrir jöfnuði og hinir sömu eru ekki reiðubúnir að taka á móti fátækum og atvinnulausu fólki á sama tíma og brennandi eftirspurn er eftir fólki til starfa. Jafnaðarhyggjan virðist vera sér íslenskt fyrirbrigði í augum Frjálslynda flokksins. Erlendir borgarar virðast ekki eiga gildi í hinni nýju pólitísku jöfnu sem frjálslyndir henda nú fram á sjónarsviðið. Ódýrari getur pólitíkin varla orðið.

**Fordómaleysi og skynsemi**

Sjálfur er ég fylgjandi því að skilyrða erlenda borgara sem koma til landsins að læra íslenskt mál, sögu þjóðarinnar og menningu. Að því er unnið meðal íslenskra stjórnvalda. Ég er því einnig fylgjandi að herða beri viðurlög á íslenska atvinnurekendur sem með einum eða öðrum hætti brjóta á lögbundnum rétti starfsmanna sinna, íslenskra sem og erlendra.

Umfram allt er þýðingarmikið að allir einstaklingar leggi sig fram við að losa á ólum fordóma sinna og láti þess í stað skynsemi og umburðarlyndi ráða ferðinni.

Stefna Frjálslynda flokksins í innflytjendamálum er þvert á stefnu flokksins sem ég var kynntur fyrir í aðdraganda kosninga til Alþingis vorið 2003. Frjálslyndið og umburðarlyndið á ekki lengur við í störfum og stefnumiðum flokksins. Frelsi, jafnrétti og bræðralag geta varla talist vera einkunnarorð Frjálslynda flokksins.

Ég þakka þeim sem lásu.

*Höfundur er alþingismaður.*









## ALLT HITT

[ HEILSA JÓLIN KOMA ]

**Konur** sem eru of léttar eru allt að 72 prósent líklegri til að missa fóstur en aðrar konur. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem fjallað er um á fréttavef BBC.

**Landlæknisembættið** hefur komið á fót skrá yfir ljósmæður sem fengið hafa leyfi til starfa á Íslandi. Í skránni er hverri ljósmóður úthlutað einkvæmu númeri sem enginn annar fær, jafnvel þótt viðkomandi hverfi frá störfum. Nánar á www.landlaeknir.is

**Jólastjarnan** er nýr mynddiskur með jólaefni. Þar er margs konar efni sem tengist jólum og aðventunni. Jóhanna Vigdís Arnardóttir syngur jólalag og les sögu um stjörnuna skæru eftir Herdísi Egilsdóttur. Herdís leiðbeinir við jólaföndur, sr. Ása Björk Ólafsdóttir rifjar upp sögu aðventunnar, Árni Björnsson þjóðháttafræðingur svarar spurningum barna um jólin á Íslandi í gamla daga og margt fleira.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 5. desember, 339. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.55 | 13.18 | 15.41 |
| Akureyri | 11.05 | 13.03 | 15.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Gígja er nýútskrifuð úr læknisfræði og æfir hina fornu bardagaíþrótt júdó á milli þess sem hún vinnur á Landspítalanum. Hún kveður þetta skemmtilega íþrótt og hvetur kynsystur sínar til að kynna sér hana.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Að snúa vörn í sókn

***Gígja Guðbrandsdóttir læknakandídat söðlaði um fyrir nokkrum árum þegar hún skipti úr dans yfir í júdó.***

„Ég er búin að æfa júdó hjá Júdófélagi Reykjavíkur frá því um tvítugt eða í átta ár," segir Gígja. „Fyrir þann tíma hafði ég æft dans um árabil. Þegar ég var á lokaári í menntaskóla tók ég aftur á móti ákvörðun um að fara í læknisfræði og vildi finna íþrótt sem væri ekki eins tímafrek. Þá kom Bjarni Friðriksson, núverandi þjálfari minn, með kynningu á júdó í skólann og ég sló til."

Gígja segir það stundum hafa verið haft á orði að hún væri of orkumikil fyrir dansinn svo júdóið hafi hentað sér vel. „Auðvitað er ákveðinn munur þarna á, en margt úr dansinum gagnaðist mér engu að síður vel í júdóinu, eins og snerpa og teygjanleiki," bætir hún við.

Að sögn Gígju iðrast hún þess ekki að hafa söðlað um með því að skipta dansinum út fyrir júdó. Hún fylgist enn með vinkonum sínum sem æfa dans og fær sjálf útrás fyrir dans, en þó aðallega á skemmtistöðum borgarinnar.

Af orðum Gígju að dæma er júdó þó enginn barnaleikur og algengt að konur þurfi að etja kappi við karla. „Við erum því miður enn of fáar í þessari íþrótt og af þeim sökum þurfum við að takast á við strákana," segir hún og bætir við að þar sé reyndar ágætis grunnur lagður að sjálfsvörn. „Í júdó lærir maður að snúa vörn í sókn og ég veit um nokkrar stúlkur sem hafa þurft að beita þeirri tækni í daglegu lífi."

*roald@frettabladid.is*

## Hátíð barna eða helsi fullorðinna

JÓLAKVÍÐINN, ER HANN FYLGIFISKUR JÓLA EÐA BÁBILJA - HVAÐ ER TIL RÁÐA? ER YFIRSKRIFT MÁLÞINGS Á VEGUM LÍKNARFÉLAGSINS HANDARINNAR

Jólin vekja blendnar tilfinningar í hugum margra, eru þeim fagnaðarefni um leið og þeir kvíða fyrir jólunum. Snýst málþingið um þennan kvíða.

Aðalræðumaður fundarins er Jóhannes Jónsson kaupmaður, Páll Eiríksson geðlæknir er með hugleiðingu og sr. Sigurður Jónsson flytur erindið „Jólin koma". Fundarstjóri er Kári Eyþórsson ráðgjafi.

Málþingið verður haldið þriðjudaginn 5. desember í neðri sal Áskirkju, kl. 20:30. Er það liður í fyrirlestraröð Líknarfélagsins Handarinnar, sem hefur meðal annars staðið fyrir fræðslufundum um fíkniefnaneyslu og betra sjálfstraust. Nánari upplýsingar má finna á www.hondin.is



Jóhannes Jónsson verður aðalræðurmaður á málþinginu.





**Kvefpestir** virðast hrjá landann þessar vikurnar. Sýnið fyrirhyggju og fáið ykkur sólhatt og C-vítamín. Ólívulauf gera einnig kraftaverk. Enginn vill vera veikur á jólunum.



Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Öðruvísi jólahlaðborð
kl. 11:30 - 15:00
Fimmtudagur 07. des.
Föstudagur 08. des.
Föstudagur 15. des.
Laugardagur 16. des.
WWW.MADURLIFANDI.IS



Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is










Betri einbeiting
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðasmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðasmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi





Hálsmixtúra og Magamixtúra úr íslenskum fjallagrösum



allt matur
Alla föstudaga


# Tólf mikilvæg spor úr viðjum vítahringa

*Um tólf spora kerfið, uppruna þess, tilgang og merkingu.*

Flestir hafa heyrt talað um tólf spora kerfið. Hvort sem er í samhengi við sjálfshjálparhópa óvirkra alkóhólista, spilafíkla, ofæta eða annarra sem eru fastir í viðjum vítahrings niðurbrjótandi hegðunarmynsturs. En hver eru þessi „spor“ nákvæmlega og út á hvað ganga þau?

Upprunalega var það leiðtogi trúarlegrar hreyfingar í Bandaríkjunum sem lagði drögin að sporunum tólf. Hreyfing þessi var kennd við Oxford og forsprakki hennar var maður að nafni Frank Buckman (f. 1878 - d. 1961). Samkvæmt Buckman var nauðsynlegt að ástunda heiðarleika og hjálpsemi í lífinu og leggja allt sitt traust á Guð og handleiðslu hans. Og talandi um Guð. Ef fólk átti í vandræðum með að finna hann þá hafði Oxford-hreyfingin sex skref á takteinunum sem fólk gat fylgt eftir og árangurinn varð betra samband við almættið. Skrefin voru eftirfarandi:

1) Að viðurkenna ósigur gagnvart syndum sínum.
2) Að gera lista yfir syndirnar.
3) Að viðurkenna syndir sínar fyrir annarri manneskju.
4) Að bæta fyrir brot sín gegn öðru fólki.
5) Að vera hjálpfús án þess að ætlast til þess að fá eitthvað í staðinn.
6) Að biðja til Guðs um að mega fylgja þessum reglum eftir.



Verðbréfasalinn Bill Wilson gat hætt að drekka með því að ástunda sex skref Oxford-hreyfingarinnar. Síðar endurskrifaði hann skrefin sex svo úr urðu 12 spor.

Bill Wilson var drykkjumaður, verðbréfasali og athafnamaður sem hafði háð langa baráttu við að ýmist reyna að hætta áfengisneyslu sinni eða hafa hemil á henni. Ásamt drykkjusjúkum vini sínum fór hann á fund hjá Oxford-hreyfingunni og þar gerðist loksins eitthvað markvert í máli Bills. Hann náði að hætta að drekka með því að iðka þessi sex atriði í lífi sínu og ásamt vininum fór hann af stað til að upplýsa aðra drykkjusjúklinga um aðferðina. Skömmu síðar kynntist hann lækni að nafni Bob Smith, sem einnig var drykkjusjúkur, og eftir að hafa upplýst hann um þessa árangursríku aðferð drógu þeir félagarnir sig frá Oxford-hreyfingunni og stofnuðu sjálfshjálparhóp sem seinna fékk nafnið Alcoholics Anonymous. Sjálfshjálparhópurinn starfaði m.a. út frá kenningum ýmissa sálkönnuða, t.d. Carls Gustavs Jung sem hafði fundið það út að eina leiðin fyrir fólk til að hætta alveg að drekka væri að eignast samband við almættið og Willam James, frumkvöðuls á vegum sálarfræðinnar, sem í þá daga var meðal þeirra fyrstu til að rannsaka fíkn og fíknarhegðun.

Sem fulltrúi sjálfshjálparhópsins skrifaði Bill Wilson bók sem fékk nafnið Alcoholics Anonymous og þar komu fram skrefin sex í nýrri útgáfu. Hér voru þau orðin tólf og sérsniðin að þörfum þeirra sem vilja láta af áfengisneyslu sinni.

Að fylgja þessum aðferðum reyndist góð leið fyrir fjölmarga alkóhólista til að losna út úr vítahring niðurbrjótandi neyslu. AA-samtökin voru stofnuð árið 1935 en síðan þá telur fjöldi þeirra sem þau hafa stundað margar milljónir manna og kvenna af öllum trúarbrögðum, stéttum og stigum.

Þar sem þessi tólf spor virkuðu svo vel á áfengissjúka hafa aðrir tekið þau upp í nánast óbreyttri mynd og í dag eru til hundruð samtaka sem enda á „anonymous“. Innan þeirra rammast fyrst og fremst öll vímuefni, lögleg sem ólögleg, en einnig margs konar hegðun á borð við spilafíkn, ofát, ástarsambönd og kynlífsfíkn og margt fleira. Í raun má segja að til séu nafnlausir sjálfshjálparhópar yfir flest það sem getur breyst úr meinlausri ástríðu yfir í niðurbrjótandi og mannskemmandi fíkn og þráhyggju.

## Hér eru sporin tólf ásamt stuttum skýringum á merkingu þeirra:

**1.** Við viðurkenndum vanmátt okkar gagnvart áfengi og að við gætum ekki lengur stjórnað eigin lífi.
*-Einstaklingurinn horfist í augu við orsakasamhengið á milli neyslunnar og vandamála í lífinu. Viðurkennir um leið að hann hafi ekki stjórn á þessu með eigin „handafli“.*

**2.** Við fórum að trúa að máttur okkur æðri gæti gert okkur andlega heilbrigð að nýju.
*-Flestir alkóhólistar eru trúlausir og uppteknir af eigin mætti. Hér er látið af þeirri skoðun og farið að huga að því hvort ekki sé til eitthvað æðra í lífinu.*

**3.** Við tókum þá ákvörðun að fela líf okkar og vilja umsjá Guðs, samkvæmt skilningi okkar á honum.
*-Hér ætti samband við æðri mátt að vera komið á og í kjölfarið tekur einstaklingurinn ákvörðun um að leitast við að treysta æðri mætti fyrir framgangi mála í tilverunni.*

**4.** Við gerðum rækilega og óttalaust siðferðileg reikningsskil í lífi okkar.
*-Einstaklingurinn skrifar niður lista yfir alla þá sem hann hefur brotið gagnvart eða sært, hann skrifar líka niður lista yfir fólk sem hann/hún er reiður út í eða þá sem hann telur hafa gert sér eitthvað.*

**5.** Við játuðum misgjörðir okkar fyrir Guði, sjálfum okkur og annarri manneskju og nákvæmlega hvað í þeim fólst.
*-Einstaklingurinn fer á fund við aðra manneskju (sálfræðing, prest, lækni eða annan alkóhólista/fíkil) og segir frá því sem er á listanum.*

**6.** Við vorum þess albúin að láta Guð fjarlægja alla skapgerðarbrestina.

**7.** Við báðum Guð í auðmýkt að losa okkur við brestina.
*-Eftir að hafa viðurkennt syndir sínar og brot gagnvart náunganum sér einstaklingurinn allar aðstæður í nýju ljósi og um leið eigin hlut í málum. Hann tekur ákvörðun um að vera fús til þess að láta af persónuleikabrestum á borð við reiði, gremju, sérhlífni, leti eða hvað sem á við hvern og einn.*

**8.** Við skráðum misgjörðir okkar gagnvart náunganum og urðum fús til að bæta fyrir þær.

**9.** Við bættum fyrir brot okkar milliliðalaust svo framarlega sem það særði engan.
*-Nú er gerður listi yfir þá sem einstaklingurinn telur sig eiga eitthvað sökótt við og í kjölfarið fer hann og bætir fyrir það sem hann hefur gert öðrum, eftir því sem við á. Gott dæmi um þetta er hægt að sjá í sjónvarpsþáttunum My name is Earl, þar sem aðalsöguhetjan gengur með svona lista í brjóstvasanum og gerir sitt besta til að bæta fyrir syndir sínar... allt til að laga karmalögmálið í lífi sínu.*

**10.** Við iðkuðum stöðuga sjálfsrannsókn og þegar út af bar viðurkenndum yfirsjónir okkar umsvifalaust.
*-Eftir að hafa gengið í gegnum allt þetta er nauðsynlegt að viðhalda því sem hefur áunnist. Þess vegna tekur einstaklingurinn ákvörðun um að líta alltaf í eigin barm og vera tilbúinn til að draga í land eða biðjast afsökunar ef svo ber undir.*



**11.** Við leituðumst við með bæn og hugleiðslu að styrkja vitundarsamband okkar við Guð, samkvæmt skilningi okkar á honum, og báðum um það eitt að vita vilja hans og hafa mátt til að framkvæma hann.
*-Eftir að æðri máttur hefur komið í leitirnar þarf að styrkja sambandið, hvort sem er með íhugunargönguferðum, lestri, hugleiðslu, bænum eða annars konar trúariðkun.*

**12.** Við urðum fyrir andlegri vakningu er við stigum þessi spor og reyndum því að flytja öðrum alkóhólistum þennan boðskap og fylgja þessum meginreglum í lífi okkar og starfi.
*-Hjálpsemin á alltaf að vera í fyrirrúmi og því tekur einstaklingurinn ákvörðun um að neita aldrei fólki um aðstoð, sér í lagi ef það vill hætta að drekka. Að auki viðheldur hann því sem hann hefur lært með því að feta þessi spor og heldur áfram að líta í eigin barm og iðka samband sitt við æðri mátt.*

*mhg@frettabladid.is*



**Persona.is**

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Söfnunarárátta

Nú þegar styttist í jólin fara margir að gramsa í geymslum sínum í leit að jólaskrautinu. Við þessa leit er hætt við að margir rekist á leifar liðinna tíma í yfirfullri geymslunni. Það er nefnilega þannig hjá okkur blessuðum mannverunum að við tengjum gjarnan einhvers konar tilfinningalegt gildi við ótrúlegustu hluti eða teljum okkur trú um að einn daginn muni gamla fótanuddtækið koma að góðum notum á ný. En þó að við eigum oft erfitt með að henda hlutum er alls ekki víst að þar sé um svokallaða áráttu að ræða. Söfnunarárátta er nafn sem við gjarnan notum í gamni þegar einhverjum er illa við að henda eða losa sig við hluti sem þeir eru ólíklegir til að nota aftur. Því miður eru þeir þó til sem eiga verulega erfitt með að losa sig við nokkurn skapaðan hlut og unnt er að segja að það fólk þjáist af söfnunaráráttu í orðsins fyllstu merkingu.

En hvað nákvæmlega er söfnunarárátta? Söfnunarárátta er undirflokkur áráttu-þráhyggjuröskunar og finnst hjá um 18-48 prósentum þeirra sem þjást af þeim vanda, en er alls talin hrjá innan við 1 prósent mannkyns. Söfnunarárátta er skilgreind sem vandi sem einkennist af því að einstaklingur safni ógrynni hluta sem hafa takmarkað eða ekkert notagildi, húsakynni hans séu það full af þessum eignum að það nýtist illa eða ekki til þess sem þeim var ætlað og að einstaklingurinn þjáist vegna þessa.

Fólk sem þjáist af söfnunaráráttu getur orðið óvinnufært vegna þess að líf þess verður svo óviðráðanlegt og óreglulegt. Ástandið á heimili þessara einstaklinga getur orðið mjög svo erfitt og gjarnan forðast þeir að fá fólk í heimsókn eða almennt gesti inn á heimilið. Einstaklingar sem þjást af þessum hvimleiða vanda skammast sín gjarnan afar mikið fyrir ástand sitt og líður jafnvel illa í návígi við aðra vegna þessa.

**Nokkur einkenni söfnunaráráttu kunna að vera eftirfarandi:**

- Að kaupa mikið magn af nytsamlegum hlutum eins og klósettpappír, nöglum, dósamat eða álíka með það fyrir sjónum að nota það síðar en nota það svo aldrei.
- Að eiga erfitt með að henda nokkru af ótta við að henda einhverju mikilvægu eða verðmætu.
- Að eiga ítarlega lista yfir hluti eða atburði löngu eftir að þeirra hættir að vera þörf.
- Að geyma mikið magn af hlutum sem aðrir kynnu að þarfnast einhvern tímann.
- Að geyma mikið magn af hlutum sem stendur til að endurvinna.
- Að sækja reglulega hluti í ruslið.
- Að geyma ónothæfa eða brotna hluti.
- Að geyma mikið af prentuðu efni eins og tímaritum eða dagblöðum.

Eitt það sem einkennir áráttur almennt er mikill og þrálátur efi. Í söfnunaráráttu má lýsa því þannig að einstaklingurinn efist um þá ákvörðun að henda nokkru þar sem það kunni að verða honum mikilvægt síðar. Ef við hendum mikilvægum hlutum getur vel hugsast að við þurfum að upplifa einhvers konar harðræði í framtíðinni og því er að sjálfsögðu rökrétt að henda aldrei neinu eða hvað?

Einstaklingar með söfnunaráráttu safna gjarnan það miklu að híbýli þeirra líkjast frekar ruslahaug eða geymslurými en heimili og það getur skiljanlega skapað mikla erfiðleika og takmarkanir á lífsgæðum. Í einu ýktasta dæmi um söfnunaráráttu sem sögur fara af safnaði Langley Collyer um 120 tonnum af rusli, úrgangi og jafnvel saur úr ruslatunnum um Manhattan og geymdi í stórhýsi sínu þar. Langley lést þegar haugur af rusli á heimili hans hrundi á hann og kramdi.

Meðferð við söfnunaráráttu byggir að miklu leyti á atferlisfræðum þar sem safnarar eru hvattir til að losa sig við hluti á stigbundinn hátt. Þannig eru þeir hvattir til að byrja á að losa sig við hluti sem þeir eiga tiltölulega auðvelt með að henda og svo koll af kolli þar til þeir eru hvattir til að henda einhverju sem þeim finnst afar erfitt að henda. Auk þessa er mikilvægt að vinna á hugrænum þáttum áráttunnar og því hefur hugræn atferlismeðferð gefið afar góða raun í meðferð söfnunaráráttu. Ef þú eða einhver náinn þér á við söfnunaráráttu að stríða getur verið gott að benda honum á að ræða við fagmann til þess að auðvelda honum lífið. *Gangi ykkur vel,*

# Getur brosað á ný

***Isabelle Dinoire, sem fékk manna fyrst nýtt andlit eftir að hundur beit hana getur sýnt svipbrigði á ný.***

Heimurinn stóð á öndinni þegar Dinoire, sem er frá bænum Amiens í Frakklandi, kom fram á blaðamannafundi í febrúarmánuði á þessu ári til að sýna nýtt andlit sem læknum hafði tekist á græða á hana.

Frá þeim tíma hefur Dinoire náð góðum bata sem sýnir sig meðal annars í því að hún hefur nú endurheimt hreyfigetu í andliti, meðal annars hæfileikann til að brosa.

Læknarnir sem framkvæmdu aðgerðina á Dinoire fyrir tæpu ári segja hana vel heppnaða en Dinoire fékk nýtt nef, varir og höku eftir að hennar eigin hundur réðst á hana. Þeir segja að andlitið hafi jafnað sig og líti eðlilega út þrátt fyrir nokkur ör. Nú skeri hún sig ekki lengur úr fjöldanum. Þessu til staðfestingar segjast nánustu vinir Dinoire og vandamenn bera aftur kennsl á hana.

Síðan Dinoire gekkst undir andlitsígræðsluna hefur Kínverjinn Li Guoxing farið í svipaða aðgerð, fékk nýtt nef, efri vör og kinn. Þá hafa læknar við Royal Free Hospital í London fengið leyfi til að framkvæma allsherjar andlitsígræðslu. Er nú hentugra umsækjenda leitað. Frá þessu er greint á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk. *- rve*



Svona leit Dinoire þegar hún kom fram á blaðamannafundi í nóvember.



Isabelle Dinoire getur nú brosað á ný en tæpt ár er frá því að nýtt andlit var grætt á hana.



Kínverjinn Li Guoxing fór í samskonar aðgerð og Dinoire.




# Reykingafólki fækkar stöðugt

***Reykingar eru algengastar hjá fólki á þrítugsaldri.***

Lýðheilsustöð fékk Capacent Gallup til að kanna umfang reykinga á Íslandi á árinu 2006. Voru kannanirnar gerðar þrisvar, snemma árs, um mitt árið og í lok þess.

Þar kom í ljós að í dag reykja um 18,8 prósent fólks á aldrinum 15 til 89 ára daglega en fyrir fimmtán árum var þessi tala um 30 prósent. Umfang reykinga er því á hægri en stöðugri niðurleið.

Ekki er verulegur kynjamunur en þó eru karlar örlítlu fleiri því 21 prósent karla reykir daglega miðað við 17 prósent kvenna.

Töluverður munur er á reykingum eftir aldri en þær eru algengastar hjá fólki á þrítugsaldri. Þar á eftir kemur aldurshópurinn 50-59 ára. Reykingar eru minnstar í elsta aldurshópnum, 80 til 89 ára.

Athyglisvert er að tíðni reykinga minnkar eftir því sem menntun eykst. Háskólamenntað fólk reykir minnst (8,3%) en þeir reykja mest sem eru einungis með grunnskólamenntun (tæp 30 prósent).

Reykingar minnka nokkuð eftir því sem fjölskyldutekjur hækka en munurinn er ekki eins afgerandi og þegar menntunin er skoðuð.



Reykingar eru minnstar í elsta aldurshópnum.








# Ormurinn hjálpar fólki að bera höfuðið hátt

***Stuðningspúðar og hálskragar eru meðal þess sem fæst í bara list-iðju Bjargeyjar Ingólfsdóttur iðjuþjálfa sem opnuð verður í dag kl. 14 að Háhæð 10 í Garðabæ.***

Bjargey hefur hannað ýmsa stuðningspúða og að hennar sögn er tilgangurinn sá að framleiða vöru sem getur átt þátt í að fjölga verkjalausum gæðastundum við ýmiskonar iðju eða í hvíld. Bara 6 kallar hún nýjustu afurðina. Sá púði er sérhannaður í samráði við sjúkraþjálfara á Reykjalundi og einkum ætlaður þeim sem eru slæmir í mjöðmum.

Bjargey bendir réttilega á að margir þjáist af stoðkerfisvanda eins og þrálátum verkjum í öxlum en stuðningur undir framhandleggina geri fólki kleift að slaka á í herðum og handleggjum. Því hefur hún einnig gert sérstakan púða sem minnkar vöðvaspennu þar og verki sem henni fylgja. „Púðinn er hentugur þegar setið er við handavinnu og mér er líka hugsað til þeirra sem vilja njóta þess að sitja og lesa góða bók um jólin,“ segir hún brosandi.

Svo er það ormurinn langi sem þarfnast smá útskýringa. „Ormurinn langi hjálpar þér að bera höfuðið hátt,“ segir hún sposk og sýnir hvernig hann á að hringast um hálsinn og veita höfðinu stuðning. Hún leitar gjarnan í fjársjóð bókmenntanna þegar hún finnur framleiðslu sinni nöfn og hér er það sjálf Heimskringla Snorra Sturlusonar. „Hálskraginn ber nafn hins vandaða skips Ólafs Tryggvasonar Noregskonungs og ég vona að nútíma víkingar vilji nota hann á sínum ferðalögum,“ segir hún. „Hann er ákjósanlegur ferðafélagi fyrir farþega sem vilja hvílast þegar þeir sitja í bíl eða flugvél. Einnig nýtist hann fólki sem vegna fötlunar eða slysa þarf stuðning til að geta látið sér líða betur,“ bendir hún á.

Gengið er inn í bara list-iðju Bjargeyjar að norðanverðu að Háhæð 10 í Garðabæ. Þar hefur hún hreiðrað um sig með hönnun sína og handverk sem er af ýmsum gerðum og hægt er að prófa, skoða og kaupa. Þar opnar hún í dag, þann 5. desember, „á fullu tungli“ eins og hún tekur fram og opið er frá 14 til 20 alla daga fram til 23. desember.

*gun@frettabladid.is*


Bjargey með bara 2 púðann sem styður undir framhandleggina og minnkar verki í herðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Kristjana Björk, dóttir Bjargeyjar, sýnir hvernig á að nota orminn langa.


Ormurinn langi er góður ferðafélagi í flugi og bíl.

Bara 6 púðinn er hannaður í samráði við sjúkraþjálfara á Reykjalundi.






# Vel heppnuð söfnun

***Allt söfnuðust 88 milljónir á Degi rauða nefsins.***

Landsmenn tóku höndum saman og stóðu vel á bak við söfnunarátakið Dagur rauða nefsins sem Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, stóð fyrir 1. desember. Alls söfnuðust 88 milljónir króna og er þar með talinn ágóðinn af sölu rauðra trúðanefja, geisladiski Baggalúts „Brostu“, söfnunarátaki Bylgjunnar og framlög þeirra heimsforeldra á ársgrundvelli sem skráðu sig meðan á átakinu stóð, auk 30 milljóna króna framlags frá utanríkisráðuneytinu.

3.950 heimsforeldrar bættust í hóp þeirra sem fyrir voru meðan söfnunarátak UNICEF stóð yfir. Þar með eru íslenskir heimsforeldrar orðnir 11.600 og á ársgrundvelli styrkja þeir börn í sárri neyð um 139 milljónir króna. Árangurinn fór fram úr björtustu vonum og söfnuðust tæpar 11 milljónir króna í gegnum sölu á rauðum trúðanefjum, geisladiski Baggalúts og með frjálsum framlögum. Utanríkisráðuneytið veitti 30 milljónir króna til landssöfnunarinnar og verður þeim varið til menntaverkefna UNICEF í Síerra Leóne.


Margir lögðu góðu málefni lið.


Hjartaígræðslur hafa verið framkvæmdar árum saman en tiltölulega stutt er síðan læknar fóru að græða hendur á menn.

# Ný hönd eftir 30 ár

***Bandaríkjamaðurinn David F. Savage gekkst nýverið undir handígræðslu eftir að hafa misst hönd í vinnuslysi fyrir meira en þrjátíu árum.***

Það er algjört einsdæmi að jafn langur tími líði frá því að sjúklingur missir hönd sína þar til ný er grædd á hann eins og í tilfelli Savage.

Læknar voru því ekki á einu máli um hvort aðgerðin myndi heppnast eða ekki. Ekki síst í ljós þess hversu mikið æðarnar í handleggnum á Savage höfðu skroppið saman frá því að vinnuslysið átti sér stað.

Þrátt fyrir að vitað væri að æðakerfi handleggsins yrði undir miklu álagi ákváðu læknar að láta slag standa. Alls tóku 32 læknar þátt í að græða nýja hönd á Savage í tveimur skurðaðgerðum sem tóku hvorki meira né minna en 16 klukkutíma.

Savage, sem er nú undir læknaeftirliti og neytir tilraunalyfsins Campath, sem á að koma í veg fyrir að líkaminn hafni ígræddu hendinni, sótti um ígræðslu fyrir sex árum og stóð í málaferlum við fyrrverandi atvinnurekanda sinn í þrjú ár.

Savage hafði verið á biðlista í þrjú ár áður en hentugur líffæragjafi fannst. Er hann sá þriðji sem undirgengst handígræðslu með góðum árangri. Frá þessu er greint á fréttavef CNN, www.cnn.com.

-rve

# Krabbameinsvaldandi efni í kókaíni

***Sala á óhreinu kókaíni eykst í Bretlandi.***

Breskir eiturlyfjasalar er í síauknum mæli farnir að blanda kókaíni saman við önnur, ódýrari efni til að maka krókinn. Er efnið því orðheldur útþynnt þegar það berst neytendum.

Dæmi eru um að ódýrari efni eins og verkjalyfinu phenacetin sé blandað saman við kókaín, en lyfið var tímabundið bannað árið 1968 eftir að í ljós kom að það var krabbameinsvaldandi.

Það er ekki óalgengt að hreint kókaín sé einungis 70 prósent af kókaíninu sem selt er á götunni. Í Bretlandi er talið að það fari allt niður í 30 prósent.

Kókaínneysla er hvergi talin meiri í Evrópu en á Bretlandseyjum. Fimm prósent ungmenna frá Wales og Englandi viðurkenndu að hafa neytt kókaíns samkvæmt nýlegri könnun. Hafði neyslan fjórfaldast hjá ungmennum á aldursbilinu 15 til 24 ára síðustu tólf ár. Þá hafði kókaínneysla fullorðinna þrefaldast á síðastliðnum áratug.

Vegna sívaxandi eftirspurnar eykst kókaínsmygl til Bretlands með ári hverju og er ýmsum aðferðum beytt til að reyna að koma efninu fram hjá tollgæslunni. Dæmi eru um að menn hafi innbyrt eitt kíló af kókaíni í plastpökkum. Þá hafa latex-pakkar með tæpum fjórum kílóum af kókaíni fundist saumaðir við kviðvegg hunda. *- rve*


Algengt er að kókaín, sem gjarnan er kallað kampavín eiturlyfjafíkla, sé þynnt með krabbameinsvaldandi efnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI










**Jólamyndir**
koma manni alltaf í rétta hátíðarskapið. Í nútímanum er ekkert að því að sækja jólaskapið út á videóleiguna.















Jólaskemmtun Hugleiks hefur glatt margan manninn. Þessi mynd er tekin árið 2002 við leik á verkinu Þegar Grýla stal jólunum eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur.

# Ákaflega gaman þá

***Hugleikur gefur jólabónus.***

Nú fer aðventan í hönd og þá er hefð fyrir því að leikfélagið Hugleikur bregði sér í jólafötin og skemmti sér og öðrum sem aldrei fyrr. Jóladagskrá Hugleiks heitir að þessu sinni Jólabónus og Sigurður H. Pálsson, formaður félagsins, var inntur eftir því hvað þar fer fram.

„Á dagskránni eru fjórir nýir frumsamdir leikþættir, þar af er einn örsöngleikur sem fjórir höfundar eru skrifaðir fyrir,“ segir hann. „Svo verður alls konar tónlist með ýmsum flytjendum, söngsveitin Hjárómur treður upp sem og hin gamalkunna stórsveit Ljótu hálfvitarnir. Svo er aldrei að vita nema gripið verði í jólaföndur.“

Leikfélagið Hugleikur fékk á dögunum viðurkenningu á degi íslenskrar tungu fyrir nýsköpun í leikritun, útúrsnúning ýmiskonar á tungumálinu og alls kyns meðferð á menningararfinum. Í vetur hefur félagið látið ljós sitt skína í Þjóðleikhúskjallaranum einu sinni í mánuði með dagskrá undir yfirskriftinni Þetta mánaðarlega þar sem félagsmenn leika einþáttunga eftir félagsmenn í leikstjórn félagsmanna. Jólabónusinn er hluti af þeirri dagskrá.

„Höfundarnir eru allir þekktir hugleikshöfundar og allir þættirnir hafa meiri eða minni tengingu við jólin þó að sumt sé kannski þess eðlis að maður myndi ekki kalla það beinlínis jólalegt í hefðbundnum skilningi. En við reynum okkar besta til að koma fólki í jólaskap,“ segir Sigurður.

Jólalævintýri Hugleiks var sýnt í fyrra við gríðarlega aðsókn og var ein best sótta sýning félagsins frá upphafi. „Félagið setti fyrst upp jóladagskrá árið 2000 þegar nokkur jólabörn innan félagsins tóku sig til og settu saman dagskrána Rauð jól, sem sýnd var í Kaffileikhúsinu,“ segir Sigurður. „Síðan hefur tíðkast að Hugleikur jóli fyrir landsmenn á aðventunni, þó ekki síðan 2003 svo það er víst að margir hlakka til.“

Jólabónusinn verður framinn í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld og á fimmtudaginn og hefst klukkan níu.

*- bb*

## happdrætti }

### Jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins

DREGIÐ VERÐUR 24. DESEMBER.

Nýlega voru sendir út miðar í jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins. Vinningar eru 186 talsins að verðmæti 22,8 milljónir króna. Aðalvinningurinn, að verðmæti 3.475.000 króna, er KIA Sorento frá Heklu. Annar aðalvinningurinn er bifreið eða greiðsla upp í íbúð að verðmæti 1.000.000 krónur. Einnig eru 184 vinningar úttektir hjá ferðaskrifstofu eða verslun, hver að verðmæti 100.000 krónur. Vinningarnir eru skattfrjálsir. Dregið verður 24. desember.

# Gæludýrin á hótel um hátíðarnar

***Það er ekki hlaupið að því að taka gæludýrin með sér þegar maður bregður sér í frí. Sérstaklega í kringum jólin.***

Fæst dýr er hægt að taka með sér í frí út á land eða erlendis svo þá er oft gott að eiga vissan samastað fyrir besta vininn eða litlar kisur.

Smádýr í búri og meira segja fiska er auðveldlega hægt að taka með sér í frí út á land, hvort sem er í bíl eða flugi. Það borgar sig að hringja í flugfélögin og athuga með reglur um gæludýr á ferðalagi og undirbúa það ferðalag með smá fyrirvara. Langflestir hundaeigendur taka með sér félagann í frí ef því er viðkomið, en samt eru margir sem fá að vera í góðu yfirlæti á hóteli yfir hátíðarnar.

Kisurnar eru flestar heima, enda þær margar hverjar sjálfstæðar en þurfa einhvern sem kemur til að gefa þeim mat og hleypir þeim út. Þó eru margir sem vilja að kisa sé á hóteli í tryggum höndum yfir hátíðarnar ef eigendur þurfa að bregða sér af bæ. Það tíðkast ekki að taka með sér gæludýr í jólafrí til útlanda, enda strangar reglur um sóttkví á dýrum sem fara milli landa. Kattholt rekur kattahótel sem tekur við kisum yfir hátíðarnar í lengri eða skemmri tíma. Kattagæslan fer þannig fram að eigandinn pantar gæslu fyrir dýrið. Kisa þarf að uppfylla skilyrði um bólusetningu við kattafári og ormahreinsun. Þar fær hún rúmgott búr og hefur allt sem hún þarfnast. Nauðsynlegt er að dýrunum fylgi allar upplýsingar um mataræði.

*- rh*



Það væsir ekki um jólaköttinn hjá Kattholti yfir hátíðarnar.
MYND NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

**Fyrir ketti:**
Kattholt www.kattholt.is sími: 567 2909

**Fyrir hunda:**
Hundahótelið á Leirum www.hundahotel.is sími: 566 8366/698 4967
Hundahótelið Víðidal sími: 567 4020

**Fyrir öll dýr:**
Hótel Voffaborg: www.voffaborg.is



## Mín skoðun

JÓLAKÖTTURINN TEKUR TIL MJÁLMS

## Nú byrjum við aftur

HANN ER NÆSTUM KOMINN AFTUR. EFTIR RÓ OG SPEKT SÍÐUSTU MÁNAÐA, EFTIR ÓÁREITTAN SVEFN MINN, OG EFTIR YNDISLEGT TILBREYTINGALEYSI HAUSTSINS ER HANN KOMINN AFTUR. HÓHÓ OG EITT SKRAMBANS HÓ TIL. JÓLAMÁNUÐURINN MEÐ ÖLLU HÚMBÚKKINU SKELLUR NÚ Á OKKUR EINS OG BRIM Á STRÖND.

Vitiði hvað er verst við jólin? Það eru öll ljósin. Það er ekki hægt að sofa fyrir þessum rauðu, bláu, gulu og grænu jólaljósum. Kringlan og Laugavegurinn lýsa upp himininn eins og kjarnorkusprengjurnar í Hiroshima og hinni borginni sem fólk man aldrei hvað heitir. Hún heitir Nagasaki og það dóu alveg jafn margir!

Nýlega sagði vísindamaður í sjónvarpinu með úfið hár og þykk gleraugu að aðeins eitt mannvirki á jörðu sæist úr geimnum. Það er ekki Kínamúrinn, þöngulhausarnir ykkar, heldur upplýst og ofurskreytt þak Kringlunnar. Ljóssúla efnishyggju og jólabrjálæðis sem lýsir upp himingeiminn fyrir alla að sjá.

Ef geimverur finna okkur einhvern tímann komast þær að tvennu um okkur. Þær sjá ljósið frá Kringlunni og halda að við séum öll bandbrjálaðir sóldýrkendur, og hins vegar heyra þeir fyrstu útvarpssendinguna sem send var út í geim. Lýsingu á Nasistaólympíuleikunum í Berlín 1936. Vá, góður vitnisburður um mannkynið. Geimverurnar eiga ekki eftir að nenna að koma og senda bara nifteindakjarnorkuvetniskjarnakljúfandi sprengjur hingað, bara til að vera vissir að Hitler sé örugglega dauður.

Ég er farinn að sofa. Þið þarna sem búið í blokkum og ætlið að vera ótrúlega hallærisleg og skreyta öll eins. Svolítið mikið Safamýrin ´83. Alveg glatað.

## Á Jóladöfinni }

### 5. DESEMBER



Jólabónus Hugleiks verður afhentur í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld kl. 21. Þar verða sýndir fjórir einþáttungar sem allir tengjast jólunum á einn eða annan hátt, jólatónlist leikin og jafnvel gripið í föndur. Öll skemmtunin er samin, sviðsett og leikin af meðlimum í Hugleik.

Blásarakvintett Reykjavíkur og félagar halda sína árlegu serenöðutónleika í 26. sinn í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld, á dánardegi Mozarts. Af því tilefni leika þeir félagar hina stórfenglegu kvöldlokku „Gran Partitta“ K 361 fyrir 13 blásara. Tónleikarnir hefjast kl 20.00

Frostrósartónleikarnir verða í Laugardalshöll kl. 18 og 21. Þar koma fram nokkrar heimsþekktar söngkonur eins og Sissel Kyrkjebo og Petula Clark ásam Ragnhildi Gísladóttur, Eivöru Pálsdóttur, karlakórnum Fóstbræðrum, drengjakór Reykjavíkur, slagverkssveit og stórhljómsveit.

# Léttreykt hátíðalamb í berjablöndu

***Sláturfélag Suðurlands kynnir sérvalið léttreykt lambalæri á jóladiskinn.***

Nú á aðventunni kynnir Sláturfélag Suðurlands sérstakt hátíðalamb fyrir landsmönnum. Um er að ræða sérvalið og hálfúrbeinað lambalæri, léttsaltað og léttreykt sem er marínerað í sætri og ljúffengri fimmberjablöndu. Svo nánar sé gerð grein fyrir fimmberjablöndunni er hún sæt blanda sérvalinna berja þar sem bláber eru í aðalhlutverki. Kjötið er mjög safaríkt og þykir einstaklega gómsætt og girnilegt.

Hátíðalambið er komið í allar helstu matvöruverslanir og með því fylgir tillaga að hátíðlegu meðlæti og matreiðslu, sem allir ættu að prófa.



Marínerаða lambakjötið úr fimmberjablöndunni ber í sér hátíðarbragð.

# Árlegur jólamarkaður

***Jólasala iðjuþjálfunar geðdeilda við Landspítala Hringbraut verður haldin á fimmtudag.***



Markaðurinn er haldinn í anddyri geðdeildarhússins við Hringbraut og stendur frá 12.00 til 15.30, fimmtudaginn 7. desember.

Þar verða að venju vandaðar handunnar vörur á vægu verði, úrval leirmuna, vörur unnar af trésmíðaverkstæði og saumastofu. Ágóði sölunnar rennur til starfsemi iðjuþjálfunar en þangað koma bæði sjúklingar af geðdeildunum við Hringbraut og fólk utan úr bæ í endurhæfingu.





















## ÍSLENSKI BÆRINN
*Hannes Lárusson reisir torfbæjarstofnun*
SJÁ BLS. 2



## SUNNLENSKA DEILDIN
*Flekklaust sumar FC Flóa*
SJÁ BLS. 8

[ SÉRBLAÐ UM SUÐURLAND – ÞRIÐJUDAGUR 5. DESEMBER 2006 ]

# Suðurland


FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## EFNISYFIRLIT

HRÆDDIR FERÐAMENN
*Draugasetrið á Stokkseyri*
BLS. 4



ÍSLENSKUR ARKITEKTÚR
*Axelshús í Hveragerði* BLS. 4



BÓKAKAFFIÐ HANS BJARNA
*Orðinn kaffi„dama"* BLS. 8

FSU Á UPPLEIÐ
*Nám í hestamennsku* BLS. 9

ANTÍKBÚÐ Á SELFOSSI
*Rómantískar maddömmur*
BLS. 10




Hinrik Pétursson I www.mmedia.is/hip

# Við viljum að þú náir árangri

"Við vitum að með réttum tækjum og tólum eiga viðskiptavinir okkar meiri möguleika að ná árangri í sinni starfsemi. Okkar markmið er að aðstoða þá til góðra verka enda vitum við að velgengni okkar byggist á velgengni viðskiptavinanna."

**Guðríður Ólafsdóttir**
Yfirmaður fyrirtækjasviðs

LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is



Hannes Lárusson, listamaður og staðarhaldari að Austur-Meðalholti, sem líklegast er eini Íslendingurinn nú býr í torfbæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Íslenskri byggingararfleifð er gert hátt undir höfði

Listamaðurinn Hannes Lárusson vinnur nú ötult að því að reisa sérstaka torfbæjarstofnun. Hannes vill hlúa að þessari helstu byggingararfleifð Íslendinga enda hafa þessir mögnuðu mannabústaðir fylgt íslensku þjóðinni frá upphafi byggðar.

Hannes Lárusson listamaður ólst upp á fyrri helmingi ævi sinnar að Austur-Meðalholti í Flóanum og þar vinnur hann nú hörðum höndum að því að reisa torfbæjarstofnunina Íslenski bærinn. Torfbærinn að Meðalholti hefur lengi fylgt fjölskyldu Hannesar og hafa þau alltaf haldið bænum í góðu ásigkomulagi. „Hugmyndin að stofnuninni kom fyrir um sex árum og fyrir tveimur árum var lagt upp með markvisst plan sem verið er að fylgja eftir núna,“ útskýrir Hannes.

Meðan á byggingu stofnuninnar stendur hefur og mun Hannes meira og minna búa í gamla torfbænum og er þá líklegast eini einstaklingur landsins sem heldur til í baðstofu. Hannesi líkar samt vistin afar vel, jafnvel þótt hitinn fari yfirleitt niður í fimmtán gráður á nóttinni. Hann hefur einmitt verið að Meðalholti undanfarið en hann segist ekkert hafa fundið fyrir vondu veðri eða kulda. „Þetta eru afar góð hús og ég tel að vel og rétt byggð baðstofa sé með allra bestu húsum á hvaða mælikvarða sem er. Fyrst og fremst eru þetta vel hugsuð og falleg húsakynni, þar sem er gætt er að hlutföllum. Húsið heldur líka mjög vel um fólk og er mannvænt.“

En hver verður tilgangur stofnunarinnar? „Fyrst og fremst að draga athygli að íslenskri byggingararfleifð og þá sérstaklega torfbæjararfinum sem einstaklega rík og fjölbreytt arfleifð. Hún hefur fylgt okkur nær óslitið frá upphafi byggðar í landinu og fram til nútímavæðingarinnar, sem verður að teljast nokkur langur tími,“ svarar Hannes. Annar megintilgangur stofnunarinnar, að sögn Hannesar, er að sýna fram á að einnig sé hægt að byggja atvinnustarfsemi í kringum stofnun sem þessa.

Stofnunin Íslenski bærinn mun sýna byggingararfleifðina í öllum sínum fjölbreytileika og segja sögu hans. „Jafnframt á að hlúa að því verklagi sem er stór hluti af þessari byggingarlist,“ segir Hannes en byggingin sem nú er verið að reisa verður rúmlega þrjú hundruð fermetrar. Samkvæmt Hannesi er áætlað að framkvæmdum ljúki í júní 2008. Frekari upplýsingar um stofnunina Íslenski bærinn má finna á heimasíðunni www.islenskibaerinn.com.

*-sha*



Frá byggingarsvæði stofnunarinnar Íslenski bærinn sem nú rís í Flóahreppi á Suðurlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Hannes ásamt líkani af nýbyggingu stofnunarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Torfbærinn á Meðalholti sem er vissulega virðulegt húsnæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


GLEÐIGJAFAR
GÆÐA RAFTÆKI FYRIR HEIMILIÐ
PHILIPS
ÖRÞUNNT LCD
32 TOMMUR
United LTV15
15" LCD Sjónvarp með Digital Comb filter, 8w stereó hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýr-ingu. Er bæði fyrir 12 og 220V.
TILBOÐ
34.995
FULLT VERÐ 39.995
UNITED
ÖRÞUNNT LCD
15 TOMMUR
12v / 220v
Philips 32PF5331
32" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 1.600:1 skerpu, Active Control og Contrast Plus, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.
TILBOÐ
129.995
FULLT VERÐ 179.995
HD ready
PHILIPS
Philips SBHC8440
Vönduð þráðlaus HEYRNARTÓL með FM sendi og hleðsluraf-hlöðum. Henta við sjónvarpið, græjurnar eða tölvuna.
TILBOÐ
7.995
FULLT VERÐ 8.995
PHILIPS
MELISSA
Melissa 631040
Vandað fótanuddtæki með þremur mismunandi stillingum.
TILBOÐ
3.995
FULLT VERÐ 4.995
Philips FC6125
Þráðlaus KÚSTUR með rafhleðslu, stillanlegu skafti. Auðvelt að hreinsa.
TILBOÐ
7.995
FULLT VERÐ 9.995
KENWOOD
Kenwood KM315
4,6 lítra HRÆRIVÉL með 700w mótor, stiglaus-um elektrónískum hraðastilli með púls og stálskál með handfangi.
TILBOÐ
24.995
FULLT VERÐ 32.995
CASIO
EXILIM
10.1 MEGAPIXEL
Casio EXZ1000
Örsmá STAFRÆN MYNDAVÉL með 10.1 milljón punkta upplausn, Anti Shake DSP Super Life rafhlöðu sem endist 360 myndir, mjög björtum (1200 cd/m2) og skýrum 2.8" LCD Widescreen skjá (230.400 pixlar, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 7.9 - 23.7mm linsu, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 8Mb innra minni og rauf fyrir SD kort, BESTSHOT og hleðsluvöggu.
SUPER LIFE BATTERY
TILBOÐ
34.995
FULLT VERÐ 44.995
Senseo
Merrild PHILIPS
Philips HD7810 - Senseo
1450w Senseo KAFFIVÉL sem hellir upp á 1 eða 2 ferska kaffibolla í einu með froðu á aðeins 30 sekúndum. Auðvelt að hreinsa.
Veldu Senseo pakkningu og gott bragð.
Settu einn eða tvo kaffipúða í vélina.
Þrýstu á hnapp fyrir einn eða tvo bolla.
Fæst í hvítu, bláu og svörtu!
- sjá www.ht.is
VERÐ
9.995
FRÁBÆRT VERÐ
HEIMILISTÆKI ER NÚ Á ÞREMUR STÖÐUM Á LANDINU
REYKJAVÍK•AKUREYRI•SELFOSS
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT - allt vöruúrval okkar má einnig finna á vefnum www.ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
REYKJAVÍK
SÆTÚNI 8
SÍMI 569 1500
AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380
SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!

# Þjóðtrúin ekki á undanhaldi

Draugasetrið á Stokkseyri er eitt besta dæmið hérlendis um það hvernig hægt er að byggja lifandi og skemmtilegt safn. Draugasetrið er hvort tveggja fræðandi og þjóðlegt safn og viðheldur íslenskri menningu jafnframt því að trekkja að ferðamenn.



Ef sögurnar sjálfar eru ekki nóg til þess að hræða gesti Draugasetursins er sko nóg af smáatriðum inni á safninu sem sjá til þess. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Vandað hefur verið til verks til þess að gera Draugasetrið hið glæsilegasta og þurfti meðal annars mikið þrekvirki til þess að koma þessum forláta trukki fyrir á sinn stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Síðan Draugasetrið opnaði árið 2003 hefur legið þangað stríður straumur ferðamanna.

Á síðasta ári komu þangað um fimmtán þúsund gestir og í ár telur Benedikt G. Guðmundsson, umsjónarmaður setursins, að gestirnir verði jafnvel enn fleiri. Gestir á safninu fá að heyra brot af því besta sem íslensk draugasagnaarfleið hefur upp á bjóða en alls eru sagðar 24 sögur á safninu. Gestir fá sérstakt hlustunartæki sem þeir bera í gegnum safnið en á Draugasetrinu er mögulegt að heyra sögurnar á alls sjö tungumálum: íslensku, ensku, skandinavísku, frönsku, þýsku, japönsku og rússnesku. Benedikt telur afar mikilvægt að hægt sé að að bjóða leiðsögn um safnið á svo mörgum tungumálum. „Ferðamenn frá löndum á borð við Japan, Rússland og Kína koma í auknum mæli til landsins en síðan stendur þeim ekkert til boða sem ekki skilja ensku.“



24 draugasögur eru sagðar á Draugasetrinu á Stokkseyri. Reyndar treysta ekki allir sér til að hlusta á þær allar og hafa sumir jafnvel hlaupið öskrandi þaðan út. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Benedikt telur jafnframt afar mikilvægt að íslensk þjóðtrú og þjóðfræði sé kynnt fyrir þessum ferðamönnum. Hann hefur miklar skoðanir á því hvernig haga eigi menningartengdri ferðaþjónustu og telur að þar megi margt betur fara. Hann segir sem dæmi að mikilvægt sé að efnið sé sett fram á aðgengilegan og skemmtilegan máta svo að það eigi auðveldara með að síast inn. Benedikt þverneitar þó fyrir að íslensk þjóðtrú sé á undanhaldi. „Þetta er hins vegar gríðarlega mikill óplægður akur sem hægt er að vinna miklu meira úr. Ég held þess vegna að íslenska þjóðtrúin eigi einmitt sitt blómaskeið eftir. Miklu meiri útgáfustarfsemi vantar samt á efni um álfa, tröll, drauga og fleira, helst á sem flestum tungumálum.”

Benedikt og hans menn eru stórhuga þegar kemur að framtíðinni og hafa gert stórar áætlanir. Næst á dagskrá er meðal annars að opna trölla-, álfa- og norðurljósasetur. Verður það töluvert stærra en Draugasetrið og af framkvæmdunum að dæma verður setrið allt hið stórkostlegasta. Blaðamaður og ljósmyndari Fréttablaðsins skelltu sér síðan í túrinn um Draugasetrið og má með sanni segja að þeir hafi komið þaðan út skjálfandi á beinum enda er safnaþáttur setursins allur hin glæsilegasti og reyndar hin hræðilegasti líka.

Gleðilegar jólaferðir!



Vinnustaðir!
Leiksskólar!
Grunnskólar!
Fjölskyldur!

Jólatré valin, jólamarkaður Sólheimum, jólalög og sögur í Skálholti og margt fl.
Sértilboð á allar jólahlaðborðsferðir.

Sjá: www.gtyrfingsson.is

upplifðu
ÍSLAND·SÆKJUM ÞAÐ HEIM

Guðmundur Tyrfingsson ehf
S. 568 1410 og 482 1210 - Grænir og góðir!



Axelshús var lengi í eigu Knúts Bruun sem starfrækti þar gistiheimili og fyrir nokkrum árum lét hann gera húsið upp að mestu leyti. Axelshús er nú til sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tignarlegt Axelshús gleður augað

Fyrir þá sem koma til Hveragerðis er Axelshús, í brekkunni við sundlaugina, án efa eitt tignarlegasta mannvirki bæjarins. Axelshús tilheyrir reyndar Ölfusi en ekki Hveragerði en húsið var reist af kennara í Garðyrkjuskóla ríkisins sem liggur örfáum metrum frá Axelshúsi. Þar hefur lengi vel verið rekið gistiheimili en húsið var gert upp fyrir ekki svo löngu síðan. Sannarlega mikilvægur vitnisburður um arkitektúr á Íslandi.



Hið hnarreista og formfagra Axelshús sem er eitt af einkennismerkjum Hveragerðis þótt reyndar sé húsið í Ölfusi.

# Teppi fyrir veturinn



Þykk & mjúk

## Náttúrulitir

**RHODOS, VÖNDUÐ ULLARTEPPI**

**STÆRÐ OG VERÐ**
**60 x 90, verð 5.900,-**
**140 x 200, verð 39.000,-**
**170 x 240, verð 49.000,-**
**200 x 300, 79.000,-**





★★★★★
Hlýleg jólagjöf

# Persía
**TEPPAGALLERÍ**
**Bæjarlind 16, Sími: 568 6999**



**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**
**MÁN – FÖS : KL. 10 – 18**
**LAU : KL. 11 – 16 & SUN : KL. 13 – 16**



# Kærkomin heimilishjálp

| | |
|---|---|
| AA | Hæsta einkunn<br>Þvottahæfni = A<br>Sparneytni = A |
| | Stillanleg hæð<br>á efri körfu |
| STOP | Þreföld lekavörn<br>Engin lekahætta |
| | 1/2 hleðsla<br>Hægt að þvo í efri eða neðri körfu eingöngu |
| | Upplýsingaskjár<br>Sýnir þvottakerfi, hvar vélin er stödd í kerfinu o.m.fl. |

## ELBA
## Uppþvottavél

**Gerð IDW-128 alinnbyggð.**
**Fullt verð kr. 91.300**
**Jólatilboð kr. 69.900,- / 23%**

Tekur 12 manna borðbúnað
8 kerfi, m.a. spar- og hraðkerfi
3 hitastig (40-60-70° C)
1/2 hleðsla (Sparkerfi)
Stafrænar stillingar (electronic)
Upplýsingaskjár sýnir þvottaferli o.m.fl.
Þreföld lekavörn (Total aquastop)
Fyrirframstilling (Delay timer)
Hljóðmerki við lok kerfis
Hæðarstillanlegar körfur
Stálinnrabyrði og -sía
Orkunýtni A (1,05 kwh pr. meðalþvott)
Þvottahæfni A
Hljóðlát, aðeins 37 db (A)

# ELBA Jólatilboð 20-40% afsláttur

*Ítölsku ELBA tækin eru falleg, fullkomin og vönduð. Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt að leitun er að öðru eins.*

## Eldavélar

**Gerð 66-W955 hvít**
Keramikborð m/4 hi-light hellum og 4ra kerfa ofn.
BxDxH = 60x60x85 cm
*Fullt verð kr. 82.730,-*
Jólatilboð **49.900,-**

**Gerð 66-EX396 stál**
Keramikborð m/4 hi-light hellum, þ.a. 1 stækkanleg. Fjölvirkur 7 kerfa ofn.
BxDxH = 60x60x85 cm
*Fullt verð kr. 111.300,-*
Jólatilboð **69.900,-**

**Gerð 66-EX348 stál**
Gashelluborð m/4 brennurum. Fjölvirkur 7 kerfa ofn.
BxDxH = 60x60x85 cm
*Fullt verð kr. 100.590,-*
Jólatilboð **69.900,-**

**Gerð 126-EX634 stál**
Gashelluborð m/6 brennurum. 2 ofnar.
BxDxH = 100x60x90 cm
*Fullt verð kr. 196.710,-*
Jólatilboð **159.900,-**

## ELBA



## ELBA 608 - 800X
## Nýr frábær stálofn

allt að **40%** afsláttur
ELBA

10 stillingar/ 9kerfi:

* Ofnljós
* Yfir/undirhiti
* Undirhiti + blástur
* Grill eingöngu
* Yfirhiti + grill
* Grill + blástur
* Yfir/undirhiti + blástur
* Heitur blástur + undirhiti
* Heitur blástur
* Affrysting/upphitun

Ofnskúffa, plötur, og grindur með sleðaútdragi.
Kælivifta, létthreinsun.

***Fullt verð kr. 86.300,-***
***Jólatilboð kr. 69.900,-***

***Aðrir ELBA ofnar, hvítir, svartir, m/spegiláferð og stál með 20-40% afslætti frá verði.***

***Verð frá kr. 19.900,-***

Fríform býður 2ja ára ábyrgð og fullkomna varahluta- og viðgerðarþjónustu

## Viftur & Háfar

Veggvifta / Hvít eða stál
Jólatilboð **4.900,-**

Veggvifta útdregin / Hvít eða stál
Jólatilboð **13.900,-**

Vegghháfur / Stál / 60cm.
Jólatilboð **19.900,-**

Eyjuháfur/ Stál
Jólatilboð **39.900,-**

Eyjuháfur/ Gler / stál
Jólatilboð **49.900,-**

ELBA
Kærkomin heimilishjálp

## Helluborð

keramikborð með 2 eða 4 hellum
Jólatilboð frá kr. **19.900,-**

keramikborð með 4 hellum og snertirofum.
Jólatilboð frá kr. **39.900,-**

Gashelluborð með 2, 3, 4, eða 5 brennurum
Jólatilboð frá kr. **11.900,-**

**Magnafsláttur**
Ef keypt er:
2 tæki = 3%
3 tæki = 4%
4 eða fl. tæki = 5%

# Fríform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

**Opið:**
Mánudaga - föstudaga kl. 9-18
Laugardaga 10-15

BETRI STOFAN

# Kalt og svalandi jólatilboð

## á Snaigé kæli- og frystiskápum allt að 43% afsláttur





**Gerð RF-270**
HxBxD=145x60x60 cm
170 ltr. kælir
61 ltr. frystir

**Hvítur ......59.200 / 39.900 / 33%**
**Stál..........82.200 / 49.900 / 40%**



**Gerð C-140**
HxBxD=85x56x60 cm
127 ltr. kælir

**Hvítur ......36.200 / 28.900 / 20%**



**Gerð R-130**
HxBxD=85x56x60 cm
81 ltr. kælir
17 ltr. frystir

**Hvítur ......39.100 / 29.900 / 24%**



**Gerð F-100**
HxBxD=85x56x60 cm
85 ltr. frystir

**Hvítur ......42.500 / 33.900 / 20%**



**IGO - 30BH**
**Alinnbyggður**
HxBxD=177x54x55 cm
213 ltr. kælir / 78 ltr. frystir

**Innbyggður......77.500 / 65.900 / 15%**



**Gerð RF-360**
HxBxD=191x60x60 cm
225 ltr. kælir
90 ltr. frystir

**Hvítur ......78.400 / 59.900 / 24%**
**Stál..........97.300 / 69.900 / 22%**



**Gerð RF-390**
HxBxD=200x60x60 cm
253 ltr. kælir
90 ltr. frystir

**Hvítur ......84.700 / 67.900 / 20%**
**Stál..........102.100 / 79.900 / 22%**



**Gerð RF-310**
HxBxD=173x60x60 cm
193 ltr. kælir
92 ltr. frystir

**Hvítur ......71.200 / 56.900 / 20%**
**Stál..........91.000 / 63.700 / 30%**



**Gerð RF-315**
HxBxD=173x60x60 cm
229 ltr. kælir
61 ltr. frystir

**Hvítur ......64.900 / 49.900 / 23%**
**Stál..........84.700 / 64.900 / 23%**

*Snaigé á ómótstæðilegu jólatilboðsverði, meðan birgðir endast!*

**allt að 43% afsláttur**



**Gerð C-290**
HxBxD=145x60x60 cm
280 ltr. kælir

**Hvítur ......45.100 / 35.900 / 20%**
**Stál..........53.300 / 35.900 / 40%**



**Gerð F-245**
HxBxD=145x60x60 cm
205 ltr. frystir

**Hvítur ......55.800 / 39.900 / 29%**
**Stál..........69.900 / 39.900 / 43%**

BETRI STOFAN

**Snaigė**
KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR

**Snaigé kæliskáparnir eru sparneytnir ( A orkuflokkur) og lágværir (38-41 dB-A). Danfoss kælivél, hægri eða vinstri hurðaropnun, glerhillur, flöskuhilla.**

**2ja ára ábyrgð og fullkomin varahluta- og viðgerðarþjónusta.**

**Þeir gerast ekki lágværari**

**Sparneytinn, svo af ber**



**Gerð RF-300**
HxBxD=163x60x60 cm
161 ltr. kælir / 90 ltr. frystir

**Hvítur ......69.900 / 49.900 / 28%**

**Friform**
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

**Opið:**
Mánudaga - föstudaga kl. 9-18
Laugardaga 10-15




Rúnar Hjálmarsson, liðsmaður FC FLóa, en lið hans sigraði bæði í deild og bikar í sunnlensku deildinni í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Flekklaust sumar FC Flóa

Sunnlenska utandeildin í knattspyrnu fór fram sjöunda skiptið í röð á nýliðnu sumri. Í ár fór FC Flói þar með sögulegan sigur af hólmi og gekk taplaust af velli að loknu sumri.

Sunnlenska deildin hefur verið í gangi sjö keppnistímabil en í henni etja etja kappi knattspyrnulið af Suðurlandi, allt frá Þorlákshöfn til Víkur í Mýrdal. Spiluð var einföld umferð í sumar en öllum liðum voru tryggðir fjórir heimaleikir og spilaðir eru alvöru 90 mínútna leikir. Liðin voru níu í sumar en helstu tíðindi sumarsins voru vafalaust þau að liðið FC FLói vann alla sína leiki og fór með sögulegan sigur af hólmi enda hefur ekkert annað lið farið taplaust í gegnum sunnlensku deildina. „Við gerðum eingöngu eitt jafntefli í sumar og það var í bikarnum sem við unnum reyndar líka,“ útskýrir Rúnar Hjálmarsson, liðsmaður tvöfaldra meistara í FC Flóa. Hann segir jafnframt að samheldinn og sterkur hópur hafi skapað þennan sigur. „Við vorum alltaf sami fimmtán til tuttugu manna kjarninn og þetta var mjög gaman enda ríkti góð stemning.“

FC Flói hefur verið í sunnlensku deildinni í þrjú ár en liðið spilaði sína heimaleiki á Eyrarbakka í sumar. Einhverjir hljóta hins vegar að spyrja sig að því hvort nú sé ekki öllum markmiðum náð og hægt sé að leggja FC Flóa niður. „Já, það mætti reyndar alveg segja það. Gríðarleg stemning er hins vegar í hópnum en okkur vantar samt alvöru styrktaraðila,“ segir Rúnar og lýsir þar með eftir fjársterkum styrktaraðila. Aðalmarkmið næsta sumars er þó alveg ljóst. „Markmiðið er engin jafntefli og ekkert tap,“ svarar Rúnar með bjartsýnistón að lokum. *-sha*



Frá krýningu bikarmeistaranna.




# Selur neftóbaksfræði

Bjarni Harðarson blaðamaður opnaði fyrir stuttu Bókakaffi við Austurveg, aðalbraut Selfossbæjar. Þar er Bjarni í hlutverki kaffidömu og líkar honum vel við nýja starfið.

„Hugmyndin kviknaði á ferðalögum þar sem ég hef séð að tískan er að blanda saman bókaverslun og kaffihúsarekstri. Við eigum fyrirmynd reyndar á Íslandi sem er Súfistinn. Hérna er þetta reyndar meira sama einingin,“ útskýrir Bjarni glaður í bragði. Hann segir að þessa stundina sé meira lagt áherslu á bókasöluhluta staðsins enda sé jólavertíðin að hefjast. „En síðan þegar jólavertíðin endar þá snýst þetta að einhverju leyti við.“

Bjarni segir að Bókakaffið hafi strax fengið góðar viðtökur og meðal annars hafi hann fengið margar heimsóknir frá ýmsum bókagrúskurum. „Hér hafa verið hreyfingar á hverjum degi, bæði varðandi sölu á kaffi og bókum, og í raun framar vonum. Ég finn líka að kaffistofureksturinn er að sækja í sig veðrið því fyrst var fólk ekki alveg búið að átta sig.“ Bjarni hreykir sig líka mikið af kaffi staðarins. „Allt kaffið sem við erum með kemur úr kjördæminu, eins og við segjum, eða frá Keflavík, þó ég búist nú reyndar ekki við því að kaffið sé ræktað þar.“ Bjarni er nokkuð stoltur af fornbókadeild staðarins og segir hann að það sé vinsælasta hornið á Bókakaffi. „Þessar gömlu sunnlensku bækur, sem við getum kallað sunnlensk neftóbaksfræði, hafa verið að seljast best. Ég finn líka að spennusögukiljur hafa verið að rjúka út.“

Bjarni, sem flestir tengja við blað hans, Sunnlenska fréttablaðið, segir gott að fá tilbreytingu frá blaðamennskunni sem hann hefur starfað við frá 1982. Bjarni segist afar sáttur í sínu nýja hlutverki sem kaffidama eins og hann kallar sjálfan sig. „Ég komst að því að ef konur eins og til dæmis Siv, vinkona mín, geta verið ráð„herrar“ þá get ég alveg verið kaffi„dama“,“ útskýrir Bjarni stoltur að lokum.
*steinthor@frettabladid.is*



Bjarni Harðarson með keflvískan kaffibolla á huggulega Bókakaffinu sínu á Selfossi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Örlygur Karlsson, starfandi skólameistari FSu, lítur björtum augum á framtíð skólans.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Alltaf á uppleið

Örlygur Karlsson, starfandi skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu), þekkir vel til starfsemi skólans enda unnið við skólann frá því að hann var stofnaður.

Örlygur segir að þróun skólans hafi verið ör frá upphafi og hefur nemendafjöldinn næstum fjórfaldast frá upphafi skólans. Námsúrvalið hefur einnig aukist til muna. „Við vorum með margar brautir í upphafi, bæði verknám og bóknám, en núna er þetta enn fjölbreyttara. Við kennum til dæmis á mörgum stöðum, meðal annars á Litla-Hrauni og Sogni,“ útskýrir Örlygur með bros á vör.

Stærsta nýjungin í námsúrvalinu um þessar mundir hjá FSu eru þrjár íþróttaakademíur. Það sem kom einmitt þessum akademíum af stað var nýtt íþróttahús skólans sem tekið var í notkun árið 2004. Enn meiri nýjung er sérstök hestamennskubraut, sem er bæði bókleg og verkleg. „Við erum að þróa þetta áfram og síðan sjáum við hvernig gengur,“ segir Örlygur og samþykkir að varla sé hægt að finna sunnlenskara nám.

Yfir 900 nemendur stunda nú nám í dagskólanum hjá FSu en um 5 prósent nemenda koma annars staðar frá en af Suðurlandi. „Ég held að sérstaða skólans felist í fjölbreytninni og að við erum raunverulega að reyna að þjónusta alla nemendur,“ segir Örlygur. „Við viljum þróast áfram sem framhaldsskóli og höfum áhuga á því að efla menntun á Suðurlandi. Við viljum líka halda áfram að auka fjölbreytnina hjá okkur en einnig að taka þátt í háskólavæðingu Suðurlands, hvernig sem henni verður háttað. Skólinn hefur alltaf verið á uppleið og við vonum að það haldi áfram,“ segir Örlygur bjartsýnn að lokum. *- sha*



Jarðýtur


Hjólaskóflur

mest


Jarðvegsvaltarar


Flokkunarskóflur

Vélar & tæki


Beltagröfur

ÚRVAL VINNUVÉLA OG TÆKJA

Þegar fjárfesta á í vinnuvélum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum honum alhliða fagþjónustu og tækniráðgjöf varðandi vinnuvélarnar okkar. Hjá MEST fæst mikið úrval véla og tækja, þar á meðal Bomag, Liebherr og Yanmar vinnuvélar.

Láttu þaulreynt fagfólk aðstoða þig.

Hafðu samband við söludeild véla & tækja að Bæjarflöt 4 í Grafarvogi síma 4 400 540 og aflaðu þér upplýsinga.

mest
– allt til bygginga

Malarhöfða 10, Reykjavík | Bæjarflöt 4, Reykjavík | Hringhellu 2, Hafnarfirði | Hrísmýri 8, Selfossi | Leiruvogi 8, Reyðarfirði



Réttu vélarnar í verkið!



Landini
tækin sem þú treystir!

Magnús Þór Eggertsson,
bóndi á Ásgarði í Borgarfirði

„Landini dráttarvélin hefur reynst afar vel við búskapinn. Hún er sterkbyggð með aflmikilli Perkins vél og góðu glussakerfi með mörgum úrtökum sem oft hefur komið sér vel. Einnig er hún hagkvæm í rekstri og á mjög hagstæðu verði.
**Ein bestu kaup sem ég hef gert“**

**Eigum til afgreiðslu fyrir áramót**
Landini Powerfarm 2WD 92 hestöfl
Landini Vision 4WD 99hestöfl. m/ámoksturstækjum
Landini Landpower 4WD 134 og 163 hestöfl
Landini Powermaster 4WD 213 hestöfl

Afar vel útbúnar vélar!

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 412 3000
**www.sturlaugur.is**

KORTER.IS


Mublur og speglar eru vinsæl vara.


Ekki beint nútímalegur sími!


Borðbúnaður úr silfri og kristal.


Emeleraðir munir eru meðal þess sem athygli vekur í Maddömunum.

# Rómantíkin á innleið aftur

Dönsk antíkvara og annað góss fæst í verslun á Selfossi sem ber nafnið Maddömurnar.

„Við mæðgurnar ákváðum að láta þann draum rætast að setja á fót antíkbúð nú í sumar. Ég var að flytja frá Danmörku og gat ekki hugsað mér lífið án þess að hafa einhverja antík í kringum mig. Danir halda svo mikið upp á þetta gamla og kunna líka einhvern veginn að vinna svo huggulega úr því," segir Helga Salbjörg Guðmundsdóttir og bætir við hlæjandi. „Þannig að nú erum við maddömumæðgur," og á þar við sig og móður sína Jósefínu Friðriksdóttur. Þær eru báðar kennarar og segjast ekki hafa þorað annað en vera í kennslu með verslunarrekstrinum ef hann skyldi nú ekki ganga. Þess vegna er lokað í Maddömunum á mánudögum og þriðjudögum.


Maddömumæðgurnar Jósefína og Helga Salbjörg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þær segja verslunina hafa farið mjög vel af stað. „Mér finnst allir Sunnlendingar koma að versla hjá okkur auk Reykvíkinga og fólks héðan og þaðan af landinu," segir Helga glaðlega og bætir við að heimasíðan maddomurnar.com geri það að verkum að fólk geti skoðað vöruúrvalið og pantað.

„Þetta er dálítið bland í poka, sem við erum með," segja þær og benda í kringum sig. Þar er allt frá fínum mublum, postulíni og silfri til málaðra almúgahúsgagna og emeleraðra koppa. „Okkur skilst að við séum í lægri kantinum með verðið en það er bévíti dýrt að flytja inn. Flutningskostnaður og tollur er hvort tveggja svínslega hár en svo höfum við líka verið að taka við hlutum hér heima og selja áfram. Það finnst okkur frábært í stað þess að fólk sé að henda eigulegum munum.

Hvað skyldi vera vinsælast?

„Mublurnar seljast vel, bæði þær fínni og hrárri. Líka dúkar og púðar. Svo seljum við heilmikið silfur," segir Helga og bendir á að óþarft sé að loka silfur niðri í skúffum nema á stórhátíðum heldur sé um að gera að nota það. „Hitaveituvatnið er ekkert vandamál ef fólk á uppþvottavélar því þær taka inn á sig kalt vatn svo það fellur ekki á silfrið þess vegna. Bara að passa að setja ekki of mikið af hreinsiefni," eru hennar heilræði.

Þær mæðgur segja áberandi að fólk sé farið að sækja í gamla muni og finnist hlutirnir hjá ömmu og afa „huggó". „Nú er minimalisminn á undanhaldi og rómantíkin á innleið aftur," segir Helga. „Enda eigum við ekki að hafa heimilin hörð."

*gun@frettabladid.is*


Eiguleg kommóða af eldri gerðinni.


*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**




ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA



**TRUCK - LITE**
**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844



*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*

Góð byrjun



www.visir.is

Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni og við gætum komið þér skemmtilega á óvart!

vísir
Fyrstur með fréttirnar!


Jólagjafir í 90 ár
Einn með öllu sem þarf!
Kassagítarpakki frá Fender. Frá 15.900kr
Bassa og gítarmagnarar frá Fender. Frá 9.900kr
Premier TAMA YAMAHA
Trommusett Frá 39.900kr
Taktmælar og stillitæki Frá 2.750kr
Hljómborð frá Yamaha Frá 26.900kr
Skemmtileg og þroskandi ásláttarleikföng frá Remo!
Ótúrlegt úrval effecta. Brian May og Jimi Hendrix
STRAT PAK
Alvöru hljóðvershátalarar frá YAMAHA. Frá 35.900kr
Hljóðritaðu jólaplötuna með Pro Tools
MBox upptökutæki með ProTools. Frá 29.900kr
Hljóðnemar frá 4.450kr
Fender gítarpakkar Gítar, magnari o.fl. Frá 26.900kr
digidesign Fender Ibanez Premier YAMAHA TAMA
Mikið úrval af töskum, kennslubókum, tónlistarforritum, statífum og öðrum aukahlutum!
Öll þekktustu merkin á einum stað!
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Laugavegi 176 (gamla Sjónvarpshúsið) 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is Sími 591 5340



KFC®
TM
hæ elskan!
PEPSI
Komdu við á KFC
á leiðinni heim!

# TOPPBÍLAR


Toyota 4Runner, árgerð 1991, ekinn 189 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 1.380.000. Rnr. 201522.


Toyota Avensis S/D Terra, árgerð 1998, ekinn 126 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 590.000. Rnr. 995565.


Toyota Avensis Wagon Sol árgerð 2004, ekinn 52 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 2.100.000. Rnr. 230102.


Toyota Avensis Wagon Sol árgerð 2004, ekinn 38 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 2.090.000. Rnr. 240229.


Toyita Avensis Wagon Terra árgerð 1999, ekinn 124 þ.km, bensín, sjálfskiptur, verð 770.000. Tilboð 550.000. Rnr. 240420.


Toyota Avensis Wagon Terra árgerð 2002, ekinn 95 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 1.100.000. Rnr. 240397.


Toyota Carina E árgerð 1997, ekinn 164 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 450.000. Tilboð 300.000. Rnr. 995284.


Toyota Carina E árgerð 1996, ekinn 194 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 290.000. Tilboð 250.000. Rnr. 995343.


Toyota Carina E árgerð 1997, ekinn 171 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 590.000. Rnr. 995288.


Toyota Carina E S/D XLI, árgerð 1997, ekinn 108 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 550.000. Rnr. 995285.


Toyota Corolla 1,4 VVTI, árgerð 2003, ekinn 79 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 1.150.000. Rnr. 250071.


Toyota Corolla 1,4 VVTI árgerð 2005, ekinn 42 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 1560.000. Rnr. 115920.


Toyota Corolla 1,4 VVTI árgerð 2005, ekinn 60 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 1.470.000. Rnr. 115922.


Toyota Corolla 1,4 VVTI árgerð 2005, ekinn 32 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 1.470.000. Rnr. 250042.


Toyota Corolla 1,6 VVTI sport árgerð 2005, ekinn 14 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 1.790.000. Rnr. 182744.


Toyota Corolla S/D Terra árgerð 2000, ekinn 155 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 490.000. Rnr. 995707.


Toyota Corolla W/G SOL, árgerð 2005, ekinn 32 þ.km, bensín, sjálfskiptur, verð 1.890.000. Rnr. 210091.


Toyota Corolla Wagon Touring Terra 4WD, árgerð 1998, ekinn 159 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 550.000. Tilboð 430.000. Rnr. 995567.


Toyota Corolla XLI, árgerð 1997, ekinn 170 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 420.000. Rnr. 240180.


Toyota Corolla XLI S/D, árgerð 1997, ekinn 175 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 390.000. Tilboð 250.000. Rnr. 995460.


Toyota Hilux D/C DX, árgerð 1995, ekinn 200 þ.km, dísel, 5 gírar, verð 990.000. Rnr. 995668.


Toyota Hilux double cab D/C DX, 38", árgerð 1991, ekinn 345 þ.km, Dísel, 5 gírar, verð 680.000. Rnr. 201376.


Toyota Hilux Double Cab SR árgerð 2005, ekinn 28 þ.km, dísel, 5 gírar, verð 2.450.000. Rnr. 240276.


Toyota Land Cruiser árgerð 1993, ekinn 160 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 1490.000. Tilboð 890.000. Rnr. 995633


Toyota Land Cruiser 100 VX leður og tems árgerð 2000, ekinn 178 þ.km, dísel, sjálfskiptur, verð 3.490.000. Rnr. 240337.


Topyota Rav4, árgerð 1997, ekinn 170 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 620.000. Tilboð 550.000. Rnr. 995139.


Toyota Rav4 árgerð 1998, ekinn 156 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 750.000. Rnr. 995372.


Toyota Rav4 langur 2WD, árgerð 2002, ekinn 60 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 1.490.000. Rnr. 240091.


Toyota Rav4 langur 4WD, árgerð 2000, ekinn 110 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 1.290.000. Rnr. 115318.


Toyota Rav4 langur 4WD árgerð 2000, ekinn 109 þ.km, bensín, sjálfskiptur, verð 1.490.000. Rnr. 115518.


Suzuki Vitara V6 árgerð 1996, ekinn 175 þ.km, bensín, sjálfskiptur, þarfnast lagfæringar. Verð Tilboð. Rnr. 995278.


Toyota Rav4 langur 4WD árgerð 2002, ekinn 90 þ.km, bensín, sjálfskiptur, verð 1.650.000. Rnr. 123914.


Toyota Rav4 langur 4WD árgerð 2005, ekinn 20 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 2.590.000. Rnr. 250000.


Toyota Yaris dísel árgerð 2006, ekinn 8 þ.km, dísel, sjálfskiptur, verð 1.890.000. Tilboð 1.800.000. Rnr. 240367.


Toyota Yaris Sol árgerð 2000, ekinn 109 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 690.000. Rnr. 240300.


Toyota Yaris Terra árgerð 2005, ekinn 61 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 1.080.000. Rnr. 115921.

TM BÍLALÁN

TOPPBÍLAR bílasala

**Kletthálsi 2 – 110 Reykjavík Sími 587 2000**

**Opið virka daga 10-18 • Lokað lau. í des. • Sun. lokað • www.toppbilar.is**



### 18 þ pr. mánuð fyrir fallegan station !!
Ford Focus, árg. '00, ek. 112 þús., 5 gíra, sk. '07, Abs. Fæst á 100% láni 634 þús. 18 þ. pr mán. S. 661 8197.

'99 Toyota Avensis 1.6, sk. '07, bsk., sedan, ek. 165 þús., mikið endurnýjaður, fæst á 150 þús. út og yfirtaka láni 630 þús., 20 þús. á mán. S. 847 6652.

'02 Opel Astra 1.6, bsk., sk.'07, ek. 95 þús., í toppstandi, fæst á yfirtöku á láni ca. 770 þús. og 21 þús. á mán.

## 1-2 milljónir




Toyota jólatilboð! Heim í flugi með Icelandair. Nýr Toyota jeppi frá Kr. 3.390.000. Tacoma frá Kr. 1.990.000, 4Runner (Amerískur Landcruiser) frá Kr. 3.790.000. Einnig RAV4 og HiLux 3.0 Turbo dísel sjálfskiptur með leðri og hlaðinn aukabúnaði. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.



### 22Þ pr mán, sjálfskiptur Focus !!
Ford Focus árg. '03, ek. 66 þús., ssk., sk. '07, álf, v.dekk,1600. Fæst á 100% láni 1.134 þús. S. 661 8185.

## Bílar óskast

Ódýr bifreið óskast. Má þarfnast smá aðhl. Stgr. 30-50 þ. Uppl. í s. 844 6609.

## Jeppar




Jeep jólatilboð! Heim í flugi með Icelandair. Nýlegir Grand Cherokee 2005-2007 með nýja útlitinu frá Kr. 2.450.000. Liberty jeppinn frá kr. 2.190.000 benzín eða dísel. Nýjir Jeep frá verksmiðju frá Kr. 2.790.000. Hagstæður dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.



### Ótrúlega sparneytinn og lipur, 100% lán!
Suzuki Jimny JLX árg. '04, ek. 45 þús., sk. '07, Cd. Ásett verð 1.290 þús. Fæst á 100%yfirtöku 1.110 þús. S. 897 2425.

## Pallbílar




Pallbíla jólatilboð! Heim í flugi með Icelandair. Nýjir Ford og Dodge pallbílar frá Kr. 1.990.000. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

## Fjórhjól

Til sölu Kawasaki KFX400 árg. '05, verð 630 þús. Uppl. í s. 893 4838.

## Kerrur

Jeppakerrur, Víkurvagnar.

Dráttarbeisli, Víkurvagnar.

## Hjólhýsi



TEC Travel King 535 TE árgerð 2005 Aukahlutir markísa, 80w sólarsella, sjónvarpsloftnet, grjótgrind. Verð 2.290.000. Tilboð 1.890.000. S. 511 2200 eða www.seglagerdin.is

## Fellihýsi



Chalet Arrowhead 10 fet árgerð 2006 Aukahlutir 80w sólarsella, sjónvarpsloftnet, grjótgrind og 2 gaskútagrind. Verð 1.750.000. Tilboð 1.590.000. S. 511 2200 eða www.seglagerdin.is

## Vinnuvélar




### Bobcat jarðvegsþjöppur
Bobcat jarðvegsþjöppur og hopparar fyrir lagnaskurði. Vélaborg Krókhálsi 5F, (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600.




### Nordic ljós fyrir vinnuvélar.
Lýstu upp skammdegið með Nordic vinnuvélaljósum, innbyggður dempari, þola mikinn hristing, hitna minna og lýsa betur. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is




### Úrval notaðra vinnuvéla
Úrval notaðra vinnuvéla af ýmsum stærðum og gerðum fyrirliggjandi hjá Vélaborg. Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.velaborg.is (Notuð tæki - Vinnuvélar) Vélaborg ehf. Krókháls 5f, S. 414 8600.




### Eigum á lager öflugar
Vacuum-og vatnsdælur í mörgum stærðum. Tilvaldar fyrir verktaka og bændur. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Njarðarnesi 2, Akureyri. Sími 464 8600.









Til sölu góður HIAB 245-7 bílkrani með þráðlausri fjarstýringu. Verð 1500 þ + VSK. Volvo vörubíll með bilaðri kúplingu fylgir með. Uppl. gefur Pálmar í síma 896 1116.

### www.snjokedjur.is
Mikið úrval fyrir vinnuvélar og vörubíla. www.snjokedjur.is Skm ehf. Uppl. í s. 517 8400.

## Lyftarar







### Körfubílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.




Úrval notaðra lyftara af flestum stærðum og gerðum ávallt fyrirliggjandi hjá Vélaborg. Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.velaborg.is ( Notuð tæki - Lyftarar) Vélaborg ehf. Krókháls 5f, S. 414 8600.







Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar




### Dunlop vetrarhjólbarðar
á fólksbíla og jepplinga. Dunlop hefur verið á toppnum í gæðakönnunum ár eftir ár. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600.

Til sölu 4 negld dekk á felgum og 4 ónegld vetradekk. St. 13/175/70. Uppl. í s. 693 9453.

### Jeppadekk
Til sölu Chaparral AP jeppadekk frá Arctic Trucks stærð 285/70 16" kosta ný 75,000, fást á 55,000, búið að nota í 2vikur passa undir Land cruiser 100 og fleira uppl í síma 860 1998.

## Varahlutir










### Bílapartasalan Ás
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

### Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

### Bílapartar ehf S.587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

### Partar s. 565 3323
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Partasalan Sími 557 7740.
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

## TIL SÖLU









Starfsmann/leiðbeinanda vantar í leikskólann Kvarnaborg um áramótin eða fyrr, í 100% stöðu. Uppl. gefur leikskólastj. í síma 567 3199.

### Bakarinn á Hjólinu

Bakarinn á Hjólinu, Álfheimum, óskar eftir duglegu og hressu starfsfólki í fullt starf eða hlutastarf. T.d. frá 13 - 19. Áhugasamir hafi samb. við Lilju 865 5203

Óska eftir 1-2 smiðum í tímabundið verkefni til jóla við byggingu sumarbústaðar í Borgarfirði. Góð aðstaða og húsnæði. Uppl. í s. 897 6121 & 698 3404.

### Bílstjóri

Bílstjóri óskast til starfa við útkeyrslu nú þegar, aldurstakmark 20 ár. Nánari uppl. í s. 699 1705, Gæðafæði ehf.

## Atvinna óskast

Vantar vinnu strax. Uppl. í s. 866 3167, Bjarni.

Enskumælandi hárgreiðslukona með töluverða reynslu, óskar eftir starfi á hárgreiðslustofu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 660 8879.

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

### Auðlysing

Viðlangsamlegast maz minst mazmunmælis arbergs fraedians lip-ur vinsamar o-misandi vynettur þusaraldar ar-vöruþings vinkaffis-keiðar silfurskýrar fyrirtækisgjoef innflytjanda lesneytenda kaupendurskoðenda landnema spakara bakara skosmiða arboðans armanns reynis orðsnilldarskáldjoefur 55 ara fagnaðar aðventusonar avoxtunar arbirg skopun hofuðskálds þótt hann graeði fallegar saraódýrar vandaðar meinhollar listugar engin teiknileg miskatök vonbjartur kær aðventukveðja Arneigður Arnaz

Gæludýraeigendur athugið. Núna eru allar gæludýravörur á hálfvirði í Tokyo gæludýravörum Hafnarfirði.

## Einkamál






Húsgögn af Hótel KEA til sölu! Fataskápar, náttborð, skrifborð, lampar, speglar og stólar. Upplýsingar veitir Páll pls@keahotels.is s. 460 2050.

Langar þig í gott nudd? Hringdu í s. 662 0841.

Eru ekki einhverjar einmana stelpur þarna úti sem langar að kynnast hressum manni sem segir satt? Svör berist Fréttablaðinu merkt „réttlátur“.

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu gatna-og eignaumsýslu:**

***Kaup á áburði fyrir árið 2007***

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 22. desember 2006, kl 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10878
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## ATVINNA

### HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Sjúkrahúsið Vogur óskar eftir hjúkrunarfræðing til starfa þarf að getað tekið næturvaktir. Áhugasamir hafi samband við Þóru Björnsdóttur hjúkrunarforstjóra **thora@saa.is** eða í síma 8247615.

# KÓPAVOGSBÆR

## „Ljóðstafur Jóns úr Vör" Ljóðasamkeppni

Lista- og menningarráð Kópavogs minnir á að skilafrestur í árlegri ljóðasamkeppni undir heitinu "Ljóðstafur Jóns úr Vör" er til og með 15. desember 2006 og utanáskriftin er:

**„Ljóðstafur Jóns úr Vör"**
**Tómstunda- og menningarsvið Kópavogs**
**b.t. Sigurbjargar H. Hauksdóttur,**
**Fannborg 2, 200 Kópavogur**

Afhending verðlaunanna fer fram á afmælisdegi Jóns úr Vör sunnudaginn 21. janúar 2007.
Þátttökuljóð má sækja á ofangreint heimilisfang fyrir 1. febrúar; eftir það verður þeim eytt.

Ný útvarpsstöð
Kaninn Fm 94,3
KANINN LEIKUR EINGÖNGU ÍSLENSKA MÚSÍK
Íslensk músík alltaf!






## Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


RE/MAX
ENGINN Í HEIMI SELUR FLEIRI FASTEIGNIR
FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR
FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR
remax.is
RE/MAX
BORG
RE/MAX
BÚI
RE/MAX
FASTEIGNIR
RE/MAX
HEIMILI & SKIP
RE/MAX
LIND
RE/MAX
MJÓDD
RE/MAX
SENTER
RE/MAX
STJARNAN
ÁTTA SÖLUSKRIFSTOFUR
www.remax.is
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

# HVUNNDAGURINN

## *Les falleg heilræði fyrir hvern dag*



„Flesta morgna vakna ég á svipuðum tíma eða um kl. 06.30 og þá tekur sturtan, „make-up-ið“ og nærandi morgunverður við með tilheyrandi lestri dagblaða sem tekur orðið alltof langan tíma,“ segir Katrín Óladóttir, ráðningarstjóri hjá Hagvangi, og bætir við: „Gamla góða RÚV stendur alltaf fyrir sínu, ég hef ekki enn komist upp á lagið með að horfa á morgunsjónvarpið líka!“ Áður en hún heldur á vit vinnunar kveðst hún yfirleitt lesa eitthvað fallegt heilræði sem veiti henni hvatningu þann daginn.

Þegar spurt er um starfið kemur í ljós að hefðbundinn vinnudagur er varla til hjá Katrínu. „Skipulagið er svo fljótt að breytast í takt við mismunandi þarfir viðskiptavina og starfsmanna minna,“ útskýrir hún. „Dagurinn er þó oftast samsettur af nokkrum viðskiptafundum, einstaklingsviðtölum, fundum með starfsmönnum og ekki má gleyma símanum og tölvupóstinum! Fyrirspurnir, gefin ráð, vangaveltur um framtíð og tækifæri fólks frá morgni til kvölds veitir manni skemmtilega sýn á fjölbreytt mannlíf og langanir. Stundum liggur fólki mikið á hjarta og þarf að fá fund sem allra fyrst. Stjórnendur fyrirtækja þurfa forgang sinna mála og þá þarf að leggja mál til hliðar til að geta brugðist hratt við og sett upp fund í skyndi. Ráðningarstjóri hjá Hagvangi er allt öðruvísi starf en ég hélt að það yrði. Það er skemmtilegt en oft líka stressandi. Að loknum „hefðbundnum“ degi fæ ég loks næði til að leysa önnur mál sem snerta reksturinn og undirbúa verkefni morgundagsins. Því verður ekki neitað að oft er vinnudagurinn ansi langur og strangur. Viðskiptalífið er krefjandi og það þýðir ekkert annað en að vera í stuði ef maður ætlar að taka þátt í því.“

Að loknum vinnudegi finnst Katrínu oft gott að fara í góðan göngutúr. „Það er frábær slökun,“ segir hún og svo er komið kvöld.

„Kvöldinu finnst mér gott að eyða heima í rólegheitum, njóta þess að finna letina taka völdin. Ég ætla alltaf að fara fyrr að sofa en það gengur eitthvað illa. Sólarhringurinn er bara of stuttur fyrir mig. Annars er bara eintóm hamingja að vinna starf sem manni finnst skemmtilegt og þá er tíminn svo afstæður.“

**KATRÍN ÓLADÓTTIR RÁÐNINGARSTJÓRI HJÁ HAGVANGI.**

## VISSIR ÞÚ...

að uppruna hins rauðklædda jólasveins má rekja til heilags Nikulásar sem er sagður hafa verið biskup í borginni Mýra í Tyrklandi á 4. öld?

að Nikulás var meðal annars verndardýrlingur sæfarenda, kaupmanna, menntasetra og barna?

að löngu seinna varð hann þekktur sem gjafmildur biskup, klæddur purpuralitaðri kápu með mítur á höfði, sem deildi gjöfum til bágstaddra en einkum til barna?

að Lúterstrúarmenn vildu ekki láta kaþólskan dýrling sinna þessu og bjuggu til sviplíkan karl sem þeir kölluðu Afa Frosta?

að á 17. öld bárust siðir og sagnir um Nikulás með hollenskum innflytjendum til Ameríku?

að gælunafn hans á hollensku var Senterklaas?

að í Ameríku fékk hann á 19. öld nafnið Santa Claus?

að teiknarar gerðu hann að blöndu af Nikulási og Afa Frosta?

að þeir klæddu hann í skærrauðan jakka, verulega styttri en purpurakápu Nikulásar, og í rauðar buxur, hvort tveggja með hvítum loðkanti?

að hann fékk einnig rauða húfu í staðinn fyrir mítur?

að þessi rauðklæddi karl barst síðan víða um veröld?

að hann var þekktur sem góðlátlegur hvítskeggjaður karl sem deildi út gjöfum til barna?

að hann var oftast sagður frá norðlægum slóðum, kannski vegna þess hve hlýlega hann var klæddur?

að Coca Cola fyrirtækið tók síðan Nikulás og gerði að sínum í auglýsingaherferð sinni um 1930?

að íslensku jólasveinarnir eiga sér rætur í íslenskum þjóðsögum?

að þeir eru því af allt öðrum uppruna en Santa Claus?

að þeirra er fyrst getið í Grýlukvæði frá 17. öld?

að þar eru þeir sagðir börn Grýlu og Leppalúða?

að jólasveinarnir og ætt þeirra var talin illskeytt og eflaust notuð til að hræða börn til hlýðni?

að nöfn jólasveinanna þrettán koma fyrst fram í þjóðsögum Jóns Árnasonar árið 1862?

að Jóhannes úr Kötlum samdi kvæði um þá sveina?

að kvæðið var gefið út árið 1932 myndskreytt af Tryggva Magnússyni?

að jólasveinarnir breyttust með tímanum úr hættulegum hrekkjalómum í elskulega sveina sem gáfu börnum í skóinn?

að sá siður að gefa í skóinn barst með sjómönnum sem sigldu á Norðursjávarhafnir fyrir 1930 en varð ekki almennur fyrr en um 1960?





ÆVINTÝRIÐ Í ENGLABORG
JÓLABLAÐIÐ KOMIÐ ÚT!





LAGT Á HÁTÍÐARBORÐIÐ

MÁLUM BÆINN RAUÐAN
100 HUGMYNDIR FYRIR JÓLABÖRNIN
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5060 | WWW.VISIR.IS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.263 **+0,91%** **Fjöldi viðskipta:** 227 **Velta:** 2.087 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Kaupþing** | +1,89% | **Atlantic Petroleum** | -0,90% |
| **Bakkavör** | +1,31% | **Tryggingamiðstöðin** | -0,79% |
| **Exista** | +0,93% | **Straumur-Burðarás** | -0,58% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
**365 3,63 +0,00%** ... Actavis 66,50 +0,00% ... Alfesca 5,13 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 -0,90% ... Atorka 6,40 +0,31% ... Bakkavör 61,70 +1,31% ... Eimskipafélagið 30,90 +0,00% ... FL Group 23,50 +0,43% ... Glitnir 22,70 +0,89% ... Kaupþing 810,00 +1,89% ... Landsbankinn 26,40 +0,00% ... Marel 78,00 +0,65% ... Mosaic Fashions 16,70 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,20 -0,58% ... Össur 112,00 -0,44%

* Í gær klukkan 14.40.

**viðskipti**
nánar á visir.is

# Fríverslunarviðræður að hefjast

Fríverslunarviðræður milli Kína og Íslands munu hefjast í upphafi ársins 2007. Á fundi í Peking í gær undirrituðu þau Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Yu Guangzhou, aðstoðarutanríkisráðherra Kína, viljayfirlýsingu um upphaf viðræðnanna.

Með tilkomu fríverslunarsamnings gætu ýmsir möguleikar opnast fyrir Ísland. Líkur eru á að vörur yrðu í auknum mæli fluttar beint inn til landsins í stað þess að notast væri við milliliði eins sem algengt er. Þá gætu skapast hagstæð skilyrði fyrir að Ísland verði milliliður fyrir viðskipti milli Kína og Evrópu, þar sem enginn fríverslunarsamningur er í gildi milli Kína og annarra Evrópulanda. Einnig gæti verið hagkvæmt að flytja vörur frá Kína til Íslands, vinna þær frekar hér og fá á þær íslenskt upprunavottorð og selja þær áfram til annarra Evrópulanda.

Á fundinum ræddu ráðherrarnir tvíhliða samskipti Íslands og Kína og aukin umsvif íslenskra fyrirtækja í Kína á undanförnum misserum. Að honum loknum var utanríkisráðherra gestgjafi í mótttöku í tilefni af 35 ára stjórnmálasambandi Íslands og Kína. Síðar um daginn fór Valgerður til Shanghai þar sem hún setti ráðstefnu nýstofnaðs samráðsvettvangs íslenskra fyrirtækja í Kína. Var hún þar að auki vistödd opnun nýrrar skrifstofu Glitnis en bankinn er fyrsta íslenska fjármálafyrirtækið sem opnar skrifstofu í Kína. **- hhs**



**RÁÐHERRAR UNDIRRITA VILJAYFIRLÝSINGU** Fríverslunarviðræður milli Íslands og Kína hefjast í upphafi árs 2007.

# HoF krefst nítíu daga greiðslufrests

Stjórnendur House of Fraser, bresku verslanakeðjunnar sem er var yfirtekin af Baugi, FL Group og fleiri fjárfestum í síðasta mánuði, hafa krafist þess að fá nítíu daga greiðslufrest gagnvart birgjum. Þar að auki er farið fram á að veittur verði fimm prósenta afsláttur af innkaupum eftir fyrsta janúar næstkomandi.

Þetta hefur fallið í grýttan jarðveg hjá heildsölum sem telja að hér sé um fáheyrða kröfu að ræða á breskum smásölumarkaði, að sögn Scotsman. Forsvarsmenn heildsölukeðjunnar Ted Baker, sem selur vörur til HoF, munu vera æfir yfir þessari kröfu samkvæmt heimildum blaðsins. **- eþa**



**KREFJAST BETRI KJARA** HoF fer fram á að birgjar veiti félaginu 90 daga greiðslufrest.



**FRÁ VERSLANAMIÐSTÖÐ Á INDLANDI** Bandaríska verslanakeðjan Wal-Mart mun á næsta ári opna 250 verslanir á Indlandi í samstarfi við þarlenda aðila. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Wal-Mart nemur land á Indlandi

Bandaríska verslanakeðjan Wal-Mart hefur landað samningi um byggingu verslana á Indlandi í samstarfi við indversku samsteðuna Bharti Enterprises, sem meðal annars rekur stærsta fjarskiptafyrirtæki á Indlandi.

Stærstu verslanakeðjur á Vesturlöndum hafa lengi horft til þess að komast inn á indverska markaðinn. En stjórvöld hafa fram til þessa sett þeim stólinn fyrir dyrnar.

Verslanakeðjur á borð við hina þýsku Metro og frönsku Carrefour hafa báðar rætt við Bharti Enterprises um verslanarekstur á Indlandi án árangurs. Dyrnar opnuðust fyrir Wal-Mart þegar slitnaði uppúr viðræðum bresku verslanakeðjunnar Tesco við indverska fjarskiptarisann skömmu fyrir síðustu helgi.

Í sameiginlegri tilkynningu frá Wal-Mart og Bharti Enterprises segir, að verslanirnar verði í eigu Bharti Enterprises en undir merkjum bandarísku verslanakeðjunnar.

Indverski auðkýfingurinn Sunil Mittal, stjórnarformaður Bharti Enterprises, segir stefnuna að opna allt að 250 verslanir fyrir lok næsta árs og bjóða á lægsta vöruverð í landinu.

Samvinna Wal-Mart og Bharti Enterprises er geysistórt verkefni. Breska dagblaðið The Guardian reiknar með að stofnkostnaður hlaupi á um 100 milljónum punda eða 14 milljörðum íslenskra króna. Ef vel reynist muni það skila sér því búist er við að velta í smásöluverslun á Indlandi muni aukast um fjórðung á næstu fjórum árum. Veltan nemur nú um 155 milljörðum punda eða 21.000 milljörðum íslenskra króna. **- jab**





vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



**WALT DISNEY FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1901**

*„Allir okkar draumar geta ræst ef við höfum hugrekkið til að láta þá rætast.“*

*Walt Disney, sem m.a. skapaði Mikka mús, hefði orðið 105 ára í dag. Hann lést 15. desember 1966 úr lungnakrabbameini.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. DESEMBER 1791

## *Tónskáldið Mozart deyr*

Tónskáldið Wolfgang Amadeus Mozart lést þennan dag árið 1791, aðeins 35 ára gamall. Mozart er eitt vinsælasta og áhrifamesta klassíska tónskáld Evrópu. Hann var gríðarlega afkastamikill á ævi sinni og eru mörg verka hans talin algjör meistarastykki. Þar má nefna óperurnar Brúðkaup Fígarós og Don Giovanni.

Mozart fæddist 27. janúar árið 1756 í borginni Salzburg í Austurríki. Foreldrar hans hétu Leopold og Anna Maria Pertl Mozart. Degi eftir að Mozart fæddist var hann skírður Johannes Chrysostomus Wolfgangus Theopilus Mozart. Fyrstu tvö nöfnin voru nöfn á dýrlingum sem voru ekki notuð dagsdaglega. Fjórða nafnið var til í þremur öðrum útgáfum á meðan Mozart var uppi: Amadeus á latínu, Gottlieb á þýsku og Amadé, eins og Mozart vildi láta kalla sig.

Snilligáfa Mozarts varð fljótt ljós, eða þegar hann var aðeins þriggja ára. Faðir hans, sem var tónlistarkennari, kenndi syni sínum stíft, m.a. á klarinett, fiðlu og orgel. Mozart fór í tónleikaferðalög með föður sínum víða um Evrópu. Var sú fyrsta farin til Þýskalands 1762 þegar Mozart var sex ára. Skömmu síðar fóru þeir í tónleikaferð sem stóð yfir í þrjú og hálft ár.

Mozart tók ástfóstri við Vín eftir að hafa heimsótt borgina tvisvar með föður sínum og bjó hann einmitt þar þegar hann lést.



**MOZART** Tónskáldið mikla lést þennan dag árið 1791.

## MERKISATBURÐIR

**1926** Franski listmálarinn Claude Monet deyr, 86 ára.

**1933** Áfengisbann afnumið í Bandaríkjunum eftir að Utah varð 36. ríkið til að leyfa áfengi. Þar með náðist meirihluti upp á þrjáfjórðuhluta sem þurfti til að bannið yrði afnumið.

**1945** Þrjár bandarískar herflugvélar hverfa sporlaust í Bermúda-þríhyrningnum.

**1952** Bandaríski sjónvarpsþátturinn Abbot and Costello er frumsýndur.

**1991** Fregnir af yfirvofandi gjaldþroti bresku Maxwell-samsteypunnar berast.

**1998** Verkalýðsfélögin Sókn, félags starfsfólks í veitingahúsum og Dagsbrún-Framsókn sameinast. Nýja félagið hlaut nafnið Efling.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Ottó Bjarnason**

frá Böðvarsholti, Ennisbraut 18, Ólafsvík,

lést á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 2. desember.

| | |
|---|---|
| **Kristín Jóna Guðjónsdóttir** | **Gunnar H. Hauksson** |
| **Bjarni Guðjónsson** | **Bjarney Guðmundsdóttir** |
| **Jóhann Pétur Guðjónsson** | **Þórey Kjartansdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær sonur minn, vinur, bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Ásgeir Hilmar Jónsson**

Bræðraborgarstíg 32, Reykjavík,

sem lést af slysförum sunnudaginn 26. nóvember, verður jarðsunginn frá Neskirkju miðvikudaginn 6. desember kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Þorbjörg Eiríksdóttir** | |
| **Bára Bryndís Sigmarsdóttir** | |
| **Jón Guðmundsson** | **Guðný Ragnarsdóttir** |
| **Jóna Halldórsdóttir** | **Svanur Pálsson** |
| **Ragnhildur Þórólfsdóttir** | |

**og systkinabörn.**




# Legsteinar

Kynningarafsláttur af völdum tegundum
Fjölbreytt úrval
Hagstæð verð
Stuttur afgreiðslufrestur

**Steinsmiðjan Rein**
Viðarhöfða 1 · 110 RVK.
sími 566 7878 · www.rein.is
REIN



**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson · Hermann Jónasson · Geir Harðarson · Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**SKEMMTISTAÐURINN GLAUMBÆR:** 35 ÁR LIÐIN FRÁ BRUNANUM

# Kostur heillar kynslóðar

Skemmtistaðurinn Glaumbær, sem rekinn var í húsinu að Fríkirkjuvegi 7, þar sem Listasafn Íslands er nú til húsa, á sér stað í hug og hjarta margs Íslendingsins. Hann var vinsælasti skemmtistaðurinn á sjöunda áratugnum, eða allt þar til að húsið skemmdist mikið í eldsvoða aðfaranótt 5. desember 1971. Nú eru því liðin 35 ár frá því að fastagestir Glaumbæjar voru sviptir viðverustað sínum.

„Þetta var lang, langvinsælasti staðurinn á þessum tíma,“ sagði Ólafur Laufdal í samtali við Fréttablaðið, en hann vann sem þjónn í Glaumbæ í nokkur ár. „Það var heldur ekki um svo marga staði að ræða fyrir ungt fólk á þessum tíma,“ bætti hann við. Ólafur segir Glaumbæ hafa verið barn síns tíma. „Hann var í rauninni Bítlabarn. Allar vinsælustu hljómsveitir landsins á þessum tíma, eins og Hljómar, Rooftops og Óðmenn, tróðu upp þar. Þessar hljómsveitir, og fólkið sem hlustaði á þær, voru heldur ekki gjaldgengar inn á staði eins og Hótel Sögu,“ sagði Ólafur. Þær erlendu hljómsveitir sem lögðu leið sína til landsins á meðan Glaumbær var og hét komu einnig fram þar, enda Glaumbær eini staðurinn með stórt svið, að sögn Ólafs. Síðustu tónleikar Hljóma fóru fram á sviðinu í Glaumbæ og segir Ólafur hafa verið fullt út úr dyrum. „Í portinu fyrir framan staðinn og út eftir götunni voru hundruð manna sem komust ekki inn,“ sagði hann.

Ef Glaumbær var Bítlabarn voru fastakúnnar staðarins það líka. „Á þessum tíma fóru allir í Karnabæ að versla. Tískan var líka að breytast mikið, þarna er innflutningur á tískufatnaði rétt að hefjast. Það hefði heldur ekki hvarflað að neinum að fara í óburstuðum skóm út á lífið,“ sagði Ólafur. „Þjónarnir voru meira að segja í smóking,“ sagði hann hlæjandi. Hann var umkringdur fastakúnnum og segir marga merkismenn þjóðfélgsins hafa vermt sætin við barinn. „Þarna voru Davíð Oddsson og Ólafur Ragnar Grímsson. Í rauninni var þetta ákveðin kynslóð, allir sem fóru út að skemmta sér á annað borð komu á Glaumbæ,“ sagði Ólafur.

Endalok staðarins höfðu í för með sér grát og gnístran tanna hjá mörgum skemmtanaþyrstum borgarbúum. Ólafur segir sorgina hafa verið mikla, en staðurinn lifi kannski sterkar í minningunni fyrir vikið. „Hann var hreinlega miðpunktur ákveðinnar menningar,“ sagði hann. **sunna@frettabladid.is**



**MIÐPUNKTUR ÁKVEÐINNAR MENNINGAR** Að sögn Ólafs stunduðu allir Glaumbæ sem vettlingi gátu valdið.



**ÓLAFUR LAUFDAL** Var umkringdur merkismönnum þegar hann vann sem þjónn á Glaumbær.



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Sigurbjörns Þorleifssonar**

Maríubaugi 123, Reykjavík.

| | |
|---|---|
| **Hulda Fríða Ingadóttir** | |
| **Þorleifur Sigurbjörnsson** | **Catherine Elisabet Batt** |
| **Magna Huld Sigurbjörnsdóttir** | **Ármann Fr. Ármannsson** |
| **Ingi Guðmundsson** | **Hildur Pálsdóttir** |
| **Jón Ó. Guðmundsson** | **Erla Guðný Gylfadóttir** |
| **Andri Ingason** | **Birta Ingadóttir** |
| **Sara Huld Ármannsdóttir** | **Thelma Huld Ármannsdóttir** |
| **Alexander Batt Þorleifsson** | **Guðný Dís Jónsdóttir** |



*Ástkæri eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Kristinn Jónsson**

Skriðustekk 22, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala, föstudaginn 1. desember. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 7. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

| | |
|---|---|
| **Sesselja Guðmunda Sigurðardóttir** | |
| **Helgi Sigurður Guðmundsson** | **Sigrún Sjöfn Helgadóttir** |
| **Stefanía Guðríður Guðmundsdóttir** | |
| **Kristín Helga Guðmundsdóttir** | **Vilhjálmur Geir Siggeirsson** |

## AFMÆLI



**Lýður Árnason,** læknir og kvikmyndagerðarmaður, er 44 ára.

**Valdimar Grímsson** handboltakappi er 41 árs.





**Kjartan Magnússon** borgarfulltrúi er 39 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**Little Richard** tónlistarmaður árið 1932.

**J.J. Cale** blúsari árið 1938.





**Frankie Muniz** leikari árið 1985.




# 40 ára

**Krúsa mamma**

Svæða- og viðbragðsfræðingur

Eiðistorgi 9, Seltjarnarnesi,

**er fertug í dag**

Trausti og Tryggvi

Nýtt tákn um gæði

**Sérstakt** jólatilboð á Ford

**Jólapakkinn í ár**
**Verðmæti 210.000 krónur**
í formi afsláttar á sjálfskiptum,
5 dyra Escape með kraftmikilli 2,3i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.



Ford Escape - einn af vinsælustu sportjeppunum

# Kauptu Escape á jólatilboði

## Jólin nálgast - gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg



**Jólatilboð 2.780.000 kr.**
Escape XLS 2,3i 5 dyra, sjálfskiptur.*
Bílasamningur 33.700 kr. Rekstrarleiga 46.670 kr.
Verð án jólatilboðs 2.990.000 kr.

**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn****

**Jólin eru komin í Brimborg. Kynntu þér jólaverð á Escape. Kynntu þér góð kjör, líka á bílasamningi og rekstrarleigu. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Fáðu lægri vexti. Lægra lántökugjald. Byrjaðu jólin í Brimborg - komdu í Brimborg.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

### Stærri, rýmri og hærri

**Ford Escape er stærri, rýmri og hærri en aðrir jepplingar hér á landi enda einn sá mest seldi í sínum flokki. Þú vilt frelsi til ferðalaga, líka um seinfarnar slóðir. Komdu og upplifðu Ford Escape með 153 hestafla 2,3 l vél og fjögurra þrepa sjálfskiptingu. Njóttu sjálfstæðrar fjöðrunar og loftþrýstingsnema við hvert hjól. Upplifðu tölvustýrða fjórhjóladrifið og unaðslega aksturseiginleika á ferð um landið. Flottur á 15" álfelgum. Komdu í Brimborg fyrir jól og kauptu frábæran ferðafélaga. Veldu Ford Escape á jólatilboði Brimborgar.**

GCI ALMANNATENGSL GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Jólapakkinn í ár**
**Verðmæti 210.000 krónur**
í formi afsláttar á sjálfskiptum,
5 dyra Escape með kraftmikilli 2,3i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.

Jólatilboð Brimborgar

**JÓLIN NÁLGAST**
**OFURJÓLATILBOÐ Á FORD**
**KYNNTU ÞÉR GREIÐSLUKJÖRIN**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum er söllúga.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

Kvöldið hefst á upphafsþætti Amazing Race, en keppendur kapphlaupsins eru í startholunum í Denver og bíða eftir því að verða hleypt af stað. Síðari hluti framhaldsmyndarinnar, Bölvun Tútankamons, heldur spennunni áfram og verður ævintýrafílingurinn þar alls ráðandi. Kvöldið verður svo kórónað með óvæntum erfiðleikum sem verða á vegi Sucres í Prison Break þar sem hann reynir að næla í alla peningana.

GÓÐA SKEMMTUN

spennandi þriðjudagskvöld á Stöð 2



Amazing Race kl. 20:05

NÝTT!

FRAMHALDSMYND MÁNAÐARINS

SEINNI HLUTI

The Curse of King Tut's Tomb kl. 20:55



Prison Break kl. 22:20

# STUÐ MILLI STRÍÐA Af sjúkdómum og skammstöfunum

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** SKILUR EKKI TUNGUTAK NETVERJA



Ég er íhaldsseggur hvað varðar íslenska tungu. Frá því að ég man eftir mér hef ég geiflað mig og grett yfir þágufallssýki og gert mitt ítrasta til að bjarga þeim sem lent hafa í klóm þess ógurlega sjúkdóms, ég hef leiðrétt fleiri en ég kæri mig um að muna og örugglega farið í taugarnar á enn fleirum vegna tungumálafasisma míns.

Á vafri mínu um netheima hef ég rekið mig á ófáar bloggsíður þar sem mál- og stafsetningarvillur vaða uppi. Ég tek eina og eina stafsetningarvillu svo sem ekkert sérstaklega inn á mig, en ég get ekki annað en dæst þegar annað hvert orð í færslu er skammstafað og hitt er stafsett vitlaust. Ég loka augum fyrir sms- og msn-skilaboðum sem vaða í skammstöfunum á borð við lol, gg, omg og nkl. Ég veit ekki einu sinni almennilega hvað þær þýða, og hef engan áhuga á að kynna mér það nánar.

Fyrir nokkru síðan gafst mér kostur á að fylgjast með samtali tveggja unglingsstúlkna í bíl sem ég var einnig farþegi í. Ég get hins vegar ekki haldið því fram að ég hafi skilið það. Inn á milli leyndust vissulega orð sem ég hef tekið mér í munn, en bróðurparturinn var einhvers konar internet-talmál sem ég þekki ekki. Í grein sem birtist í Fréttablaðinu í gær spyr Guðmundur B. Kristmundsson, sem stóð að rannsókn á lestrar- og ritfærni Íslendinga ásamt Elísabetu Arnardóttur, hvort ekki ætti að nýta þá hvatningu sem skapast af nýrri tækni, svo sem bloggi, sms-um og msn-i, til að vinna öðruvísi með mál og málhegðun í skólanum. Ég verð að segja að ég á erfitt með að sjá hvernig aukin msn- og sms-notkun á að auðga íslenska tungu. Þessi fyrirbæri heita meira að segja kjánalega stafsettum nöfnum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Gutenberg
## gott betur

Gutenberg er þjónustufyrirtæki í prentiðnaði. Við byggjum á traustum grunni sem hefur þróast á undanförnum 100 árum. Við erum sérfræðingar í stórum og smáum prentlausnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Gutenberg leggur áherslu á persónulega þjónustu og að leita hagkvæmustu leiða í hverju tilfelli fyrir sig. Við höfum skilning á þörfum viðskiptavinarins og uppfyllum kröfur hans.

Gutenberg

Gutenberg • Suðurlandsbraut 24 • 108 Reykjavík • Sími 545 4400 • Fax 545 4401 • www.gutenberg.is

!

**Kl. 13.00**

*Yfirlitssýning á verkum Drafnar Friðfinnsdóttur stendur yfir í Listasafni Akureyrar. Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga frá 12 til 17.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Spaðarnir spila í Iðnó*

Hin dáða hljómsveit Spaðar ráfar fram og aftur í tíma og rúmi á fjórða geisladiski sínum sem nú er kominn út og nefnist „Stundaglasaglaumur“. Þar er meðal annars að finna tillögu að nýjum þjóðsöng Evrópu og hippalegan Kalíforníubrag, sungið er um silungsveiði, álfa og þjóðarblómið, drykkurinn „Asni“ rifjaður upp og Flóaáveitunnar minnst auk þess sem hlýða má á Grettissögu á sex mínútum sem hentar prýðilega fyrir þá sem ekki nenna að lesa söguna.



**HLJÓMSVEITIN SPAÐAR** Syngja um silungsveiði og sjúka drykkjusiði.

Spaðar hafa sent frá sér allmargar spólur og geisladiska síðustu rúma tvo áratugi. Tónlist þeirra hefur verið lýst svo að þar blandist bítlamúsík og blús við íslenska gömludansamúsík með viðkomu í ýmsum uppsveitum Evrópu. Efnt verður til útgáfutónleika í Iðnó annað kvöld og munu Spaðar þá meðal annars leika lög af hinni nýju plötu. Meðlimir Spaða eru Guðmundur Andri Thorsson, söngvari og gítarleikari, Dr. Gunnar Helgi Kristinsson harmóníkuleikari, Aðalgeir Arason mandólínspilari, Guðmundur Pálsson fiðluleikari, Magnús Haraldsson gítarleikari, Guðmundur Ingólfsson kontrabassaleikari og Sigurður G. Valgeirsson trymbill.

Verslunin 12 Tónar annast dreifingu á fyrrgreindu efni.



**> Dustaðu rykið af...**

mynd **Tims Burton, A Nightmare Before Christmas,** frá árinu 1993. Sannur jólaboðskapur í svartnættisbúningi sem stenst tímans tönn.



**KÓRÓNA ALLRA BLÁSARASERENAÐA** Einar Jóhannesson klarinettuleikari leikur á hátíðlegum serenöðutónleikum ásamt félögum sínum í Blásarakvintett Reykjavíkur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Guðlega innblásið

Blásarakvintett Reykjavíkur og félagar halda sína árlegu serenöðutónleika í 26. sinn í kvöld. Í tilefni af 250 ára afmæli Mozarts leika þeir félagar kvöldlokkuna „Gran Partita“ K 361 sem samin er fyrir þrettán blásara en í dag er dánardægur tónskáldsins. Að sögn Einars Jóhannessonar klarinettuleikara er þar um að ræða sérlega auðugt og ægifagurt verk. „Leikskáldið Peter Shaffer notar til að mynda kafla úr hæga þættinum í verki sínu Amadeus þegar tónskáldið Salieri er að rífast við guð. Þetta verk er eins og guðlega innblásið eins og svo margt eftir Mozart, ótrúlega fjölbreytt og vel skrifað. Við skemmtum okkur alltaf konunglega við að leika það,“ segir Einar.

Langt er síðan verkefni þetta var á efnisskrá kvintettsins og segir Einar tíma kominn til að endurnýja kynnin af því. Tónleikahópurinn er stór að þessu sinni en hann skipa óbóleikararnir Daði Kolbeinsson, Peter Tompkins og Sigurður Ingvi Snorrason, fagottleikarnir Hafsteinn Guðmundsson, Rúnar Vilbergsson og Brjánn Ingason, hornleikararnir Joseph Ognibene, Þorkell Jóelsson, Lilja Valdimarsdóttir og Emil Friðfinnsson, Einar Jóhannesson sem leikur á klarinett og bassethornleikararnir Kjartan Óskarsson og Rúnar Óskarsson. Með sveitinni leikur einnig Jóhannes G. Georgsson á kontrabassa.

Tónleikarnir fara fram í Fríkirkjunni í Reykjavík og hefjast kl. 20. - khh

# Í fangi kvenna

Dustin Hoffman sagði í síðustu viku að einn af sínum stóru glæpum í lífinu hefði verið að vinna ekki með Fellini þegar honum bauðst það. Hann setti fyrir sig að Fellini döbbaði allt tal eftir á. Dustin vildi taka það upp á tökustað og bauðst til að borga þá upptöku. Nei, nei, sagði Frederico og hló að Kanastráknum. Þannig missti Dustin af Fellini. Myndin sem kom til álita sem samstarfsverkefni þeirra var La cittá delle donne (1980) eða Kvennabærinn eins og hún hefur verið kölluð á íslensku. Marcello Mastroianni fékk rulluna.

Á sínum tíma var litið á verkið sem háðslega meðferð á kvenrembunni. Karlmaður eltir konu sem hann hrífst af í lest inn á hótel þar sem hann lendir á yfirgengilega femíniseraðri kvennaráðstefnu. Þarna koma fyrir margvíslegar týpur, allt frá einlægum karlhöturum, hórum og táningsstúlkum upp í mjúkar og móðurlegar eldri konur. Konurnar hafa völdin alla myndina í gegn: er Fellini að fjalla hér um martröð flagarans, sem í þessari stöðu ræður ekki neitt við neitt?



**MARCELLO MASTROANNI**

Í kvöld má sjá þessa mynd í Bæjarbíói í Hafnarfirði á vegum Kvikmyndasafns Íslands og hefst sýningin kl. 20. Myndin er með íslenskum texta.

# Slær í gegn í Rigoletto

**Ólafur Kjartan Sigurðarson fær frábæra dóma á Bretlandi fyrir frammistöðu sína í titilhlutverki óperunnar Rigoletto eftir Verdi. Söngvarinn kveðst taka skottúr heim til Íslands til að komast í jólaskap.**

Ólafur Kjartan hefur sungið hlutverk Rigolettos undanfarið hálft ár, fyrst hjá Opera Holland Park og síðan hefur hann ferðast um Bretland með Opera North sem er eitt af fjórum stærstu óperuhúsunum þar í landi.

Ólafur Kjartan hefur leyst af tvo fræga barítóna fyrir Opera North og á dögunum hljóp hann til dæmis í skarðið fyrir Alan Opie á sýningu hópsins í Newcastle og fékk lofsamlega dóma fyrir frammistöðu sína. Gagnrýnendur hafa sagt frammistöðu hans í hlutverki Rigolettos meistaralega og kraftmikla. Að sögn fær íslenski barítóninn hárin til að rísa á höfðum áheyrendanna og er haft eftir gagnrýnanda The British Theatre Guide að leikur hans og söngur myndi heild sem jaðri við upplifun hins sanna Rigoletto.

„Þetta er búið að vera skemmtilegt stím en fyrir mig er það stórt og mikilvægt skref að komast að hjá Opera North,“ segir Ólafur Kjartan. „Í kjölfar þessarar velgengni var mér boðið hlutverk Fords í óperunni Falstaff sem verður sett upp á komandi hausti og hef ég ákveðið að þiggja það glæsilega boð.“ Fleiri vegtyllur hafa einnig hlotnast Ólafi Kjartani því á dögunum fékk hann sérstaka viðurkenningu áhorfenda hjá Opera Holland Park. „Hjá þeim er ákveðinn hópur áhorfenda sem eru fastir áskrifendur að sýningum þeirra. Þessi hópur greiðir atkvæði um bestu frammistöðu í kven- og karlhlutverki á hverju sýningartímabili og mér var sýndur sá heiður að þessu sinni. Að fá viðurkenningu fyrir Rigoletto er bæði skemmtilegt og gagnlegt fyrir mig – hann virðist ætla að reynast mér vel.“

Söngvarinn er samt á langþráðri heimleið en á döfinni eru tvennir jólatónleikar heima á Íslandi. Hann mun syngja á jólatónleikum á Akureyri næsta laugardag ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Karlakór Dalvíkur og Huldu Björk Garðarsdóttur sópransöngkonu undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar en á sunnudaginn verða stórtónleikar í Salnum í Kópavogi þar sem Ólafur Kjartan kemur fram ásamt fleiri góðum listamönnum. „Ég ætla að taka heimkomuna með trukki og reyna að komast í jólaskap eins fljótt og hægt er,“ segir söngvarinn sposkur.

Jólafríið verður samt óverulegt þetta árið því framundan er einnig stórt verkefni í óperunni í Saarbrücken í Þýskalandi þar sem Ólafur Kjartan mun syngja titilhlutverkið í óperunni Kullervo. „Ég verð með hausinn í kafi í finnskri þunglyndisóperu allan desembermánuð en það fer alveg ágætlega við skammdegið,“ segir hann að lokum. kristrun@frettabladid.is



**HÁRIN RÍSA Á HÖFÐUM ÁHEYRENDA** Ólafur Kjartan Sigurðarson barítónsöngvari gerir það gott á Bretlandi. MYND/FRITZ CURZON

# Höfundur Kolberts í heimsókn

David Gieselmann, höfundur leikritsins um Herra Kolbert, verður viðstaddur uppfærslu hátíðarsýningar Leikfélags Akureyrar á verkinu næstkomandi laugardag. Höfundurinn þekkist boð félagsins í kjölfar afar jákvæðra dóma og viðbragða áhorfenda en sýningin hefur hlotið næsta einróma lof.

Verk Gieselmanns hafa verið sýnd um allan heim en Herra Kolbert er hans þekktasta verk og hefur verið sýnt um nær alla Evrópu auk Bandaríkjanna, Ástralíu og Suður-Ameríku. Gieselmann ólst upp í Darmstadt í Þýskalandi. Hann er leikari og leikstjóri en lauk svo námi frá Listaháskólanum í Berlín í handritaskrifum árið 1998 og setti í framhaldinu upp fjölda eigin leikverka. Hið virta Royal Court höfundaleikhús í London bauð honum að taka þátt í leikritasmiðjum árið 1999 og 2000, en þar var leikritið Herra Kolbert frumsýnt. Verkið hlaut mikið lof og hefur síðan verið sýnt víða um heim þar sem það hefur vakið verðskuldaða athygli enda beitt og ágengt þrátt fyrir ómótstæðilegan húmor.

Verkið Herra Kolbert var frumsýnt hjá Leikfélagi Akureyrar í október en sýningum lýkur 16. desember. Tekið skal fram að sýningin er ekki væntanleg til Reykjavíkur, þrátt fyrir fjölda fyrirspurna og áskorana og verða áhugasamir því að drífa sig norður í land til að fá notið þessarar leikhúsreynslu. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu leikfélagsins, www.leikfelag.is.



**ENGIR SILKIHANSKAR** Leikarnir Guðjón Davíð Karlsson og Jóhannes Haukur Jóhannesson í hlutverkum sínum í Herra Kolbert. MYND/LEIKFÉLAG AKUREYRAR

## 5. desember er alþjóðlegur dagur sjálfboðaliðans




**Rauði kross Íslands vill í dag þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem unnið hafa óeigingjarnt starf í þágu mannúðar á árinu. 1500 sjálfboðaliðar Rauða krossins** vinna að því um allt land að rjúfa félagslega einangrun fjölda fólks og eru alltaf reiðubúnir að bregðast við hvers kyns neyð. Einnig þakkar félagið **þeim 2600 sem gengu til góðs** og söfnuðu **37 milljónum** til styrktar börnum í sunnanverðri Afríku. Ekki má heldur gleyma rúmlega **400 ungum sjálfboðaliðum** sem efnt hafa til tombólu á árinu og safnað **600 þúsund krónum** til hjálpar börnum í Síerra Leóne.

Í tilefni af **16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi** viljum við minna á það **mikilvæga sjálfboðastarf** sem fer fram gegnum **1717 – Hjálparsíma Rauða krossins**, í **Kvennaathvarfinu** og í **Konukoti**, athvarfi heimilislausra kvenna.

### Dagskrá 5. desember

**Akureyri**
Opið hús og veitingar í sjálfboðamiðstöð Akureyrardeildar að Viðjulundi 2, kl. 16.00–19.00.

**Hvammstangi**
Opið hús og veitingar í húsnæði Hvammstangadeildar að Hafnarbraut 5, kl. 16.00–17.00.

**Kópavogur**
Opið hús í sjálfboðamiðstöð Kópavogsdeildar að Hamraborg 11, 2. hæð kl. 19.30–21.00. Einar Már Guðmundsson les úr bókum sínum, Elísabet Eyþórsdóttir og Börkur Hrafn Birgisson flytja lög af nýjum geisladiski, Eldhugar Kópavogsdeildar flytja leikþátt um mikilvægi vináttu og virðingar og ýmis skemmtiatriði önnur.

**Reykjavík**
Opið hús í sjálfboðamiðstöð Reykjavíkurdeildar að Laugavegi 120, kl. 15.00–18.00. Boðið verður upp á heitt kakó og piparkökur.

**Sauðárkrókur**
Opið hús í húsnæði Skagafjarðardeildar að Aðalgötu 10b, kl. 13.00–17.00. Veitingar og kynning á starfi deildarinnar.

**Viltu gerast sjálfboðaliði?** Kynntu þér það sem er í boði á **redcross.is**.

Rauði kross Íslands
www.redcross.is

Landsbankinn og FRÉTTABLAÐIÐ styrkja birtingu auglýsingarinnar

# Hélublóm í eimbaði

Eintal skáldkonunnar við ástvininn, eiginmanninn, sem hún ávarpar, mælir í fyrstu persónu eintölu, vill að lesandinn viti að hún sjálf, Linda Vilhjálmsdóttir, er mælandinn, ég ljóðsins, ferðalagsins. Hún er hrædd um hann; hann ætlar á fjöll, sigra jökulinn, storka sprungunum, sýna af sér hetjuskap, reyna á „ofvaxin þolrif karlkynsins“. Hún er hrædd um að hann fari sér að voða. Hún er sjómannskonan, móðirin, dóttirin, amman, ástkonan, eiginkonan, sem sér á eftir manni sínum í stríð, Penelópa sem beið í 20 ár og Mollý sem átti eintal við Polda og sagði já þrátt fyrir allt og Ófelía sem gat ekki beðið þess sem hún gæti orðið, íslenska konan sem óttast um spjátrunginn sinn, sjáið tindinn þarna fór ég. Ástfangin kona. Óttast að missa.

Hver er karlmyndin í þessu fallega og undurskemmtilega konuljóði/ljóðum, hvernig er mörðurinn ljóðsins – og fer hjá því að fávísum lesanda (sem jafnvel flettir upp í orðabók) fljúgi til hugar að mörður er rándýr, lygari, ódrengur, jafnvel hrútur? Þvílík vísun á þó ekki annað erindi í Frostfiðrildum, sýnist mér, en að bægja henni jafnharðan frá, vísa henni á bug. „Þú“ (hann) þessarar bókar er að vísu allt í senn sveittur, pirraður, reiður, hann hrýtur stynur, rymur, hvæsir og ryður frá sér, en hann er hlýr, hraðfleygur, þrautseigur, bjartsýnn með ránfuglshjarta og klakamulning í sjóðheitu blóði, svolítið hlægilegur, hégómafullur, sjálfselskur, sjálfsupptekinn milli lína (karlinn sem veður af augum og kærir sig kollóttan) en hann verðskuldar ást hennar – það skilur lesandinn – og þar er hann stærstur því lesandinn „veit“ frá upphafi hver hamingja hennar er (þótt hún svífi) og grátbiður með henni í lokin að veikustu tónar hennar lifni í loftinu og birtist honum purpurarauðir í bylnum eins og kraftaverk sem að endingu megni að fylla bilið. Bilið? Kannski bilið á milli þess sem er og ekki er, milli þess sem er og gæti orðið, milli þess sem er og vill verða. Vísast eitthvað mjög persónulegt. Nema hann sé í alvöru mörður og sé bara að ljúga því að hann ætli á jökulinn, sé bara í klakanum á barnum? Nei.




**BÆKUR**
**Frostfiðrildin**
Linda Vilhjálmsdóttir
Mál og menning
★★★★
Niðurstaða: Linda Vilhjálmsdóttir er yndislegt skáld og frostfiðrildin fallegur hreinskilinn óður. Skemmtileg bók.

Kvenmyndin? Svari hver fyrir sig (og lesi bókina). Ég finn fyrir konu sem horfir í gegnum mig, karlkynið í mér, hlær að mér af því ég fæ aldrei skilið ástina og kveðskapinn, ekki eins og hún. Ekki angistina heldur. Skáldkonu sem búin er að leysa ráðgátuna um eðlismun karls og konu og glottir síðan bara eins og gamall ærumorðingi.

Linda leikur sér að skáldamálinu, yrkir eins og engill – þ.e.a.s. engill með mjög kvikindislega kímnigáfu og næstum ókristilega löngun til að lauga sjálfa sig í gráglettnu háði – málar myndir, beitir táknum, líkingum, vísunum, andstæðum ýkjum, af listfengi og öryggi sem þó er fálmandi (vísvitandi), flöktandi og síleitandi með kröfu um að ögra sjálfum sér og sýna af sér örlitla lítilláta guðhræðslu gagnvart mætti orðsins og möguleika ljóðsins, þó ekki lotningu heldur áskorun sem oft verður að stríðni – bæði gagnvart „eigin“ tilfinningum og lesanda – og þá um leið (klaka)brynju sem lesandinn þíðir sig þyrstur inn í, þótt yfir honum flögri þar stöðugt illfyglið sem át heiðlóuungana hjá Jónasi (fyrir hálfri stundu) og hóti síðu eftir síðu að eyðileggja stemninguna, eins og Bosníumaður að segja stríðsbrandara. Andstæður í veðri, frostið - gufan, hann - hún, litir - hljóð, síung íslensk tunga, skáldaleikur með lifandi orð: vakandi dæmi á hverri síðu.

Sigurður Hróarson


LINDA VILHJÁLMSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

# Meistarar og lærlingur

Listasafn Íslands tekur í dag upp verk á næstu stórsýningu sem safnið hefur í undirbúningi og verður opnuð almenningi um aðra helgi, þann 15. desember, og mun standa uppi í Listasafninu við Fríkirkjuveg til 25. febrúar. Málverkin sem mynda þessa sýningu eru ekki eftir neina aukvisa og eru mörg hver svo sjálfsagðir hlutar af evrópskum sjálfsskilningi, svo kunnugleg augum okkar, að þau eru eins og gamlir vinir. Sýningin Frelsun litarins sýnir þann róttæka þátt listasögu 20. aldar þegar franskir málarar, með Matisse í fararbroddi, leystu litinn úr viðjum fyrirfram gefinna gilda sem höfðu verið ríkjandi í málverkinu. Leysingin náði hámarki á Haustsýningunni í París 1905 og á árunum á eftir var ljóst að í málaralistinni höfðu opnast nýjar gáttir, þar sem tilfinningarík túlkun og litir innsæis og augnabliks verða ráðandi þáttur í allri myndhugsun og túlkun.


**VERK EFTIR MATISSE** Eitt hinna vinsælu og alkunnu klippiverka hans.

Á sýningunni Frelsun litarins munu hanga uppi verk sem ekki hafa áður verið sýnd á Íslandi eftir listamenn eins og Henri Matisse, Raoul Dufy, Oskar Kokoschka, André Lhote, Pierre Auguste Renoir og Félix Vallotton. Verkin á sýningunni eru fjölbreytt að stíl og myndefni enda eftir marga ólíka listamenn. Á sýningunni má sjá landslagsmyndir, andlitsmyndir, uppstillingar og módelmyndir svo fátt eitt sé nefnt. Alls verða 52 málverk eftir 13 listamenn sýnd í þremur sölum safnsins. Þar ber hæst myndir Henri Matisse, en þetta er í fyrsta sinn sem verk eftir þennan heimsfræga málara eru sýnd á Íslandi. Er löngu tímabært að íslenskir áhugamenn um myndlist fái að sjá verk eftir þennan meistara á íslenskri grund. Raunar hefur á þessu ári ekki verið þverfótað fyrir sýningum með verkum hans í Norður-Evrópu. Sýningin kemur frá Fagurlistasafninu í Bordeaux (Musée des Beaux-Arts) og er til dæmis um hlutverk Listasafns Íslands: Að kynna erlenda list á Íslandi með því að efna til stórra listsögulegra sýninga.

Sýningin markar upphaf mikillar menningarveislu sem frönsk og íslensk stjórnvöld standa að: hátíðar sem Frakkarnir kalla Pourqoui-pas? – franskt vor á Íslandi.


**HENRI MATISSE** Verk hans sjást nú í fyrsta sinn á Íslandi.

Mikilvægast er í sýningarhaldinu nú í desember og fram til loka febrúar að hér er notað tækifæri: fjórði salurinn í safninu verður tileinkaður Jóni Stefánssyni (1881-1962), en hann var nemandi Matisse á árunum 1908-1911. Sú sýning er hugsuð sem viðbót þar sem má skoða þau áhrif sem Jón varð fyrir hjá lærimeistara sínum og þann franska skóla sem Jón innleiddi í verkum sínum eftir að hann kom heim frá námi. Þessi viðbót lærlingsins við verk meistaranna er ekki minnst mikilvæg okkur svo greindir verði þræðir beint hingað upp.

Sýningarstjóri frönsku sýningarinnar er Olivier Le Bihan, safnstjóri Fagurlistasafnsins í Bordeaux, og sýningarstjóri sýningarinnar um Jón Stefánsson er Ólafur Kvaran, safnstjóri Listasafns Íslands.

- pbb

# Danir sigursælir í Amsterdam

Danir unnu í aðalkeppninni á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Amsterdam sem lauk á sunnudagskvöld. Aðalverðlaunin eru kennd við hollenska heimildamyndaleikstjórann Joris Ivens. Mikið umtal var í kringum verðlaunamyndina, Klaustrið: Herra Vig og nunnan, enda small hún vel að mótmælendauppeldi Niðurlendinga. Hr. Vig er kominn á efri ár og vill láta draum sinn rætast um að stofna klaustur í kastala sem hann keypti fyrir áratugum. Hann býður rússneskri nunnureglu klaustrið með blessun patríarkans í Moskvu. Herra Vig vill snertingu sem minnsta milli kynjanna, lítur á líkamleg mök einungis til æxlunar og er siðavandur fram úr hófi. Leikstjórinn Pernille Rose Gronkjaer stefnir nú á Sundance þar sem henni er spáð góðum líkum á vinningi.

Þetta var í nítjánda sinn sem Alþjóðlega heimildamyndahátíðin er haldin. Talið er að 130 þúsund gestir hafi sótt hana heim og er það aukning frá síðasta ári. Verðlaun eru veitt í fjórum flokkum en gríðarlegt magn heimildamynda kemur til álita fyrir hátíðina. Ivens-verðlaunin eru 12.500 evrur.


**HERRA VIG** Eldri maður vill stofna klaustur fyrir rússneskar nunnur á Fjóni
DANSKA KVIKMYNDASTOFNUNIN

Þá unnu Danir einnig stuttmyndakeppnina um myndir undir 30 mínútum fyrir undurfallega mynd um tvær blindar stúlkur: Augu mín eftir Erland E. Moe. Í keppninni um lengri stuttmyndir en 30 mínútur unnu þeir einnig: Vores lykkes fjender lýsir þeim hindrunum sem konur í Afganistan þurfa að ryðja úr vegi til að komast á þing.

Alexander Rastorguev, Vitaly Mansky og Susanna Baranzhieva fengu sérstaka viðurkenningu fyrir hræðilega lýsingu á sumarleyfisgestum við Svartahafið, nöturlega skráningu á þeim aðstæðum sem lágstétt Rússa býr við í vodkadrykkju sinni. We Are Together - Thina suminye vann byrjendaverðlaunin og áhorfendaverðlaun en hún lýsir aðstæðum munaðarleysingja í Agabe.

Hátíðin í Amsterdam er mikilvægasta hátíð sinnar gerðar í Evrópu. Íslendingar sækja hana heim og leggja fram hugmyndir að verkum til framleiðslu í Forum, kynningarmarkaði, sem haldin er í tengslum við IDFA. Þar var nú á ferð Ólafur Jóhannesson að kynna verk sitt um stelpustráka á Filipseyjum. Þeir hafa ekki átt mynd þar í opinberum sýningum í fjölda ára.

-pbb




**Útsala, Útsala**
30 - 50 % verðlækkun

| Dæmi um verð | áður | | Núna |
|---|---|---|---|
| Velúrjakki | 6.500 | 50% afsl. | 3.250.- |
| Velúrjakki | 6.900 | 50% afsl. | 3.500.- |
| Jakki | 7.700 | 50% afsl. | 3.900.- |
| Buxur | 5.800 | 50% afsl. | 2.900.- |

Einnig úrval af eldri fatnaði á 990.-

**Opnunartími.**
**Virkadaga 10.00- 18.00**
**Laugardaga 10.00 -16.00**

**www.friendtex.is**

friendtex

Síðumúla 13 • 108 Reykjavík • Sími 568 2870


# Þýðingar jólabókanna

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur skipuleggur stutta fyrirlestraröð nú á aðventunni þar sem þýðendur ræða um verk sem finna má í jólabókaflóði ársins.

Laufey Erla Jónsdóttir starfar á vegum stofnunarinnar og hún útskýrir að þetta sé í fyrsta sinn sem staðið sé fyrir slíkum fyrirlestrum um jólabækurnar þar á bæ. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hefur á haustdögum einnig staðið fyrir fyrirlestrum undir yfirskriftinni „Þýðing öndvegisverka“. Vel hefur verið mætt á þau erindi og segir Laufey gesti þar á öllum aldri og flesta áhugafólk um þýðingar.

Hún áréttar að þýðendur hafi almennt tekið vel í hugmyndina enda vill það oft verða svo að vinna þeirra fellur í skuggann, sérstaklega á þessum árstíma.

Silja Aðalsteinsdóttir ríður á vaðið á morgun og spjallar við gesti Lögbergs um Wuthering Heights eftir Emily Brontë kl. 16.30. Wuthering Heights er meðal frægustu skáldsagna enskra bókmennta og kemur enn út í mörgum útgáfum á ári hverju þótt hún sé að verða 160 ára. Frásagnarháttur hennar þykir enn nýstárlegur og persónurnar og örlög þeirra verða lesendum ógleymanleg. Þó var höfundurinn tæplega þrítug prestsdóttir og piparmey sem fátt hafði séð og ekkert reynt – að því er séð verður – af þeim hamslausu ástríðum sem saga hennar segir frá.


SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR

Silja mun kynna nýútkomna þýðingu sína á þessu klassíska verki heimsbókmenntanna og mun meðal annars fræða áheyrendur um hvers vegna titillinn fékk að halda sér á frummálinu. Bókin er þekkt hér á landi undir heitinu „Fýkur yfir hæðir“ í þýðingu Sigurlaugar Björnsdóttur sem kom út árið 1951.

Á sama tíma á fimmtudaginn mæta tveir þýðendur, Árni Bergmann og Ólöf Eldjárn, sem munu ræða um reynslu sína annars vegar af smásögum rússneska skáldsins Nikolaj Gogol og hins vegar glímunni við metsölubókina Undantekninguna eftir Christian Jungersen.

Að rúmri viku liðinni verða fyrirlesararnir síðan Guðni Kolbeinsson sem ræðir um ævintýrabækurnar um Eragon eftir Christopher Paolini og Guðlaugur Bermundsson sem þýtt hefur færeysku sakamálasöguna Krossmessa eftir Jógvan Isaksen.

Fyrirlestrarnir fara allir fram í stofu 101 í Lögbergi, þeir eru öllum opnir og eru áhugasamir hvattir til þess að mæta.

- khh

# SKÍFAN KYNNIR

# GLÆNÝJAR PLÖTUR

# OG DVD DISKA SEM KOMA ÚT Í DAG!




Inniheldur Dilana "Roxanne", Basshunter "Boten Anna", Snow Patrol "Chasing Cars" og 37 aðra stórsmelli.

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

2CD 2.499kr.




CD 2.199kr.

Gwen Stefani
The Sweet Escape




CD 2.199kr.

Eminem
The Re-Up




CD 2.199kr.

Il Divo
The Christmas Collection




CD 2.199kr.

Mary J. Blige
Reflections: A Retrospective
Greatest Hits



2DVD 2.799kr.

Slipknot
Voliminal: Inside The Nine




DVD 2.799kr.

Metallica
The Videos 1989-2004




DVD 2.799kr.

Il Divo
Live at the Greek Theater

ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# Skammdegisvarnir

Látum ekki fylgifiska skammdegisins leggja okkur í rúmið. Styrkjum mótstöðuaflið, höldum heilbrigði og hreysti með varnarefnum náttúrunnar.




Láttu sérhæft starfsfólk okkar aðstoða þig við val á vítamínum.

Lyf & heilsa
Við hlustum!



## „SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“

MEIN KAMPF

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4. sýning Græn kort

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 8/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20
Fös 5/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Lau 9/12 kl. 20 Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20 Sun 21/1 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fös 8/12 kl. 20 Fös 29/12 kl. 20
Lau 30/12 kl. 20 Lau 6/1 kl. 20

**BLÓÐBRÚÐKAUP**
Nemendaleikhúsið sýnir Blóðbrúðkaup
Mið 6/12 kl. 20 Fim 7/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20 Miðaverð 1.500

**SÖNGLIST NEMENDASÝNINGAR**
Í dag kl. 17 Í kvöld kl. 20:30
Mið 6/12 kl. 17 Mið 6/12 kl. 20

**BROT AF ÞVÍ BESTA**
Fim 7/12 kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.
Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur

**MEIN KAMPF**
Lau 9/12 kl. 20 Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

**AMADEUS**
Sun 10/12 kl. 20 Sun 7/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 10/12 kl. 14 Lau 30/12 kl. 14
Sun 7/1 kl. 14 Sun 14/1 kl. 20

**JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN**
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn
Í dag kl. 9:30 UPPS Mið 6/12 kl. 9:30
Fim 7/12 kl. 9:30 Fös 8/12 kl. 9:30
Lau 9/12 kl.. 13:00 UPPS
Lau 9/12 9/12 kl. 15:00
Sun 10/12 kl. 13:00 Sun 10/12 kl. 15:00
Mán 11/12 kl. 9:30 Þri 12/12 kl. 9:30
Mið 13/12 kl. 9:30 Fim 14/12 kl. 9:30
Fös 15/12 kl. 9:30 Lau 16/12 kl. 13:0
Lau 16/12 kl. 15:00 Sun 17/12 kl. 13:00
Sun 17/12 kl. 15:00
Miðaverð 500 virka daga og 1400 um helgar

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar Reykjavíkur og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

**STÓRFENGLEG!**
Lau. 6/1, lau. 13/1, lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR**
Fös. 29/12 kl.20:00 **uppselt**, lau. 30/12 kl.14.00 **uppselt** og kl.17.00 **uppselt**, lau. 6/1 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl: 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00, sun.14/1 kl.14:00 **örfá sæti laus**, lau.20/1 kl.14:00, sun.21/1 kl. 14:00.

**PÉTUR GAUTUR**
Fös. 8/12 **uppselt**, lau. 9/12 **uppselt**, sun. 10/12 örfá sæti laus.
**Allra síðustu sýningar!**

**BAKKYNJUR**
**Frumsýning 26/12 uppselt**, 2.sýn. mið. 27/12 **örfá sæti laus**, 3. sýn. fim. 28/12 **örfá sæti laus**, 4.sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

**PATREKUR 1,5**
Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus.
Ath. Miðaverð aðeins 1500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

KÚLAN KL. 20:00

**SKOPPA OG SKRÍTLA**
Lau. 6/1 kl. 11:00 **örfá sæti laus** - sýn kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00 **uppselt**.

LEIKHÚSLOFTIÐ

**LEITIN AÐ JÓLUNUM**
Mið. 6/12 kl. 9:45 **örfá sæti laus** og kl. 11:00 **örfá sæti laus**, lau. 9/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, sun. 10/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, lau. 16/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, sun. 17/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, fös. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**. lau. 23/12 kl. 13:00 **örfá sæti laus**.

LEIKHÚSKJALLARINN

**JÓLABÓNUS**
Jóladagskrá Hugleiks þri. 5/12 kl. 21:00, fim. 7/12 kl. 21:00.
Miðasala í síma 551 2525 og á www.hugleikur.is

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is


# Evrópsku kvikmyndaverðlaunin

Á laugardag voru Evrópsku kvikmyndaverðlaunin afhent við hátíðlega viðhöfn í Varsjá. Sýnt var frá athöfninni víða í Evrópu, en hér höfðu menn ekki áhuga á slíkri útsendingu, enda enginn okkar manna tilnefndur, hvað þá verðlaunaður. Það er Evrópska kvikmyndaakademían, sem samanstendur af 1.700 fagaðilum í Evrópu, sem velur verðlaunaverkin. Heiðursverðlaunin féllu í hendur Romans Polansky sem tók við þeim af lítillæti hins veraldarvana manns og þakkaði Varsjá fyrir allt sem borgin hefði veitt sér. Kynnar voru Sophie Marceau og Maciej Stuhr. Þetta var í nítjánda sinn sem akademían kom saman og í lok hátíðarinnar var sýnd teiknimynd þar sem Wim Wenders bauð til Berlínar þar sem athöfnin verður að ári í tuttugasta sinn en Wenders er forseti Akademínunnar.

Þýska kvikmyndin Das Leben der Anderen var kosin besta myndin og taldi leikstjórinn, Florian Henckel von Donnersmarck, upp öll þau lönd álfunnar sem hann hafði haft að heimkynnum. Keppinautarnir voru erfiðir: Breakfast on Pluto eftir Neil Jordan, Grbavica eftir Jasmila Zbanic, The Road to Guantanamo eftir Michael Winterbottom og Mat Whitecross, Volver eftir Pedro Almodóvar, og The Wind that Shakes the Barley eftir Ken Loach.



**EVRÓPSKU KVIKMYNDAVERÐLAUN AFHENT Í VARSJÁ** Penelope Cruz faðmar Pedro Almodóvar.

Almodóvar var kosinn besti leikstjórinn fyrir Volver og bar sigurorð af Susanne Bier fyrir Eftir brúðkaupið, Emanuele Crialese fyrir Nuovomondo, von Donnersmarck, Ken Loach og þeim Winterbottom og Whitecross.

Besti karlleikarinn var kosinn Ulrich Mühe sem leikur rannsóknarlögreglumanninn í verðlaunamyndinni þýsku. Þar komu til álita meðal annars Jesper Christensen í Drápinu og Mads Mikkelsen fyrir brúðkaupsdramað Bier.

Ekki var samkeppnin minni um besta kvenleikarann: Penelope Cruz hlaut þann heiður fyrir frammistöðu sína í Volver. Hún missti sig blessunin við afhendinguna, grét mikið og bar lof á vin sinn og verndara Almódovar.

Jafnir og báðir tóku þeir verðlaun fyrir kvikmyndatöku Barry Ackroyd fyrir The Wind og José Luis Alcaine fyrir Volver. Von Donnersmarck vann handritaverðlaunin og Alberto Iglesias tónlistarverðlaunin fyrir Volver.

Uppgötvun ársins var franska/georgíska myndin 13 Tzameti eftir Gela Babluani, heimildamynd ársins var Die Grosse Stille eftir Philip Gröning. Stuttmynd var kjörin Before Dawn eftir Bálint Kenyeres frá Ungverjalandi. Verðlaunin eru kennd við United International Pictures og hefur samstæðan, sem er risi í kvikmyndadreifingu í Evrópu, stofnað til staðbundinna verðlauna sem er svo safnað saman til vals á einni mynd þetta kvöld.

Viðurkenningu fyrir listrænt framlag hlutu þau Pierre Pell og Stéphane Rozenbaum fyrir útlit á The Science of Sleep eftir Michel Gondry.

Fipresci-verðlaun gagnrýnenda hlaut Philippe Garrel. Fyrir framlag til heimskvikmynda var framleiðandinn Jeremy Thomas heiðraður. Áhorfendaverðlaunin fékk Volver eftir Almodóvar. - pbb


Sýnt í Iðnó

Fim. örfá sæti 7. des.
Fös. örfá sæti 8. des.
Lau. örfá sæti 9. des.
Síðustu sýningar fyrir jól!
Lau. 13. jan.
Fös. 19. jan.
Lau. 20. jan.

Miðasala virka daga frá kl. 11-16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 562 9700
idno.is og midi.is
Sýningar kl. 20




"Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri."
S.A. TMM



Xit hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14






Barnasýningin Jólafárið:
Lau 9. des kl.13.00 Frumsýning
Lau 9. des kl.15.30
Sun 10.des kl.13.00
Sun 10.des kl.15.30
Lau 16.des kl.13.00
Lau 16.des kl.15.30
Sun 17.des kl.13.00
Sun 17.des kl.15:30
Miðaverð kr. 800
Miðasala sími : 551 4700


## NÝJAR BÆKUR

Forlagið Stílbrot gefur út bókina Afskræmd - þegar ástríðuglæpur verður að máli ríkisins, í þýðingu Auðar S. Arndal. Þegar ein þekktasta sjónvarpskona Sádi-Arabíu, Rania Al-Baz, bað eiginmann sinn um að slá sig ekki svaraði hann: „Ég ætla ekki að slá þig, ég ætla að kyrkja þig.“ Eiginmanni Raniu tókst ekki ætlunarverk sitt. Hún lifði af hrottalegar misþyrmingar hans þrátt fyrir spá lækna um hið gagnstæða. Hann afskræmdi hins vegar andlit hennar sem var nánast óþekkjanlegt eftir árásina. Rania leyfði fjölmiðlum að birta ljósmyndir af þrútnu andliti sínu rétt eftir árásina til þess að vekja athygli á ofbeldi gegn konum en fréttir af raunum hennar bárust um allan heim. Afdrif Raniu komu af stað umræðu um heimilisofbeldi í Sádi-Arabíu sem fram að því hafði verið álitið tabú og lítið sem ekkert rætt opinberlega þar í landi.




Metsölubókin Kona tímaflakkarans eftir Audrey Niffenegger kemur út hjá forlaginu Stílbroti. Kona tímaflakkarans telst til óvenjulegri ástarsagna síðari ára. Í henni segir frá sambandi Henrys og Clare. Þau hittust fyrst þegar Clare var sex ára en Henry þrjátíu og sex en giftu sig þegar Clare var tuttugu og tveggja en Henry þrítugur. Hvernig má það vera? Vegna erfðagalla flakkar Henry um tíma án þess að fá rönd við reist. Kona tímaflakkarans fjallar á hjartfólginn og ógleymanlegan hátt um erfiðleikana sem koma upp er Henry og Clare reyna að lifa eðlilegu lífi saman þrátt fyrir að tíminn geti skilið þau að hvenær sem er, hvar sem er. Þýðandi er Þór Tryggvason.




Flagari í framsókn
The Rake's Progress
IGOR STRAVINSKY

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress STRAVINSKY**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus**
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

**FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL

**GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður!** Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN





# Áhugavert efni í gallaðri bók

Bókin How The World Will Change With Global Warming eftir Trausta Valsson, skipulagsfræðing og arkitekt, er dálítið einkennileg.

Þegar ég byrjaði að lesa hana taldi ég að um hreinræktað vísindarit væri að ræða. Ég hélt að höfundurinn væri agaður, nákvæmur, drægi ekki vafasamar ályktanir eða héldi fram fjarstæðum. En bókin er ekki þannig.

**Hnattræn hlýnun**

Helsta umfjöllunarefnið í bók Trausta er hækkun meðalhita á jörðinni í framtíðinni. Þessi hnattræna hlýnun hefur verið kölluð mikilvægasta úrlausnarefni mannkynsins.

Trausti útskýrir hvernig meðalhiti hefur hækkað á jörðinni frá 0 upp í 0,8 gráður, frá lokum nítjándu aldar. Hlýnunin hefur orðið sökum aukins bruna mannsins á ýmiss konar jarðefnaeldsneyti eins og kolum, olíu og gasi. Kolefnisloftegundir sem myndast við þennan bruna berast út í andrúmsloftið og valda hlýnuninni.

Ef svo fer sem horfir og maðurinn gætir ekki betur að því hvernig hann gengur um náttúruna gæti meðalhitinn á norðurhveli farið upp í þrettán gráður á næstu 150 árum, en hann var um 0 gráður árið 1900. Á sama tíma gæti hitastig við miðbaug hækkað; þar yrði ólíft sökum hita, þurrka og vatnsskorts.

**Minnkun íss á norðurhveli**

Sú umfjöllun hvernig íshellan á norðurhveli jarðar mun þiðna með hlýnuninni gæti haft mikil áhrif á íslenskt samfélag að mati Trausta. Eftir því sem ísinn verður minni þeim mun meiri líkur eru á að siglingaleiðin um Beringssund yfir í Kyrrahafið og til Ameríku og Asíu opni fyrir aukinni umferð skipa um landið. Að mati Trausta gæti Ísland orðið að mikilvægri umskipunarhöfn fyrir vöru- og olíuflutninga í breyttum heimi – talið er að um tuttugu prósent af olíubirgðum jarðar séu undir íshellunni.

Þetta eru forvitnilegar og skemmtilegar pælingar hjá höfundinum, en ég viðurkenni að ég hef ekki vit til dæma um hversu marktækar þær eru út frá þeim forsendum sem hann dregur ályktanir sínar út frá. Óháð því þá er skrítið að velta því fyrir sér að misnotkun mannsins á vísindum og tækni geti haft þær afleiðingar á umhverfið að Ísland verði að mikilvægum áningarstað skipa í úthafssiglingum í framtíðinni.



TRAUSTI VALSSON

**Vasaheimspeki og leirburður**

Þá er það moldviðrið. Þegar Trausti predikar lífsspeki sína í bundnu og óbundnu máli verður bókin neyðarleg. Hann birtir margar af helstu hugmyndum bókarinnar í ljóðum á spássíum bókarinnar: „Að berjast sem menn þurfa að læra./ Hin nýja leið í lífinu er að taka breytingum opnum örmum.“

Trausti hefur komist að þeirri niðurstöðu að heimurinn tekur stöðugum breytingum, meðal annars vegna hugmynda sinna um hnattræna hlýnun. Þessi hugmynd hans um óumflýjanlegar breytingarnar eru leiðarstef í bókinni: „Nútímamaðurinn er staðnaður/ í háttum sínum./ Þetta er í mótsögn/ við eðli heimsins.“

Auk þess segir Trausti okkur að það sé eitt af einkennum mannsins að lifa í núinu og vera hræddur við breytingar. Maðurinn þarf að líta í kringum sig og átta sig á því að heimurinn er lifandi heild og að náttúran er í sífelldri hringrás.

Trausti setur ýmislegt fleira þessu líkt fram í gegnum alla bókina, með viðeigandi upphrópunarmerkjum og endurtekingum, og lesandi fær það á tilfinninguna að höfundurinn vilji fá hann til sjá ljósið sem hann einn sér. Þess vegna er bókin á köflum eins og trúar- en ekki vísindarit.

Höfundurinn leggur þessa heimspekilegu línu í byrjun bókarinnar og tengir nánast hvað sem er við spekina til að gera málflutning sinn trúanlegri. Ég skil aftur á móti ekki hvernig þessi vasaheimspeki kemur hnattrænni hlýnun við.

**Óviðkomandi atriði**

Helsti gallinn á bókinni er að margt í henni virðist ekki tengjast umfjöllunarefninu.

Trausti birtir ólíklegustu bókakápur á spássíum: allt frá vísindaheimspekiriti til ritgerðarsafns eftir listgagnrýnanda, riti eftir fjölmiðla- og framtíðarfræðing, vísindaskáldsögu og ferðabók til pólanna.

Í myndatextunum segir hann að nútímalist hjálpi okkur að venjast breytingum með því að verða vön því sem við höfum ekki séð áður og að ferðabækur um pólferðir séu áhugaverðar. Hann annaðhvort sleppir því að fjalla um þessar bækur eða gerir það í svo miklu framhjáhlaupi að lesandi spyr sig hvaða tilgangi þær þjóni í umfjölluninni.

Svo minnist hann á sögu- eða bókmenntaleg atriði sem hafa ekkert með hnattræna hlýnun að gera; goðsagnir, Adam og Evu og krossferðirnar. Öll þessi umfjöllun virðist vera leið að því markmiði Trausta að móta heildræna lífsspeki sem byggir á hugmyndum hans um hnattræna hlýnun.

**Stjórn- og efnahagsmál**

Í bókinni útskýrir Trausti hvernig hlýnun jarðar og þiðnun íssins á norðurhveli mun hafa áhrif á stjórn- og efnahagsmál í heiminum.





**BÆKUR**

**How the World will Change with Global Warming**

Trausti Valsson

Háskólaútgáfan

★★

Niðurstaða: Bók um mjög forvitnilegt efni sem líður fyrir óvísindalega nálgun höfundar.

Eins og sést er ansi mikið undir í bókinni sem er stutt: 166 blaðsíður.

Trausti segir að með þeim breytingunum sem eru afleiðingar af hlýnuninni muni valdajafnvægið í heiminum breytast: til dæmis er rökrétt að Berlín verði helsta borg Evrópusambandsins.

Niðurstaða Trausta í bókinni er að Ísland geti grætt á hlýnunni. Hann segir að mannkynið eigi að sporna við henni en er fullur efasemda um það sé hægt. Þess vegna eigi íbúar jarðarinnar að búa sig undir flutninga að pólunum í framtíðinni.

Hann kemst að þeirri niðurstöðu að heimur framtíðarinnar sé heimur norðurhvelsins og viðurkennir að túlkun hans sé sett fram til að koma sér vel fyrir markaðssetningu á Íslandi í framtíðinni. Sá sem veit þetta spyr sig hvað vaki fyrir Trausta með bókinni: er hann vísinda- eða sölumaður.

**Forvitnilegar pælingar – gölluð bók**

Af þessari umfjöllun sést að bókin er gölluð á mörgum ástæðum. Það sem er jákvætt við hana er að Trausti útskýrir ágætlega af hverju hlýnað hefur á jörðinni og hvaða afleiðingar þessi hlýnun getur haft. En hann gerir það á ensku en ekki íslensku, sem lætur mann draga þá ályktun að hann hafi ekki haft uppfræðslu almennings á Íslandi í huga þegar hann skrifaði bókina. Almenningur í enskumælandi löndum hefur örugglega aðgang að betri bókum um viðfangsefnið. Pælingar Trausta eru samt mjög forvitnilegar og vekja lesanda til umhugsunar: hann fær stjörnurnar fyrir þær.

Niðurstöðum hans ber þó að taka með fyrirvara. Ástæðurnar fyrir því eru tvær. Túlkun hans er sett fram Íslandi til heilla, auk þess sem erfitt er að taka mark á vísindamanni sem byggir bók upp á jafn illa ígrundaðri lífsspeki, veður eins mikið úr einu í annað og birtir jafn mikið af vaðli í jafn stuttri bók.

Ingi F. Vilhjálmsson

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

2 3 4 **5** 6 7 8

**Þriðjudagur**

### SÝNINGAR

☐ 11.00 Yfirlitssýning á verkum **Drafnar Friðfinnsdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga 12-17.

☐ 14.00 **Helga Óskarsdóttir** og **Kristinn Már Pálmason** sýna verk sín í **Galleríi Kling & bang** um þessar mundir. Sýningarnar eru opnar fimmtudaga til sunnudaga milli 14 og 18.

### OPIÐ HÚS

☐ 11.00 **Reykjavíkurdeild** og **Kópavogsdeild Rauða Kross Íslands**, fagna **sjálfboðaliðadeginum** með opnu húsi. Allir eru velkomnir sem vilja kynna sér starfið og lyfta sér upp í tilefni dagsins. Hjá Reykjavíkurdeild verður opið hús kl. 15-18 að **Laugavegi 120**, **5. hæð**. Hjá **Kópavogsdeild** verður opið hús kl. 19.30-21 í **Hamraborg** 11, 2. hæð. **Einar Már Guðmundsson** rithöfundur les upp úr nýjustu bókum sínum. **Börkur Hrafn Birgisson** gítarleikari og **Elísabet Eyþórsdóttir** söngkona flytja lög af geisladisknum Þriðja leiðin. **Eldhugar** Kópavogsdeildar flytja leikþátt og nemendur í söngnámi hjá **Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur** flytja lög.

☐ 12.00 Hátíðardagskrá verður haldin í **Þjóðminjasafni Íslands** á morgun í tilefni af 90 ár eru liðin frá fæðingu dr. **Kristjáns Eldjárns**, fyrrum þjóðminjavarðar og forseta Íslands. Rannsóknarniðurstöður safnsins fyrir árið 2006 verða kynntar, **dr. Anna Lísa Rúnarsdóttir** mannfræðingur flytur erindi auk þess sem sýning verður opnuð á rannsóknum hennar. **Margrét Hallgrímsdóttir** þjóðminjavörður flytur ávarp og fulltrúi afkomenda Kristjáns afhendir safninu gjöf.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Jólabónus Hugleiks

Hinn ástríðufulli leikklúbbur Hugleikur er þekktur fyrir að gera sér mat úr jólunum. Að þessu sinni bjóða hugleikarar upp á jóladagskrá sem heitir Jólabónus og verður flutt í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld og fimmtudagskvöld kl. 21.00.

Félagið Hugleikur fékk á dögunum viðurkenningu á degi íslenskrar tungu fyrir nýsköpun í leikritun, útúrsnúning ýmiskonar á tungumálinu og alls kyns meðferð á menningararfinum. Félagið sér því sóma sinn, sem aldrei fyrr, í að vinna af atorku að þessu öllu saman, nú á viðurkenndan hátt. Og sjaldan ur jafnmiklu að moða og einmitt þegar kemur að jólunum: að þessu sinni verða í boði fjórir einþáttungar eftir jafnmarga höfunda í leikstjórn jafnmargra félagsmanna en eru leiknir af miklu fleirum. Þeir einþáttungar sem í boði eru að þessu sinni eru:

Bónusförin eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Jólasveinar eru líka kynverur eftir Nínu B. Jónsdóttur, Mikið fyrir börn eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Hrefnu Friðriksdóttur, Þórunni Harðardóttur og Sævar Sigurgeirsson, Skurður eftir Sigurð H. Pálsson. Auk þess verður á boðstólunum Hugleikræn jólatónlist úr ýmsum áttum, m.a. í flutningi söngsveitarinnar Hjáróms og stórsveitarinnar Ljótu hálfvitanna. Ekki er síðan loku fyrir það skotið að eitthvað verði gripið í jólaföndur.



**LEIKFÉLAGIÐ HUGLEIKUR JÓLAR Í VIKUNNI** Jón Geir Jóhannsson verður þar nærri í búningi.



**ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR** Leikskáld og höfundur Bónusfarinnar.

# Heima um jólin.

Kvartett Kristjönu Stefáns verður með útgáfutónleika á Café Rósenberg annað kvöld. Geisladiskurinn Ég verð heima um jólin með Kvartett Kristjönu Stefáns er kominn út í nýrri útgáfu, en hann kom fyrst út fyrir áratug og seldist þá fljótlega upp.

Hér er um að ræða djasstónlist með jólasniði, en kvartettinn skipa Kristjana Stefánsdóttir söngkona, Vignir Þór Stefánsson píanóleikari, Smári Kristjánsson kontrabassaleikari og Gunnar Jónsson trommuleikari.

Í tilefni þessarar stórkostlegu endurkomu ætlar kvartettinn að halda endurútgáfutónleika á Café Rósenberg og hefjast þeir klukkan 22 á miðvikudagskvöldið. Sérstakur gestur verður stórsöngvarinn Páll Óskar Hjálmtýsson.



**KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR SÖNGKONA OG KVARTETT** Koma fólki í jólaskapið.




fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Syngur í Barbican Center á næsta ári

Söngvarinn Garðar Thór Cortes heldur tónleika í Barbican Center í London 2. mars á næsta ári. Þetta verða fyrstu einsöngstónleikar hans í Bretlandi.

Garðar Thór hefur síðustu mánuði ferðast um Bretland og haldið tónleika með Katherine Jenkins og hefur Garðar vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína. Lýkur þeirri tónleikaferð 21. desember. Barbican Center er ein virtasta listamiðstöð heims og þykir það mikill heiður að fá þar inni. „Þetta er voðalega spennandi og það verður gaman að takast á við tónleikana. Við erum að byrja að setja saman dagskrá,“ segir Garðar Thór.

Plata Garðars, Cortes, verður gefin út af plötuútgáfunni Believer í Bretlandi í febrúar. Eru miklar vonir bundar við útgáfuna. „Það hefur verið alveg stórkostlegt að fylgjast með viðbrögðum almennings við Garðari hér í Bretlandi. Fólk stendur algjörlega á öndinni,“ segir Einar Bárðarson, samstarfsmaður Garðars og einn eigenda Believer Music. „Ég er stoltur af því að vinna með honum og fá að verða vitni að þessu.“



**GARÐAR OG JENKIS** Söngvarinn Garðar Thór hefur verið á tónleikaferð um Bretland að undanförnu með Katherine Jenkins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR



**KATIE HOLM OG TOM CRUISE** Ósátt við fnykinn heima hjá sér.

# Skítalykt heima hjá Tom

Sú saga gengur fjöllunum hærra í Hollywood að Tom Cruise og Katie Holmes séu heimilislaus, þrátt fyrir að hafa nýlega fest kaup á rándýrum herragarði. Ástæðan ku vera sú að það er skítalykt á herragarðinum. Pípulagnirnar eru í einhverju ólagi og þá sérstaklega hjá nágranna þeirra, Emmu Tanning. „Það verður alveg rosalega slæm lykt þegar rotþrærnar hér eru tæmdar og svo standa líka yfir einhverjar framkvæmdir,“ segir nágranninn í viðtali við Daily Star og vonast til þess að Katie og Tom fyrirgefi sér. Framkvæmdirnar munu standa fram að jólum, en þangað til þurfa Tom og Katie að halda fyrir nefið.

# Sungið til heiðurs Lennon

Þrennir tónleikar til heiðurs tónlistarmanninum John Lennon voru haldnir í Háskólabíói um helgina. Upphaflega átti að halda eina tónleika en vegna mikillar eftirspurnar var tvennum bætt við.

Fjörutíu hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands komu fram á tónleikunum auk rokkhljómsveitar og tólf söngvara. Fluttu þau lög eftir Lennon sem voru sérstaklega útsett af þessu tilefni. Á meðal söngvara sem komu fram voru Björn Jörundur, Hildur Vala, KK og Páll Rósinkranz.



**SIGRÍÐUR OG STEINUNN** Á meðal Lennon-aðdáenda á svæðinu voru þær Sigríður Thorlacius og Steinunn Jónsdóttir.



**FEGÐAR** Skagamennirnir og feðgarnir Hrannar og Haukur létu sig ekki vanta á tónleikana.



**TIL HEIÐURS LENNON** Sinfóníuhljómsveit Íslands spilaði lög Johns Lennon ásamt rokkhljómsveit og tólf söngvurum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**FJÖGUR SAMAN** Ásmundur, Sigurbjörg, Jónína og Ingólfur voru mætt til að hlýða á tónleikana.



**SPENNT** Kristján Finnsson og Margrét Björnsdóttir gátu varla beðið eftir tónleikunum.



**VIÐ MIÐASÖLUNA** Þau Ragnar, Sólveig og Siggi stilltu sér upp við miðasöluna.






# Árni Johnsen söng lög Ása í Bæ

Árni Johnsen hélt útgáfutónleika í Höllinni í Vestmannaeyjum á dögunum í tilefni af útkomu plötunnar Gaman að vera til, sem hefur að geyma lög eftir Ása í bæ. Um er að ræða bæði lög og texta sem Ási gerði sjálfur og texta sem hann gerði við lög eftir aðra, þar á meðal þjóðhátíðarlög Oddgeirs Kristjánssonar. Á plötunni eru m.a. lögin Ég veit þú kemur, Herjólfsdalur, Mæja litla, Vorvísa, og Vinakveðja.

Hljómsveit skipuð valinkunnum hljóðfæraleikurum var Árna til halds og trausts á tónleikunum auk þess sem Kaffihúsakórinn tók lagið honum.



**KAFFIHÚSAKÓRINN** Hinn svokallaði Kaffihúsakór tók lagið með Árna á tónleikunum.



**GUÐRÚN OG JÓHANNA** Guðrún Erlingsdóttir sem varð í fimmta sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi ásamt dóttur sinni Jóhönnu Björk.



**BEDDI Á GLÓFAXA** Bergvin Oddsson, skipstjóri, eða Beddi á Glófaxa (pabbi Lúðvíks Bergvinssonar), var í salnum og tók lagið með Árna undir lokin.



**YNGSTI GESTURINN** María Fönn var yngsti gesturinn á tónleikunum en hún er litla frænka Árna.



**ÁRNI OG UNNUR** Árni Johnsen á sviði ásamt Unni Ólafsdóttur sem söng með honum nokkur lög. MYND/JÓHANN INGI

„Ekki minnkaði hitasvækjan og Kaddinn spjó reyk sem aldrei fyrr ...“




„Ein svalasta bók ársins, testósterónið drýpur úr púströrinu og mann langar bara að húkka far í flegnum bol og stuttu pilsi ... – bókið mig með í næstu ferð!“
Bryndís Loftsdóttir / Eymundsson

✱✱✱✱✱

„Spennandi hvort bíllinn kemst á leiðarenda ... það kemur allur andskotinn upp ... reynast allir vera einhver iðandi kvika og tilfinningabúnt ... mér finnst það virka ferlega vel.“
Jón Yngvi Jóhannsson / Kastljós

„... ferðabók í fyrsta flokki ... Slástu í för með þeim – það er frábær skemmtun.“
Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi



**ÓBORGANLEG FERÐASAGA**

ríkulega skreytt myndum eftir Jóhann Pál Valdimarsson

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is




## SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 5, 8 og 10.30 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5 og 8 |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 3.40, 5.50 og 8 |
| PULSE | kl. 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 4 |
| OPEN SEASON ENSKT TAL | kl. 3.50 |
| BORAT | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 5.40 og 8 B.I. 12 ÁRA |

## REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 5.50, 8, 10.10 |
| THE NATIVITY STORY | kl. 6 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| PULSE | kl. 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA |

## Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 6 og 8 |
| SAW III | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað







**GUNS N´ ROSES** Spilar fyrir þá sem skila inn byssum sínum.

# Miðar í skiptum fyrir byssur

Í tilraun til þess að koma vopnum af götunum hefur borgarstjórn borgarinnar Oakland í Bandaríkjunum brugðið á það ráð að bjóða fólki alls kyns gjafir í skiptum fyrir skotvopn. Meðal þessara gjafa eru miðar á tónleika með hljómsveitinni Guns N' Roses og miðar á körfuboltaleik með liðinu Golden State Warriors. Takmark borgaryfirvalda er að ná í rúmlega 300 byssur í nokkrum hollum, en nú þegar hefur náðst í 32 byssur, og fengu allir sem skiluðu þeim inn tónleikamiða að launum. Tuttugu skammbyssum og tólf rifflum var skilað og er nú næsta verk að koma þeim til vopnaeftirlits Bandaríkjanna sem sér um að eyðileggja þær.

# Úr skugga Sigur Rósar

**Hljómsveitin Amiina heldur útgáfutónleika í Tjarnarbíói á fimmtudag í tilefni af útkomu smáskífunnar Seoul. Fyrsta breiðskífa sveitarinnar er væntanleg á næsta ári.**

Amiina hefur verið á tónleikaferðalagið um Evrópu og Bandaríkin við góðar undirtektir. Meðal annars fékk hún mjög góða dóma fyrir frammistöðu sína á CMJ-tónlistarhátíðinni í New York þar sem yfir 1100 hljómsveitir tóku þátt. Á heimasíðunni The Eye Online kom m.a. fram að Amiina gæti hæglega stigið úr skugga Sigur Rósar á tónleikunum með svipaðri frammistöðu og hún sýndi á tónleikastaðnum Joe´s Pub.

**Meiri nálægð**

„Þetta gekk rosavel. Það var svaka gaman að túra sjálfar og skipuleggja allt sjálfar. Við erum búin að túra mikið með Sigur Rós og spila á litlum tónleikum en þetta var fyrsta tónleikaferðin sem við fórum í sjálfar," segir María Markan. Hún játar að það hafi verið nokkur viðbrigði að vera allt í einu einar á báti. „Við höfum verið í heilt ár að spila fyrir hundruð þúsunda manna og það hefur gengið mjög vel. Núna vorum við á minni stöðum og það var svolítið gaman



**AMIINA** Hljómsveitin Amiina heldur útgáfutónleika í Tjarnabíói til að kynna smáskífuna Seoul.

að fá meiri nálægð við áhorfendur. Það myndaðist nánari stemning og meira flæði á milli áhorfenda og okkar. Við vorum með 25 hljóðfæri á sviðinu og vorum að gera alls konar hluti sem tapast kannski á stærra sviði þegar fólk sér ekki hvað við erum að dútla," segir hún.

**Sex vikna tónleikaferð**

Smáskífan Seoul hefur að geyma tvö lög af fyrstu breiðskífu Amiina sem er væntanleg í febrúar eða mars. Annað laganna er þó í nýrri útgáfu. Einnig er á smáskífunni lag sem verður ekki á plötunni. Um miðjan mars ætlar Amiina síðan í sex vikna tónleikaferðalag um heiminn til að fylgja plötunni eftir.

Útgáfutónleikar verða í Tjarnarbíói fimmtudaginn 7. desember og er miðaverð 1000 krónur.

freyr@frettabladid.is

# Nánar lýsingar á kynlífi

Fyrrverandi eiginmaður söngkonunnar Jennifer Lopez, Ojani Noa gefur ævisögu sína út von bráðar. Í ævisögunni er að finna nákvæmar lýsingar á kynlífi Jennifers og hans, ásamt lífshlaupi kappans. Jennifer höfðaði mál gegn Ojani þar sem dómari dæmdi henni í hag og bannaði Ojani að græða á frásögnum af kynnum hans við Jennifer. En allt kom fyrir ekki, Ojani lét deigan ekki síga og hefur nú leitað réttar síns annarsstaðar og útlit er fyrir að bókin komi út eftir allt saman.



**JENNIFER LOPEZ** Fyrrverandi eiginmaður vill gefa allt upp í nýrri ævisögu.

# Gegn tilgerð og sýndarmennsku!

Við sem lifum lífinu stöðugt bíðandi eftir því að eitthvað nýtt komi okkur á óvart verðum sífellt fyrir vonbrigðum. En í örfá skipti á ári gerist hið ólíklega. Eitthvað ryðst inn í heim okkar úr óvæntustu átt og hljómar eins og ferskt grunnvatn bragðast.

Þannig er það með þessa sveit hér, Cansei De Ser Sexy, sem er víst portúgalska fyrir „þreytt á því að vera sexí". Flestir þekkja sveitina sem CSS.

Þessi sveit er frá Brasilíu og hljómar eins og ef liðsmenn Sonic Youth og Blonde Redhead væru unglingar í dag með ódrepandi áhuga á svalri klúbbatónlist á borð við !!!, M.I.A. og Goldfrapp. Þessi sex manna hópur virðist heldur ekki taka sig of alvarlega. Sveitin er aðallega mönnuð stelpum. Ein þeirra starfar undir listamannanafninu Lovefoxxx en aðrir liðsmenn ganga undir eigin nöfnum. Lögin eru öll með temmilega kæruleysislegum töktum sem gerir það nær ómögulegt að vera kyrr við hlustunina. Hljómborðslínur og gítarpartar eru afbragð og Lovefoxxx hljómar merkilega svipað og Kim Gordon úr áðurnefndri Sonic Youth. Langatöng er vel á lofti í textunum, þá aðallega gegn sýndarmennsku og tilgerð. Þetta kemur greinilega fram í lögunum „Fuckoff is not the only thing you have to show" og „Art bitch" sem ræðst á þá listamenn sem tapa sér í tilgerð og hroka. Það er alls ekki eins og sveitin sé að predika það yfir hlustandanum að hún séu besta sveit í heimi. Eiginlega þvert á móti, eins og kristallast í opnunarlagi plötunnar „CSS Suxxx".

Þetta er ein af bestu plötum ársins vegna þess að hvert einasta lag er eins ferskt og nýkreistur ávaxtasafi. Plata sem hefur nægilegan kraft til þess að koma þér í djammstuð á þunnudagsmorgni.

Birgir Örn Steinarsson



**TÓNLIST**

**Cansei De Ser Sexy**

Cansei De Ser Sexy

★★★★

Frumraun CSS er án efa með því ferskasta sem komið hefur út á árinu. Partíplata vetrarins og ein af plötum ársins.

# Hremmingar í holræsum

Tölvuteiknimyndin Flushed Away er nú sýnd í kvikmyndahúsum en hún segir frá vandræðum snobbuðu rottunnar Roddy sem lendir á vergangi í holræsum Lundúna eftir að honum er sturtað niður í bókstaflegri merkingu.

Roddy hefur komið sér vel fyrir á fínu heimili í Kensington þar sem hann býr eins og greifi og lætur tvo þjónustuhamstra stjana við sig. Þessi þægilega veröld hans hrynur þegar holræsarottan Syd skríður upp úr baðvaskinum og ákveður að setjast að í huggulegu heimilinu.

Roddy grípur strax til aðgerða og ætlar að losa sig hið snarasta við vágestinn með því að lokka hann í „nuddpottinn" og sturta honum niður. Syd sér hins vegar við Roddy sem endar sjálfur ofan í klósettinu og skolast þaðan ofan í holræsin.

Þar kynnist hann litskrúðugu undirheimasamfélagi og í Rottuborg hittir hann Rítu sem hann fær til þess að hjálpa sér að komast aftur heim svo hann geti endurheimt konungdæmi sitt.

Einvalalið leikara talar fyrir persónur myndarinnar með Hugh Jackman í aðalhlutverkinu. Kate Winslet ljær Rítu rödd sína en aðrir sem láta í sér heyra eru til dæmis Ian McKellen, Andy Serkis, Bill Nighy og Sean Reno. Myndin er einnig sýnd með íslensku tali og þar leikur Felix Bergsson Roddy.



**ROTTAN RODDY** Kemst í hann krappan þegar honum er sturtað niður og þægilegt líf hans í snobbhverfinu breytist í martröð í holræsum Lundúnaborgar.

Þriðjudagar eru bíódagar 2 fyrir 1 í Sambíóin fyrir viðskiptavini sparisjóðsins
SPARISJÓÐURINN

ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA
SAW III
HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA TIL AÐ HALDA LÍFI?

Frá framleiðendum Shrek og Madagascar
Skolað í Burtu
Sýnd með íslensku og ensku tali

SAMBÍÓIN
BARÁTTAN UM JÓLIN ER HAFIN
Tim Allen Martin Short
ESCAPE CLAUSE SANTA CLAUSE 3
JÓLASVEINNINN 3

Þorir þú aftur ?
THE GRUDGE 2
BÖLVUNIN 2

Jónas

THE DEPARTED (HINIR FRÁFÖLLNU)

FLYBOYS (FLUGSTRÁKAR)

HAGATORGI • S. 530 1919
Háskólabíó
www.haskolabio.is

Leiðin til Betlehem
THE NATIVITY STORY

MÝRIN
KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.6 | BÖRN | kl. 6 - 8 | B.i.12 |
| MÝRIN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | SCANNER DARKLY | kl. 10:10 | B.i.16 |
| THE DEPARTED | kl. 6 - 9 | B.i. 16 | | | |

Ítalska kvikmyndhátíðin heldur áfram í nokkra daga (4-6 des) vegna fjölda áskorana Misstu ekki af því besta í ítalskri kvikmyndagerð.
SÝNINGARTÍMAR

Uomo in più, L'
(honum er ofaukið) kl. 8

Da zero a dieci
(frá einum upp í tíu) kl. 5:50

Miracolo, Il
(kraftaverkið) kl. 10:10

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SAW 3 | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.i.16 | THE GRUDGE 2 | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i. 16 |
| SAW 3 VIP | kl. 8 - 10:30 | | JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | FLY BOYS | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | THE DEPARTED VIP | kl. 5 | |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | Leyfð | DIGITAL |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 6 - 8:10 | Leyfð | DIGITAL |
| THE GRUDGE 2 | kl. 10:20 | B.i. 16 | |
| THE DEPARTED | kl. 8:10 | B.i. 16 | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 8 | Leyfð |
| CASINO ROYALE | kl. 10 | B.i. 14 |
| THE LAST KISS | kl. 8 | Leyfð |
| ADRIFT | kl. 10:15 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STURTAÐ NIÐUR M/- Ísl | kl. 6 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk | kl. 8 | Leyfð |
| THE GRUDGE 2 | kl.10 | B.i. 16 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 6 | Leyfð |
| NATIVITY STORY | kl 8 - 10 | B.i. 6 |

www.sambioin.is 575 8900
www.sambioin.is

# Rokkstjörnur í Höllinni

**Rock Star-tónleikar voru haldnir í Laugardalshöll á fimmtudags- og föstudagskvöld.**

Þá komu þau Magni, Dilana, Toby Rand og Storm Large ásamt húsbandinu úr Rock Star-þáttunum saman og gerðu allt vitlaust fyrir framan fjölda áhorfenda. Hljómsveitin Á móti Sól, með Magna í fararbroddi, spilaði einnig efni af sinni nýjustu plötu. Ljósmyndari Fréttablaðsins festi fyrri tónleikana á filmu.



**UMVAFINN AÐDÁENDUM** Rokkarinn Toby var umvafinn aðdáendum.



**GÓÐ STEMNING** Stemningin í Laugardalshöll var mjög góð enda löngu uppselt á tónleikana.



**DILANA** Söngkonan litríka Dilana söng sín þekktustu lög á Rock Star-tónleikunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**HAPPY FEET** Aðgöngumiðar á mörgæsateiknimyndina Happy Feet rokseljast.

# Heldur toppsætinu

Mörgæsateiknimyndin Happy Feet varð í efsta sæti bandaríska aðsóknarlistans þriðju vikuna í röð. Hélt hún þar með Bond-myndinni Casino Royale áfram í öðru sæti listans.

Á meðal þeirra sem ljá mörgæsunum raddir í myndinni eru Nicole Kidman, Hugh Jackman, Elijah Wood, Brittany Murhpy og Robin Williams.

Í þriðja sæti varð tímaflakksmyndin Deja Vu með Denzel Washington í aðalhlutverki. Á eftir henni komu síðan þrjár jólamyndir: The Nativity Story, Deck the Halls og The Santa Clause 3 með Tim Allen í aðalhlutverki. Hryllingsmyndin Turistas, sem fjallar um Bandaríkjamenn í vandræðum í frumskógum Brasilíu, lenti í áttunda sæti í sinni fyrstu viku á lista.




Sendu SMS BTC CAF
á 1900 og þú gætir unnið eintak!
Aðalvinningur er DVD spilari og CARS á DVD
Aukavinningar eru CARS á DVD, tölvuleikir, fleiri DVD myndir og margt fleira!
BT
9 HVER VINNUR!

# Á lítið erindi á plötu

Rúvtops er tvöföld plata með lögum sem eiga rætur sínar að rekja til útvarpsþáttar sem Sniglabandið var með á Rás 2 sumrin 2003 og 2004. Hann var þannig uppbyggður að hlustendur hringdu inn og báðu um óskalög sem sveitin flutti jafnharðan í útvarpssal. Við lok hvers þáttar bauðst þeim sem hringdi inn að panta lag fyrir næsta þátt, þ.e.a.s. segja hljómsveitinni hvernig lag hann vildi fá og hvernig viðlagið ætti að byrja og svo samdi sveitin lag eftir þessum óskum og flutti það í næsta þætti. Á fyrri Rúvtops plötunni er þessum frumsömdu lögum safnað saman, en á hinni seinni er hluti þeirra óskalaga sem hljómsveitin flutti í beinni í þættinum.

Þetta er alls ekki slæmt útvarpsefni. Það myndast oft skemmtileg stemning þegar hljómsveitin lætur vaða í lög sem hún þekkir jafnvel lítið sem ekkert og hugmyndin um að fá innlegg frá hlustendum fyrir lagasmíðar er ekki vond þó að útkoman sé misjöfn. Hins vegar verður það að segjast eins og er að þetta er ekki tónlist sem gerir mikið fyrir mann þegar maður hlustar á hana heima í stofu. Þetta virkar ágætlega í hita leiksins í útvarpinu, en þolir illa nánari kynni.

Eins og áður segir eru frumsömdu lögin æði misjöfn að gæðum. Húmorinn er alltaf í fyrirrúmi og það má alveg brosa að mörgum þessara texta. Sniglabandið er svolítið á sömu slóðum og Stuðmenn þegar það kemur að gríninu. Það vinnur ekki með heildarsvip plötunnar að sum þessara laga eru hreint grín, en í öðrum er meiri metnaður. Bestu lögin að mínu mati eru Silungurinn sem Andrea Gylfa syngur, Sentimetrablús sem KK syngur í og Bónerinn.

Á heildina litið er platan að losaraleg og á köflum hundleiðinleg þó að útvarpsþættirnir sem þau eiga rætur sínar að rekja til hafi verið ágætir.

Trausti Júlíusson




**TÓNLIST**
Rúvtops
Sniglabandið
★★

Útvarpsþættir Sniglabandsins á Rás 2 voru oft skemmtilegir, en tónlistin úr þeim sem er að finna á Rúvtops á lítið erindi á plötu.

## > Stefanovic til Vals

Knattspyrnukonan Vanja Stefanovic er gengin til liðs við Val en hún skrifaði undir tveggja ára samning við félagið í gær. Valur er fjórða félagið sem hún leikur með síðan 2004 er hún kom til Fjölnis og fór svo til KR. Hún lék með Breiðabliki síðastliðið sumar en meiddist um mitt tímabil eftir að hafa skorað sex mörk í átta leikjum. Í síðustu viku framlengdi svo varnarmaðurinn Pála Marie Einarsdóttir samning sinn við Val, einnig til tveggja ára.

**sport**

sport@frettabladid.is

PÉTUR INGVARSSON, ÞJÁLFARI HAMARS/SELFOSS: STRÁKARNIR HANS LÖGÐU TOPPLIÐ KR Í KÖRFUBOLTANUM

# *Erum langbesta botnlið á Íslandi í dag*

Botnlið Hamars/Selfoss í Iceland Express-deild karla kom gríðarlega á óvart á sunnudag er það lagði topplið KR mjög sannfærandi með 14 stiga mun, 83-69. Sigurinn dugði þó ekki til að hífa lærisveina Péturs Ingvarssonar úr botnsætinu en Hamar/Selfoss er þó á pari með fimm öðrum liðum með sigrinum enda deildin algjörlega tvískipt.



„KR-ingarnir mættu ekki tilbúnir til leiks og augljóst að þarna var hið klassíska vanmat á ferðinni. Það breytir samt ekki þeirri staðreynd að við erum langbesta botnlið á Íslandi í dag. Það er ekki spurning. Þó svo að við værum öruggir í botnsætinu þá vorum við líka bara tveim sigrum frá úrslitakeppninni,“ sagði Pétur kátur. „Annars hefur ýmislegt gengið á hjá okkur og til að mynda fórum við í gegnum útlendingaskipti og fyrir vikið urðum við að breyta okkar leik nokkuð mikið. Þær breytingar eru að skila árangri núna. Það var engin uppgjöf hjá okkur enda velgengni á körfuboltavellinum ekki alþekkt í Hveragerði. Menn gefast þar af leiðandi ekkert upp þótt þeir tapi nokkrum leikjum.“

Hamar/Selfoss fékk George Byrd í sínar raðir eftir að tímabilið byrjaði en Byrd var hreint út sagt frábær með Skallagrími síðasta vetur. Pétur segir miklu muna að hafa fengið eins öflugan mann og Byrd.

„Leikskipulagið breytist með honum. Hlutverk margra breytist og við urðum mikið að hægja á leik okkar svo hann þurfi ekki að hlaupa eins og brjálæðingur. Það væri heimskulegt. Óþolinmóð lið eins og KR vilja keyra upp hraðann og við getum því pirrað andstæðinginn með því að hægja á leiknum. Þó svo að við séum lélegir þá erum við ekki vitlausir,“ sagði Pétur léttur á því.



**MAREL BALDVINSSON** Var keyptur á stórfé til Molde. Er hugsanlega falur en ekkert félag hefur spurst fyrir um hann.

Landsliðsmenn Molde:

## Enginn sýnir þeim áhuga

**FÓTBOLTI** Norska félagið Molde féll úr norsku úrvalsdeildinni á dögunum og var í kjölfarið búist við því að félagið myndi missa eitthvað af sínum bestu mönnum enda einir sex landsliðsmenn á samningi hjá félaginu og þar á meðal Íslendingurinn Marel Jóhann Baldvinsson.

Svo er nú aldeilis ekki því síminn hjá Molde hefur ekki beint verið rauðglóandi síðustu daga. Ekki ein fyrirspurn hefur komið í leikmenn félagsins frá því það féll. - hbg

Charlotte Bobcats:

## Stöðvaði Detroit Pistons

**KÖRFUBOLTI Átta leikja sigurganga Detroit Pistons í NBA-deildinni var stöðvuð í Charlotte um síðustu helgi er Bobcats gerði sér lítið fyrir og landaði sigri gegn hinu sjóðheita Pistons-liði, 97-89. Það var fyrst og fremst frábær frammistaða varamanna Bobcats sem lagði grunninn að sigrinum en varamenn heimamanna skoruðu 46 stig gegn 14 hjá varamönnum Pistons.**

**Þetta var aðeins fimmti sigur Charlotte í vetur en flestir sigranna hafa komið gegn betri liðum deildarinnar á borð við San Atnonio og Cleveland.** - hbg

# Gunnar og Viðar íhuga framboð til formanns KSÍ

**Aðeins Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, hefur tilkynnt framboð sitt til formanns sambandsins. Tveir til viðbótar, Gunnar Sigurðsson og Viðar Halldórsson, íhuga framboð. Halldór B. Jónsson varaformaður styður Geir.**

**FÓTBOLTI** Gunnar Sigurðsson, knattspyrnufrömuður á Akranesi og Viðar Halldórsson úr Hafnarfirði sögðu við Fréttablaðið í gær að þeir væru að íhuga alvarlega að bjóða sig fram til formanns Knattspyrnusambands Íslands á ársþingi sambandsins í febrúar næstkomandi.

Nú þegar hefur Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, ákveðið að bjóða sig fram. Önnur framboð hafa ekki verið tilkynnt en Steinar Þór Guðgeirsson og Halldór B. Jónsson, varaformaður KSÍ, hafa útilokað framboð.

Meðal þeirra sem hafa verið orðaðir þar að auki við formannsembættið má nefna Guðna Bergsson, fyrrverandi atvinnumann í knattspyrnu, Jónas Kristinsson, formann KR Sports, og Bjarna Benediktsson alþingismann.

„Ég hef verið hvattur til að gefa kost á mér,“ sagði Gunnar við Fréttablaðið í gær en í síðasta mánuði sagði hann vel getað hugsað sér að bjóða sig fram. Þá var ekki orðið ljóst hvort Eggert myndi hætta.



**GUNNAR SIGURÐSSON** Hefur lengi starfað í knattspyrnunni á Akranesi.



**VIÐAR HALLDÓRSSON** Hefur gegnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir KSÍ.



**GEIR ÞORSTEINSSON** Framkvæmdarstjóri KSÍ og hugsanlegur eftirmaður Eggerts.

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

„Ég er þó ekki búinn að taka endanlega ákvörðun en mun væntanlega gera það fljótlega,“ sagði Gunnar.

Hann hefur lengi starfað í knattspyrnuhreyfingunni á Akranesi og hefur verið orðaður sem fulltrúi landsbyggðarinnar í komandi formannskjöri.

Viðar Halldórsson er sömuleiðis vel þekktur innan knattspyrnuhreyfingarinnar en hann er gallharður FH-ingur og faðir þeirra Arnars Þórs, Davíðs Þórs og Bjarna Þórs Viðarssona sem allir eru þekktir knattspyrnumenn. Arnar og Bjarni eru atvinnumenn og Davíð spilar með FH. Jón Rúnar, bróðir Viðars, er formaður knattspyrnudeildar FH. Viðar hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir KSÍ á undanförnum árum.

„Ég er að íhuga alvarlega að bjóða mig fram,“ sagði Viðar en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

Sem fyrr segir er Geir Þorsteinsson sá eini sem er búinn að tilkynna sitt framboð og er hann talinn hafa stuðning núverandi knattspyrnuforystu. Halldór B. Jónsson varaformaður segist styðja Geir.

„Ég reikna fastlega með því að ég muni styðja Geir ef eftir því verður leitað,“ sagði Halldór við Fréttablaðið í gær. Fráfarandi formaður, Eggert Magnússon, hefur ekki lýst opinberum stuðningi en víst má telja að hann styðji einnig Geir í sínu framboði.

Geir hefur þegar sagt að hvernig sem niðurstöður formannskjörsins verði mun hann láta af störfum sem framkvæmdastjóri KSÍ. Það er því ljóst að tveir valdamestu menn íslenskrar knattspyrnu undanfarin ár munu hverfa úr sínum embættum á næstu mánuðum.

Eggert Magnússon hefur eins og alkunna er fest kaup á enska úrvalsdeildarfélaginu West Ham United í félagi við Björgólf Guðmundsson bankastjóra. Mun Eggert gerast stjórnarformaður West Ham þegar kaupin eru formlega gengin í gegn. Hann er þegar fluttur búferlum til Englands.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**KLÁRA TÍMABILIÐ** Javier Mascherano og Carlos Tevez með Alan Pardew, stjóra West Ham, í haust. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eggert Magnússon:

## Mascherano og Tevez fara ekki

**FÓTBOLTI Eggert Magnússon, verðandi stjórnarformaður West Ham, sagði í enskum fjölmiðlum í gær að Argentínumennirnir Carlos Tevez og Javier Mascherano færu ekki frá félaginu í janúar þegar félagaskiptaglugginn opnar á ný. Þeir hafa átt erfitt með að aðlagast enskri knattspyrnu síðan þeir komu til West Ham í haust.**

**„Eftir að yfirtakan er gengin í gegn vilja þeir örugglega sýna okkur hvers kyns heimsklassaleikmenn þeir eru,“ sagði Eggert og hældi Tevez fyrir frammistöðu sína gegn Everton um helgina.**

Adriano hjá Inter:

## Fékk gullnu ruslafötuna

**FÓTBOLTI** Hvert ár stendur ítölsk útvarpsstöð fyrir kosningu á versta leikmanni ársins sem er að líða og veitir sigurvegaranum hina svokölluðu „gullnu ruslafötu“. Í ár var brasilíski framherjinn hjá Inter, Adriano, þess vafasama heiðurs aðnjótandi. Af tíu þúsund atkvæðum fékk hann 32,5% „kosningu“. Hann hefur þótt skelfilegur í haust og ekki skorað síðan í mars síðastliðnum.

Í fyrra hlaut Christian Vieri verðlaunin og hefur lítið spilað í ár. Hinir sem voru nefndir til sögunnar í ár eru Alberto Gilardino, Ricardo Oliveira, Jean-Alain Boumsong og Raul. - esá




VISA Lán er hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

+ Staðgreiðsluverð
+ Lægri vextir
+ Lægri kostnaður
+ Til allt að 36 mánaða
+ Framlengdur ábyrgðartími
+ Flutningstrygging
+ Vildarpunktar

VISA Lán – HAGSTÆÐAR AFBOGANIR

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000




# Hefurðu hugleitt hvar Orkustöðvarnar eru?





Með því að slaka aðeins á og nýta orkustöðvarnar má oft komast að farsælli niðurstöðu. Hefurðu til dæmis hugleitt hvar Orkustöðvarnar eru og hvað bensínið er ódýrt þar?

Bensínfrelsi Orkunnar gefur svo enn meiri afslátt eða 3 kr. í viðbót.



*Þegar ég leiddi hugann að því hvað má spara mikið á Orkustöðvunum, þá ákvað ég að snúa mér þangað.*
*Guðjón Bergmann, jógakennari og rithöfundur.*

**Fram að jólum er 2 krónu afsláttur á einni Orkustöð á dag. Stöð dagsins er auglýst í útvarpinu.**

Lárus & Lárus




ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Iceland Express deild karla*

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK-SNÆFELL | 68-75 |

**Stig Grindavíkur**: Þorleifur Ólafsson 23, Steven Thomas 18, Adam Darboe 17, Björn Brynjólfsson 8, Páll Axel Vilbergsson 2.

**Stig Snæfells**: Hlynur Bæringsson 15, Magni Hafsteinsson 14, Sigurður Þorvaldsson 14, Justin Shouse 14, Jón Ó. Jónsson 11, Bjarne Nielsen 5, Helgi Guðmundsson 2.

| | |
|---|---|
| ÍR-HAUKAR | 103-90 |



**ANNAR SIGURINN Í RÖÐ** Fannar Freyr Helgason og félagar í ÍR unnu Hauka í gær. Hér er Kevin Smith honum til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Iceland Express deild karla:

## Snæfell eitt í efsta sæti

**KÖRFUBOLTI** Snæfell vann í gær sigur á Grindvíkingum á útivelli, 75-68, og fóru þar með á topp Iceland Express deildar karla. Liðið hefur unnið átta leiki í röð eftir að hafa tapað fyrir KR í fyrstu umferðinni.

Hlynur Bæringsson skoraði flest stig Snæfellinga, fimmtán, tók tíu fráköst, gaf fimm stoðsendingar og stal fjórum boltum.

ÍR vann svo mikilvægan sigur á Haukum, 103-90. - esá

Kristín Rós Hákonardóttir:

## Annað brons

**SUND Kristín Rós Hákonardóttir vann í gær sín önnur bronsverðlaun á heimsmeistaramóti fatlaðra í sundi sem fer fram í Suður-Afríku. Hún varð í gær þriðja í 100 m bringusundi en vann bronsverðlaun í 100 m baksundi í fyrradag.** - esá

Leikmenn Bengals:

## Margir sitja í steininum

**NFL** Leikmenn Bengaltígranna frá Cincinnati hafa verið duglegir að komast í kast við lögin síðustu ár og enn einn leikmaður félagsins var handtekinn um helgina.

Sá heitir Reggie McNeal og er nýliði hjá Bengals. Hann var handtekinn í Houston fyrir utan næturklúbb þar sem hann var með dólgslæti. Hann er sjöundi leikmaður félagsins sem er handtekinn á einu ári. - hbg

Breskuir fjölmiðlar fjalla mikið um meint ósætti Arsenes Wenger, stjóra Arsenal, og Thierrys Henry:

# Henry segist ekki hafa rifist við Wenger

**FÓTBOLTI** Breskir fjölmiðlar hafa mikið fjallað um meint ósætti á milli Arsene Wenger, stjóra Arsenal, og fyrirliða liðsins, Thierry Henry. Fyrirliðinn segist ekki hafa rifist við Wenger sem hefur gefið í skyn að ekki sé allt með felldu á milli þeirra tveggja.

„Ég verð frá í mánuð, kannski einn og hálfan," sagði Henry við franska blaðið L´Equipe en hann á að hafa rokið heim af æfingu síðasta föstudag þegar í ljós kom að hann myndi ekki spila gegn Tottenham.

„Ég varð reiður því þar með get ég ekki hjálpað liðinu mínu á vellinum. Það fer í taugarnar á mér en ég reifst ekki við Wenger."

Henry missti líka af leiknum gegn Bolton fyrir rúmri viku og nú hefur komið í ljós að hann er líka meiddur á læri. Tímabilið í fyrra virðist hafa tekið sinn toll af Henry en hann fór í úrslit meistaradeildarinnar með Arsenal og í úrslit HM með Frakklandi.

„Eftir að hafa leikið 60 leiki sama árið þá kemur að því að líkaminn segir stopp og þá verður maður að hlusta," sagði Henry og Wenger tekur undir að hann verði að fá sína hvíld.

Sögusagnir um ósætti þeirra fengu byr undir báða vængi þegar Wenger sagðist ekki ætla að kaupa leikmenn í janúar degi eftir að Henry hafði sagt hið gagnstæða. „Við erum ekki með sömu breidd og hin liðin. Arsene mun reyna að ná góðum samningum í janúar," sagði Henry og þegar Wenger var spurður af hverju Henry hefði sagt þetta svaraði Wenger: „Ég veit það ekki. Það verðið að spyrja hann." - hbg



**ÓSÁTTIR?** Það fer tvennum sögum af vinskap milli Arsene Wenger og Thierry Henry þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Sterkir leikmenn í of fáum félögum

**Íslenska kvennalandsliðið í handbolta lauk keppni í undankeppni HM á sunnudaginn og Fréttablaðið settist niður með Júlíusi þjálfara liðsins og ræddi við hann um árangurinn og stöðu kvennahandboltans.**



**JÚLÍUS JÓNASSON** Vann tvo sigra en tapaði tveimur leikjum í forkeppni HM kvenna í Rúmeníu. FRÉTTABLAÐIÐ/ TIHI JOVANOVIC

**HANDBOLTI** Ísland endaði í þriðja sæti í sínum riðli í undankeppni HM í handbolta kvenna en mótinu lauk á sunnudaginn. Markmið liðsins fyrir undankeppnina var að vinna alla leikina og komast upp úr riðlinum en Júlíus Jónasson þjálfari íslenska liðsins viðurkennir að það hafi verið háleitt markmið.

„Við settum okkur markmið um að fara áfram úr riðlinum. Við vissum jafnframt að það væri háleitt markmið og það þyrfti allt að ganga upp. Leikurinn gegn Portúgal situr svolítið í manni, við spiluðum illa framan af í þeim leik og lentum í vandræðum.

Við lékum svo nokkuð vel gegn Rúmenum en töpuðum því á nokkrum mínútum og á þeim mínútum sá maður ef til vill muninn á styrk liðanna. Ég var samt mun sáttari við spilamennskuna í þeim leik en svo var ég ósáttur við fyrri hálfleikinn gegn Ítölum. Þannig að á heildina litið er ég ekkert alltof sáttur. Í fyrsta lagi vegna þess að við náðum ekki markmiðinu okkar, ég veit að það var háleitt en við náðum því ekki, og í öðru lagi þá hefði ég viljað fá aðeins meira út úr mótinu, ég hefði t.d. viljað sjá Portúgalsleikinn enda öðruvísi," sagði Júlíus en hann sagði að liðið væri komið lengra en í æfingaferðinni í Hollandi í síðasta mánuði.

Júlíus sagði jafnframt að markmið íslenska kvennalandsliðsins væri að komast á stórmót á næstu árum. „Það eru allir sammála um það að næsta markmið kvennalandsliðsins sé að komast í stórkeppni á næstu tveimur til þremur árum. Svo þarf líka að horfa á hvað þarf til svo að það markmið náist.

Við höfum verið að velta þessu mikið fyrir okkur og ef við miðum okkur við t.d. Rúmeníu sem er eitt besta kvennalandsliðið í heiminum þá eru þar fleiri alhliða leikmenn. Við Íslendingar erum svolítið fastir í því að ef leikmaður er t.d. vinstri skytta þá er leikmaðurinn bara vinstri skytta og fer ekkert mikið úr þeirri stöðu. Við sjáum það bara þegar alþjóðlegur bolti er skoðaður að leikmenn eru mikið að spila fleiri en eina stöðu og það er kannski of lítið um það hjá okkur." En hver er ástæðan fyrir þessari stöðu í íslenskum handbolta?

„Ég held að hún liggi að hluta til í því að það eru fjórtán leikmenn í liði heima á Íslandi. Það má alveg taka það til skoðunar hvort það sé ekki of mikið og hvort ekki sé betra að hafa bara tólf leikmenn á skýrslu. Eins og staðan er dag þá getur þjálfari félagsliðs valið tvo leikmenn í hverja stöðu en þarna þyrfti þjálfarinn að velja t.d. leikmann sem getur leyst tvær, þrjár eða jafnvel fleiri stöður. Þá þarf þjálfarinn að þjálfa leikmenn í því að verða alhliða leikmenn.

Það er líka annað í þessu sambandi að á Íslandi eru að mínu mati félög sem eru með of marga góða leikmenn, bæði í kvenna- og karlahandboltanum. Það er frábært fyrir félagsþjálfara en það er slæmt fyrir landsliðsþjálfara og handboltann í heild sinni. Þarna safnast saman margir góðir leikmenn sem spila minna og vantar leikform og það er erfiðara að taka tvo leikmenn sem spila sömu stöðu úr sama félagsliðinu," sagði Júlíus og á hann þar við Stjörnuna og Val í kvennaboltanum og Val í karlaboltanum.

Júlíus bætti við að markvarðastaðan í íslenskum kvennahandbolta væri ekki nógu góð. „Í íslenskum kvennahandbolta eru of margir erlendir markverðir að spila í deildinni. Við erum með tvo frábæra markverði, þær Írisi og Berglindi, en ég fór að velta því fyrir mér um daginn hvað gerist ef önnur þeirra verður ófrísk. Þá erum við komin í skrítna stöðu. Það eru vissulega einhverjir markmenn til en það er mjög lítið af þeim. Íslenskir markmenn fá of lítið að spila," sagði Júlíus að lokum.



FORKEPPNI HM
DAGUR SVEINN DAGBJARTSSON
*skrifar frá Rúmeníu*
dagur@frettabladid.is

Sýn keypti sýningarréttinn að Evrópumótaröðinni í golfi:

# Birgir Leifur í beinni á Sýn

**GOLF** Sjónvarpsstöðin Sýn hefur tryggt sér sýningarrétt á beinum útsendingum frá Evrópumótaröð karla í golfi. Birgir Leifur Hafþórsson varð fyrsti íslenski kylfingurinn í karlaflokki sem tryggði sér þátttökurétt á mótaröðinni og mun hann keppa á tveimur mótum í Suður-Afríku nú síðar í mánuðinum.

Sýnt verður frá öllum keppnisdögum í báðum mótum en Sýn mun svo vera með beinar útsendingar frá fleiri mótum á næsta ári.

Fyrra mótið sem Birgir Leifur keppir í er Alfred Dunhill-mótið sem hefst núna á fimmtudaginn. Viku síðar hefst opna Airways-mótið.

Eftir formannafund GSÍ í nóvember var ákveðið að sambandið myndi sækja um A-styrk til Afreksmannasjóðs ÍSÍ fyrir Birgi Leif en þátttöku hans á mótaröðinni fylgir mikill kostnaður.

Hann hefur í rúmt ár búið í Lúxemborg þar sem hann á auðvelt með að ferðast á milli móta.

Birgir Leifur tryggði sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni með því að vera meðal þrjátíu efstu á lokaúrtökumótinu sem fór fram á Spáni í síðasta mánuði. Var það í tíunda skiptið sem hann reyndi að ná í „kortið" svokallaða en tvívegis áður hefur hann verið aðeins einu höggi frá því. - esá



**BIRGIR LEIFUR** Keppir með þeim bestu í Evrópu næsta árið og hefur leik á tveimur mótum í Suður-Afríku síðar í mánuðinum. NORDIC PHOTOS/GETTY



FROST EVENTS BYLGJAN 989 ICELANDAIR HOTELS & ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS

kynna með stolti

# The European Divas Frostroses 2006



Eleftheria Arvanitaki Patricia Bardon Sissel Kyrkjebø Eivør Pálsdóttir Ragnhildur Gísladóttir

ásamt Karlakórnum Fóstbræðrum, Drengjakór Reykjavíkur, sérstakri slagverkssveit, þekktum erlendum hljóðfæraleikurum og tæplega 60 manna stórhljómsveit Frostrósa skipaðri félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og nokkrum af okkar fremstu tónlistarmönnum.

## STÆRSTU JÓLATÓNLEIKAR ALLRA TÍMA!

### Í NÝJU LAUGARDALSHÖLLINNI 5. DESEMBER KL. 21:00

**Vegna gífulegrar eftirspurnar: AUKATÓNLEIKAR – sama dag kl. 18:00**

**HÓPAR ATHUGIÐ!**
Vinahópar, fjölskyldur, saumaklúbbar og aðrir hópar með 10 manns eða fleiri geta haft samband gegnum hopar@frostid.is. Við finnum til sæti saman og gerum upplifunina ógleymanlega með ykkur!

**500 MIÐUM HEFUR VERIÐ BÆTT VIÐ Á TÓNLEIKANA KL. 21:00 OG ER ÞVÍ ENN HÆGT AÐ FÁ MIÐA Á ÞÁ TÓNLEIKA**

**MIÐAVERÐ FRÁ KR. 5.900,-**

MIÐASALA Á FROSTID.IS, MIDI.IS,
Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT Á LANDSBYGGÐINNI




Nýja Laugardalshöllin verður færð í sannkallaðan jólabúning
alls koma fram yfir 200 manns á risasviði!

Sérstakur heiðursgestur:
**Petula Clark**



Gestasöngvari:
**Jóhann Friðgeir**



**RONALDO** Ekki vinsæll á Riverside.

Gareth Southgate:

## Ronaldo er „raðdýfari“

**FÓTBOLTI** Gareth Southgate, stjóri Middlesbrough, var allt annað en sáttur við Portúgalann Cristiano Ronaldo eftir leik Boro og Man. Utd um helgina. United fékk víti í leiknum og sást greinilega á myndabandsupptökum að ekki var um neina snertingu að ræða. Hið sama gerðist síðar í leiknum.

„Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Ronaldo leikur þennan leik. Markvörðurinn okkar gerði allt til að forðast snertingu en niður fór drengurinn eina ferðina enn,“ sagði Southgate svekktur. „Hann er svindlari og þetta var ekkert víti.“

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, stendur með sínum manni og segir að vítið hafi verið réttilega dæmt. Ef markvörður Boro hefði ekki verið fyrir hefði Ronaldo skorað. - hbg

Juventus:

## Á hraðri leið upp í Serie A

**FÓTBOLTI Juventus komst um helgina á topp Serie B þrátt fyrir 1-1 jafntefli gegn Genoa. Þetta er stór áfangi hjá félaginu sem var sent niður um deild með skömm síðasta sumar. Titlar voru einnig teknir af félaginu.**

**Juventus byrjaði Serie B með 17 stig í mínus en sú refsing var minnkuð í 9 mínusstig eftir að tímabilið hófst. Juventus hefur ekki tapað leik í Serie B í vetur enda liðið ógnarsterkt þar sem fjöldi sterkra leikmanna hélt tryggð við það og þar á meðal leikmenn úr heimsmeistaraliði Ítala síðan í sumar.** - hbg

# Allt undir hjá Barcelona

Evrópumeistararar Barcelona verða að vinna Werder Bremen á heimavelli í kvöld ætli liðið sér í sextán liða úrslit meistaradeildarinnar. Ef Barcelona kemst ekki áfram verður það í fyrsta sinn sem meistararnir komast ekki áfram.

**FÓTBOLTI** Stund sannleikans er runninn upp hjá Evrópumeisturum Barcelona. Takist þeim ekki að leggja Werder Bremen í kvöld er liðið úr leik í meistaradeildinni. Málið er ekki flóknara en það. Það yrði mikið áfall fyrir Barcelona að falla úr keppni á þessu stigi og ekki síst fjárhagslega enda verður liðið af gríðarlegum tekjum takist því ekki að komast í sextán liða úrslit.

Margir vilja kenna erfiðu undirbúningstímabili um að gengi Barca hafi ekki verið sem skyldi í vetur. „Undirbúningstímabilið hefði getað verið betra. Það var mikið um flug, margir leikir og hreinlega of fáir klukkutímar fyrir marga leikmenn liðsins að hvílast,“ sagði varnarmaðurinn Rafael Marquez en Samuel Eto´o hefur játað að hafa tekið inn svefnpillur svo hann næði að hvílast á undirbúningstímabilinu. Ekki verður hlustað á slíkar afsakanir í kvöld. Brasilíumaðurinn Edmilson segir að um sé að ræða úrslitaleik.

„Við höfum allt að vinna í þessum leik. Við eigum að vera nógu góðir til að vinna og við verðum líka að passa varnarleikinn því það væri hrikalegt að hleypa marki inn. Við lítum á þennan leik sem úrslitaleik og við megum ekki tapa. Það er ekki flóknara en það,“ sagði Edmilson en þess má geta að Ronaldinho var hvíldur um helgina svo hann yrði ferskur í kvöld.

Það mun mikið mæða á hinum 24 ára gamla markverði Bremen, Tim Wiese, en hann gerði hrikaleg mistök gegn Juventus á síðustu leiktíð sem gerðu það að verkum að Bremen féll úr leik. „Ég svaf illa um nóttina en málið var grafið og gleymt daginn eftir,“ sagði Wiese. „Ég held við vinnum þennan leik 1-0. Að sjálfsögðu spá fáir okkur góðu gengi í þessum leik en við teljum okkur vera jafngóða og Barcelona. Við eigum möguleika.“ henry@frettabladid.is



**KOMA SVO STRÁKAR** Það mun mæða mikið á Brasilíumanninum Ronaldinho í kvöld enda dugar Barcelona ekkert annað en sigur til að komast áfram í meistaradeildinni. Ronaldinho fékk að hvíla um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**KLÚÐRAR HANN AFTUR?** Tim Wiese fær nóg að gera í kvöld. Hann klúðraði hrikalega gegn Juve í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## MEISTARADEILDIN

*Leikir kvöldsins:*

**A-RIÐILL:**

BARCELONA - WERDER BREMEN ***SÝN***
CHELSEA - LEVSKI SOFIA

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **5** | **3** | **1** | **1** | **8-4** | **10** |
| W. BREMEN | 5 | 3 | 1 | 1 | 7-3 | 10 |
| **BARCELONA** | **5** | **2** | **2** | **1** | **10-4** | **8** |
| LEVSKI SOFIA | 5 | 0 | 0 | 5 | 1-15 | 0 |

**B-RIÐILL:**

SPORTING LISBON - SPARTAK MOSKVA
BAYERN MUNCHEN - INTER ***SÝN EXTRA 2***

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **B. MUNCHEN** | **5** | **3** | **2** | **0** | **9-2** | **11** |
| INTER | 5 | 3 | 0 | 2 | 4-4 | 9 |
| **SPORTING** | **5** | **1** | **2** | **2** | **2-3** | **5** |
| S. MOSKVA | 5 | 0 | 2 | 3 | 4-10 | 2 |

**C-RIÐILL:**

GALATASARAY - LIVERPOOL
PSV - BORDEAUX

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LIVERPOOL** | **5** | **4** | **1** | **0** | **9-2** | **13** |
| PSV | 5 | 3 | 1 | 1 | 5-3 | 10 |
| **BORDEAUX** | **5** | **1** | **1** | **3** | **3-6** | **4** |
| GALATASARAY | 5 | 0 | 1 | 4 | 4-10 | 1 |

**D-RIÐILL:**

OLYMPIAKOS - SHAKTAR DONETSK
AS ROMA - VALENCIA ***SÝN EXTRA***

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VALENCIA CF** | **5** | **4** | **1** | **0** | **12-5** | **13** |
| AS ROMA | 5 | 2 | 1 | 2 | 7-4 | 7 |
| **S. DONETSK** | **5** | **1** | **2** | **2** | **5-10** | **5** |
| OLYMPIAKOS | 5 | 0 | 2 | 3 | 5-10 | 2 |



**DAVID BECKHAM** Framtíðin enn í óvissu hjá honum.

David Beckham:

## Ekki á leið til Bandaríkjanna

**FÓTBOLTI** David Beckham sagði við spænska fjölmiðla í gær að hann væri ekki á förum til Bandaríkjanna eins og sumir fjölmiðlar hafa haldið fram síðustu vikur. Samningur Beckhams við Real Madrid rennur út næsta sumar og hann virðist ekki vera nálægt því að skrifa undir framlengingu á honum. Í janúar verður honum síðan frjálst að semja við önnur félög.

„Heimspressan er alltaf að tala um hitt og þetta. Staðreyndin er sú að ég er ánægður hjá Madrid og er ekki að hugsa um að fara til Bandaríkjanna,“ sagði Beckham sem lék seinni hálfleik með Real á sunnudag gegn Bilbao. „Það var gaman að spila á ný. Ekki var verra að vinna og mér leið vel á miðri miðjunni.“ - hbg


## Ferðir á Old Trafford eftir áramót

**Úrval Útsýn í samstarfi við Man.Utd klúbbinn á Íslandi býður upp á eftirfarandi 6 ferðir á Old Trafford eftir áramót.**

Í öllum ferðunum er ferðalagið og gistingin sú sama
Beint flug með áætlunarflugi Icelandair á Manchester
Út á föstudagseftirmiðdegi kl. 17:30
Komið heim á mánudagskvöldi kl. 23:35

Gist er á Novotel hótelinu í miðborg Manchester, mjög gott hótel á frábærum stað í borginni.

Allar ferðirnar kosta 64.900 kr. á mann í tvíbýli.

**Innifalið í verði:** flug, skattar, gisting í 3 nætur með morgunverði, rútur til og frá flugvelli, miði á leikinn og íslensk fararstjórn.

Aukagjald f. einbýli 15.0000 kr.

**Ferðirnar eru**

| | | |
|---|---|---|
| Man.Utd v A.Villa | 12-15 janúar | laust |
| Man.Utd v Charlton | 9-12 febrúar | nokkur sæti laus |
| Man.Utd v Bolton | 16-19 mars | uppselt |
| Man.Utd v Blackburn | 31 mars - 2. apríl | örfá sæti laus |
| Man.Utd v Middlesboro | 20-23 apríl | uppselt |
| Man.Utd v Westham | 11-14 maí | nokkur sæti laus |

**Upplýsingar www.uu.is**

**Bókanir á ludvik@uu.is eða í síma 585-4000**




**AL MAKTOUM** Næsti eigandi Liverpool? NORDIC PHOTOS/AFP

Liverpool opnar bókhald sitt fyrir fjárfestum:

## Yfirtaka yfirvofandi

**FÓTBOLTI** Fátt virðist geta komið í veg fyrir að enska úrvalsdeildarfélagið Liverpool verði selt fjárfestingafyrirtæki á vegum stjórnvalda í Dubai, einu ríkjanna í sameinuðu arabísku furstadæmunum. Fyrirtækið, Dubai International Capital, staðfesti í gær að það ætti í viðræðum við stærstu eigendur Liverpool um kaup á á meirihluta hlutabréfa í félaginu upp á 60 milljarða króna eða 450 milljónir punda.

„Við vonumst til að ná samkomulagi sem gerir okkur kleift að fjármagna þau verkefni sem þarfir félagsins gera ráð fyrir,“ sagði Sameer al-Ansari, framkvæmdastjóri DIC.

Í samningnum mun vera kveðið á um að 200 milljónum punda verði eytt til að byggja nýjan 60 þúsund sæta leikvang auk þess sem skuldir verða niðurgreiddar og sjóðir til leikmannakaupa stækkaðir.

Hafa fulltrúar fyrirtækisins verið að skoða bókhald félagsins.

Landshöfðingi Dubai, Mohammad bin Rashid Al Maktoum, er talinn aðalmaðurinn á bakvið tilboðið en hann er einnig forsætisráðherra og varaforseti Sameinuðu arabísku furstadæmanna. Hann er mikill veðhlaupaáhugamaður og á marga hesta og hestabú.

Mohammad er 57 ára gamall, á tvær eiginkonur og sextán börn; sjö syni og níu dætur. - esá

Gary Neville:

## Munum ekki misstíga okkur

**FÓTBOLTI Fyrirliði Manchester United, Gary Neville, hefur gríðarlega trú á sínu liði í vetur og telur það geta farið alla leið í ensku úrvalsdeildinni.**

**„Ég hef þá tilfinningu að við munum ekki misstíga okkur. Leikmenn eru gríðarlega einbeittir og ákveðnir,“ sagði Neville en Chelsea hefur haft yfirburði í ensku deildinni síðustu tvö ár.**

**„Við erum ánægðir með spilamennsku okkar. Okkur finnst við hafa þróað okkar leik síðustu ár og hefur gengið á ýmsu á þeim tíma. Í fyrra náðum við ekki góðum úrslitum í jöfnum leikjum en það er ekki svo lengur.“** - hbg

# eig'ðu EÐA leig'ðu




## eig'ðana
# 1.999 kr.

**Úrval nýrra mynda og teiknimynda til sölu á aðeins kr. 1.999,-**




**Til sölu á eftirfarandi stöðum:**

Vídeóhöllin Lágmúla 7
Bónusvídeó Hraunbæ 121
Bónusvídeó Þverholti 2, Mosfellsbæ
Bónusvídeó Ánanaustum 15
Bónusvideo Lækjargötu 2, Hafnarfirði
Bónusvideó Spönginni
Bónusvideó Mjódd
Bónusvideó Lóuhólum 2-6
Bónusvideo Nýbýlavegi 16

SENDUM Í PÓSTKRÖFU S. 568-5333

VIDEOHÖLLIN
*Á þínu bandi*

BÓNUSVÍDEÓ
*Leigan í þínu hverfi*

Birtist með fyrirvara um innsláttarvillur og myndabrengl. - Verð geta breyst án fyrirvara. Gildir á meðan birðir endast.



## > Carson Kressley

Er einn af hinum „frábæru fimm“ í raunveruleikaþáttunum „Queer Eye For The Straight Guy“ sem Skjár einn sýnir í kvöld. Carson fæddist 11. nóvember á sveitabæ í Pennsylvaniuríki. Áður en honum var boðið hlutverk í „Queer Eye“ vann hann hjá Ralph Lauren sem stílisti þannig að tískan er í blóðinu hjá karlinum.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR VILL VITA HVAÐAN DÓSAHLÁTURINN KEMUR**

# *Að hlæja á réttu stöðunum*

Þegar ég var lítil var ég alltaf að furða mig á því hvaðan ósýnilegi hláturinn úr sjónvarpinu kom og er ég þá að vísa í þennan svokallaða dósahlátur sem virðist einkenna alla gamanþætti. Þegar ég var lítil fannst mér þetta mjög furðulegt og man ég eftir að móðir mín þoldi ekki þætti sem voru með tilbúnum hlátri í bakgrunni.

Ég var alltaf að velta því fyrir mér með hinum yndislega barnalega hugsunarhætti hvort það sæti virkilega hópur af fólki að horfa á alla þessa þætti og hló að bröndurunum, hélt að það væri kannski svona skylda eins og að mæta í dómsal fyrir Bandaríkjamenn. „Jæja, þá er komin tími til að fara í sjónvarpssal og hlæja.“

Með aldrinum rann þó upp fyrir mér að þetta gæti ekki verið raunin, enda allur hláturinn eins. Þessu er örugglega öllu tölvustýrt eins og meirihlutanum af öllum nútímatækjum í dag. Samt finnst mér fyndnara að hugsa til þess að það sitji fólk saman í upptökustúdíói og hlæi á sérstökum stöðum, eftir handriti kannski.

Annars er ég orðin leið á þessum dósahlátri, ég hætti að taka eftir honum á ákveðnu tímabili en nú er ég byrjuð að pirra mig á honum á ný. Vil ekki að nokkur stjórni því hvenær ég eigi að skella upp úr. Hláturinn er samt sem áður smitandi en algjörlega óþolandi að þurfa að hlæja að lélegum bröndurum vegna smitandi hláturs.

Það eru margir þættir í dag skreyttir með þessum ósýnilega sjónvarpshlátri eins og til dæmis gamanþátturinn Everybody Loves Raymond sem virðist vera allan sólarhringinn í sjónvarpinu, örugglega endursýndur þrisvar á dag. Mjög sérstakt uppátæki hjá viðkomandi sjónvarpastöð þar sem þættirnir eru ekki einu sinni skemmtilegir að mínu mati og er dósahláturinn því notaður óspart til að fá fólk til að hlæja. Ætli það sé kannski aðalmálið. Er dósahláturinn notaður í ófyndnum þáttum til að plata heilann og láta fólk hlæja að mjög lélegu sjónvarpsefni? Hjálpartæki til að hlæja?



**EVERYBODY LOVES RAYMOND** Í þessum þáttum er dósahláturinn notaður óspart enda þarf kannski hjálp til að hlæja að bröndurunum í þættinum.

## EKKI MISSA AF



▶ **01.55** **Amazon Women STÖÐ 2**



▶ **16.10** **Moonlight Mile STÖÐ 2 BÍÓ**




▶ **23.20** **Jay Leno SKJÁR EINN**



▶ **19.55** **Tottenham - Middlesbrough SKJÁR SPORT**



▶ **19.30** **Barcelona - Bremen SÝN**

## SJÓNVARPIÐ

**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**17.10 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**17.55 Magga og furðudýrið (13:26)** (Maggie and the Ferocious Beast)
**18.20 Kappflugið í himingeimnum (13:26)** (Oban Star-Racers)
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Veronica Mars (14:22)** (Veronica Mars II) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum.
**21.00 Svona var það (21:22)**
**21.25 Þrír blaðamenn leita rithöfundar** (Tre reportere söker en forfatter: Orhan Pamuk) Norskur þáttur um Tyrkjann Orhan Pamuk sem hlaut Nóbelsverðin í bókmenntum í ár.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Rose og Maloney (3:3)** Bresk þáttaröð um rannsóknarlögreglukonuna Rose og félaga hennar Maloney sem glíma við dularfull sakamál. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.
**23.35 Örninn (6:8)** (Ørnen) Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn, Hallgrím Örn Hallgrímsson, og baráttu hans við skipulagða glæpastarfsemi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Nánari upplýsingar á vefslóðinni http://www.dr.dk/oernen/. e.
**0.35 Kastljós**
**1.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Les triplettes de Belleville 8.00 Moonlight Mile 10.00 World Traveler 12.00 Broadcast News 14.10 Les triplettes de Belleville ▶16.10 Moonlight Mile 18.10 World Traveler (Heimshornaflakkarinn) 20.00 Broadcast News (Sjónvarpsfréttir)**
**22.10 Call Me: The Rise and Fall of Heidi Fleiss (Hringdu: Saga Heidi Fleiss) Bönnuð Börnum**
**0.00 Ticker (Sprengjuóður) Stranglega bönnuð börnum.**
**2.00 Monster´s Ball (Skrímslaball) Stranglega bönnuð börnum.**
**4.00 Call Me: The Rise and Fall of Heidi Fleiss (Hringdu: Saga Heidi Fleiss) Bönnuð Börnum**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful** (Glæstar vonir) **9.20 Í fínu formi 2005 9.35 Martha** (Ashley Judd) **10.20 Ísland í bítið (e) 12.00 Hádegisfréttir 12.40 Neighbours** (Nágrannar) **13.05 Valentína** (My Sweet Fat Valentina) **13.50 Silfur Egils 15.25 Meistarinn (22:22) (e) 16.10 Mr. Bean 16.30 Nornafélagið 17.15 Véla-Villi** (Engie Benjy) **17.28 Bold and the Beautiful** (Glæstar vonir) **17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu Stöðvar 2.
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Simpsons (10:21)** (Simpson-fjölskyldan) Quimby borgarstjóri ákveður að leyfa hjónavígslu samkynhneigðra í Springfield í von um að auka ferðamannastrauminn. Vandinn er hins vegar sá að Lovejoy prestur neitar að gefa samkynhneigða saman. Grípur Hómer gæsina, með dollaramerki í augum, nær sér í vígsluréttindi og tekur að maka krókinn með því sérhæfa sig í hjónavígslu samkynhneigðra.
**20.05 Amazing Race** (Kapphlaupið mikla Kapphlaupið mikla er nú hafið í níunda sinn. Sem fyrr þeysast keppendur yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrst í mark og fá að launum eina milljón dala. Að þessu sinni hefst kapphlaupið í Denver þar sem ellefu lið hefja leik.
**20.55 The Curse of King Tut´s Tomb** (Bölvun Tútankamons) Seinni hluti framhaldsmyndar í tveimur hlutum sem er í anda gömlu þrjúbíó ævintýramyndanna og jafnvel ennfrekar Indiana Jones-myndanna vinsælu. 2006. Bönnuð börnum.
**22.20 Prison Break (8:22)** (Flóttinn) (8:14) Óvæntir erfiðleikar verða á vegi Sucre eftir að hann reynir að næla í alla peningana. Bönnuð börnum.
**23.05 Thief (2:6)** (Þjófur) Nick skipuleggur næsta rán á meðan hann fer í jarðarför.
**23.50 Numbers (7:24)** (Tölur)
**0.35 Eye Ball (Ballen i øyet)** (Bolti í augað) Frumleg og léttgeggjuð norsk gamanmynd.
▶**1.55 Amazon Women on the Moon (e)** (Fullt tungl af konum) Gamansöm kvikmynd í vísindaskáldsagnastíl. Bönnuð börnum.
**3.20 Simpsons (10:21)**
**3.45 Ísland í bítið e**
**5.20 Fréttir og Ísland í dag**
**6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**
**18.00 Insider (e)** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli.
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 Entertainment Tonight** Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum.
**20.30 The Hills** Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla.
**21.00 Rescue Me** Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi.
**22.00 24 (24:24)** Bönnuð börnum.
**22.45 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.10 Four Kings - NÝTT (e)** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim. Þegar vinirnir flytja í íbúðina fer fyrst að reyna á vinskap þeirra og alls ekki víst að vinskapurinn þoli sambúðina. Með aðalhlutverk fer leikarinn Seth Green en flestir muna eflaust eftir honum úr Austin Powers myndunum og Italian Job.
**23.35 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**0.00** Entertainment Tonight (e)
**0.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e) 8.00 Rachael Ray (e) 8.50 Innlit / útlit (e) 15.00 Just Deal (e) 15.30 One Tree Hill (e) 16.20 Beverly Hills 90210 17.05 Rachael Ray**
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga.
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 Out of Practice (e)**
**20.00 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við og skoða hús, híbýli og flotta hönnun. Áhorfendur fá tækifæri til að taka þátt í fjörinu því Þórunn mun m.a. heimsækja fólk sem vill breyta og bæta á heimilinu.
**22.00 Close to Home** Lögfræðidrama af bestu gerð. Annabeth Chase er ungur saksóknari sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi. Eiginkona valdamikils kaupsýslumanns er myrt og böndin berast að eiginmanni hennar og tengdaföður.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
▶**23.20 Jay Leno**
**0.05 Survivor: Cook Islands (e)** Raunveruleikasería.
**1.05 Beverly Hills 90210 (e)**
**1.50 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)**
**14.00 Blackburn - Fulham (frá 2. des)**
**16.00 Roma - Atalanta (frá 2. des)**
**18.00 Þrumuskot (e)** Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd. Viðtöl við knattspyrnustjóra og leikmenn.
**19.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni.
▶**19.55 Tottenham - Middlesbrough (beint)** Bein útsending frá leik Tottenham og Middlesbrough. Á sama tíma er leikur Charlton og Blackburn í beinni á SkjáSporti 2.
**22.00 Charlton - Blackburn (frá í kvöld)**
**0.00 Ítölsku mörkin (e)**
**1.00 Dagskrárlok**




Glæný Línuýsa **890** kr.
Lúðusneiðar **1680** kr.
Laxaflök **1380** kr.
Saltfiskur **1180** kr.
Sigin Grásleppa **1180** kr.
Saltaðar kinnar **690** kr.

Stór humar
Hörpuskel
Risarækjur
Túnfisksteikur
Þorskhnakkar
Heitreykt Ýsa

*Stærsta og flottasta fiskborð landsins*

**HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

## Í KVÖLD

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

## DR 1

## NRK 1

## SVT 1

## Í KVÖLD



### SÝN KL. 19.00:

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**Það er komið að lokaumferðinni í riðlakeppni meistaradeildar Evrópu í fótbolta. Úrslitin í riðlunum eru hvergi nærri ráðin og leikirnir í lokaumferðinni því hver öðrum mikilvægari. Sýn verður með í beinni útsendingu hreinan úrslitaleik milli sjálfra Evrópumeistaranna Barcelona og þýska liðsins Werder Bremen um það hvort liðanna mun fylgja Chelsea upp úr A-riðli. Það sem meira er þá er Bremen í betri stöðu – liðinu dugir jafntefli til að komast áfram á meðan Barcelona verður að sigra á Nývangi. Það er því að duga eða drepast fyrir Eið Smára og félaga. Guðni Bergs og Heimir Karls byrja upphitun að vanda kl. 19.00 með því að fara yfir leikina og tilkynna byrjunarlið og þeir gera leikina svo upp og sýna mörkin um leið og þeim er lokið**

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ „Prison Break" Á STÖÐ 2 KL. 22.20



Nú er farið að kárna gamanið hjá Scofield og félögum. Félagarnir eru búnir að finna peningana sem þeir leituðu að og núna hefst æsispennandi kapphlaup við tímann. Þættirnir hafa hlotið lof gagnrýnenda og áhorfenda hvar sem þeir hafa verið sýndir og hlotið tilnefningar til Emmy- og Golden Globeverðlaunanna. Í aðalhlutverki er Wentworth Miller sem nú er rísandi stjarna í Hollywood. Ekki missa af þessum æsispennum þáttum.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **7.30** Fréttayfirlit **8.00** Fréttir **8.30** Fréttayfirlit **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stelpulitir
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Seiður og hélog
**15.00** Fréttir
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Perlur Tékklands
**21.00** Afsprengi
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**18.00 Gillette Sportpakkinn** Íþróttir í lofti, láði og legi.

**18.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni.

**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun** Heimir Karls og Guðni Bergs hita upp fyrir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

**▶19.30 Meistaradeild Evrópu** (Barcelona - Bremen) (b)

**21.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)

**22.20 Meistaradeild Evrópu** (Roma - Valencia) Útsending frá leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu.

**0.10 Meistaradeild Evrópu** (Bayern Munchen - Inter) Útsending frá leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu.

**2.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Mörkin, tilþrifin, brotin umdeild atvik og margt fleira. Álitsgjafar segja sína skoðun á atburðum kvöldsins þar á meðal reyndir milliríkjadómarar.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

### DR 1

12.00 Nationen 12.20 Ildsjæle 12.50 Desperate boligdr¢mme 13.20 Rabatten 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Smæk for Skillingen 15.30 En lille reminder 15.40 SPAM 16.00 Absalons Hemmelighed 16.30 Absalon Live 17.00 Julefandango 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Absalons Hemmelighed 19.00 Hammerslag 19.30 Danskernes Kr¢nike 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Dronningens s¢ster 22.35 Clement Kontra

### NRK 1

12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsnyheter 12.20 Fra Aust- og Vest-Agder 12.40 Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 13.00 Siste nytt 13.05 Distriktsnyheter 13.20 Fra Oslo og Akershus 13.40 Fra ¥stfold 14.00 Siste nytt 14.05 Ian tar regien 14.30 Robotboy 15.00 Siste nytt 15.03 Sport uten grenser 15.15 Siger i blikket 15.30 Liga 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Hurtigruten 365 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Jul i Svingen 17.25 Peo 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen: Fulufjell - den eventyrlige villmark 18.55 Tinas mat 19.25 Brennpunkt 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Standpunkt 21.15 Extra-trekning 21.30 Safari 22.00 Kveldsnytt 22.10 Kulturnytt 22.15 Utsyn: En bank for de fattige 23.10 Jazz: Magnetisk musiker 0.00 Larry Sanders-show

### SVT 1

13.00 Hos Jihde 13.30 Kattorna 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Animalitos 16.05 Top! En español 16.25 Animalitos 16.30 Krokodill 17.00 Världens största kör 17.10 Sagoboken 17.25 Stora maskiner 17.30 Julkalender: LasseMajas detektivbyrå 17.45 Hanna Mias resa till Antarktis 17.55 Känsliga bitar 18.00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 18.05 Trackslistan 18.30 Rapport 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Sejer - svarta sekunder 21.00 Argument 22.00 Rapport 22.10 Kulturnyheterna 22.20 Kobra 22.50 HippHipp: Itzhaks julevangelium 23.20 Yizo, Yizo 23.45 Sändning från SVT24





Fjölrása heimabíó í aðeins einum hátalara! Innbyggður magnari. Engir bakhátalarar eða hátalarasnúrur út um allt gólf. Með nýrri tækni frá Yamaha (Digital Sound Projector) er hljóðbylgjunum beint á nákvæman hátt í ólíkar áttir þannig að þú heyrir hljóminn í mismunandi rásum fyrir framan þig, aftan – frá öllum hliðum – úr einum hátalara. Auðvelt í uppsetningu, fágað útlit og fáanlegt í tveimur stærðum. Allir í fjölskyldunni, líka ferfættlingarnir, kunna að meta þessa nýju tækni frá Yamaha.



Digital Sound Projector



YSP-1100/ YSP-900

CINEMA DSP DIGITAL  IntelliBeam  dts  DOLBY DIGITAL PRO LOGIC II  SRS TruBass

Hátækni

Yamaha heimabíó fæst hjá söluaðilum um land allt.

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

## HRÓSIÐ ...



*...fær Óttar Martin Norðfjörð fyrir að láta allan ágóða af bók sinni renna til Mæðrastyrkrarnefndar. Bókin sú, fyrsta bindi ævisögu Hannesar Hólmsteins, hefur rokselst og skipar nú þriðja sæti á metsölulista Eymundsson.*

# Samdi þrjú lög fyrir kvikmynd

Anna Mjöll Ólafsdóttir gerir það gott í Los Angeles þar sem hún starfar sem lagahöfundur fyrir kvikmyndir og auglýsingar. „Ég samdi þrjú lög ásamt CJ Vanston fyrir nýjustu mynd Christopher Guest,“ segir Anna Mjöll en myndin, sem heitir For Your Consideration, kom út í nóvember.

„Ég hef verið að skrifa mikið með CJ en hann semur alla tónlist fyrir myndir Christophers Guest og er frábær tónlistarmaður,“ segir Anna Mjöll og er hæstánægð með að fá svona frábært tækifæri. „Lögin heita Sugar Mama, So Delicious og It's Allright og heyrast mismikið í myndinni en nafnið kemur fram þrisvar í kreditlistanum svo það bætir allt saman upp.“



**FLOTTUR FÉLAGSSKAPUR** Það er ekki slæmt að vera á frumsýningu með fólki á borð við Warren Beatty og Annette Bening.

Að sögn Önnu Mjallar er lífið gott alla daga í Los Angeles, þó það sé ekki alltaf jafnauðvelt. „Í morgun vaknaði ég við fuglasöng og sólskin, kreisti appelsínur og fór út að labba með hundana í stuttbuxum og strigaskóm. Þannig að ég get ekki kvartað,“ segir hin hamingjusama Anna Mjöll í Los Angeles. -sh



**MEÐ LEIKSTJÓRANUM** Anna Mjöll hitti að sjálfsögðu leikstjóra myndarinnar, Christopher Guest á frumsýningunni en hann er eiginmaður leikkonunnar Jamie Lee Curtis.



**ALSÆL Í LA** Anna Mjöll segir lífið í Los Angeles mjög gott. Þar vaknar hún við sólskin og fuglasöng á hverjum morgni og hefur að auki nóg að gera.



**LÁRÉTT 2** marr **6** tveir eins **8** for **9** impra **11** slá **12** mögla **14** kjöt **16** í röð **17** andi **18** fornafn **20** reyta **21** kjáni.

**LÓÐRÉTT 1** kostar lítið **3** guð **4** nískupúki **5** knæpa **7** skratti **10** kraftur **13** prjónavarningur **15** klámfengin **16** frestur **19** kusk.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** brak, **6** dd, **8** aur, **9** ýja, **11** rá, **12** röfla, **14** flesk, **16** tu, **17** sál, **18** öll, **20** lú, **21** flón.

**LÓÐRÉTT: 1** ódýr, **3** ra, **4** aurasál, **5** krá, **7** djöfull, **10** afl, **13** les, **15** klúr, **16** töf, **19** ló.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Guðbergur Bergsson.
2. Washington Post.
3. Ögmundur Jónasson.

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON: VAR ILLA BRUGÐIÐ Í BEINNI

# Glens er ekkert grín

„Þetta kom flatt upp á mig og ég átti ekki von á þessu enda er þetta það síðasta sem ég vil láta spyrða mig saman við og vera talinn einhvers konar öfgasinni,“ segir Þorsteinn Guðmundsson, leikari og atvinnugrínari, sem þurfti óvænt, í beinni útsendingu, að svara fyrir kynþáttafordóma persónu sem hann lék í innslagi sem sýnt var í skemmtidagskrá Stöðvar 2 í tilefni af degi rauða nefsins á Stöð 2 á föstudagskvöld.

Brot úr grínatriði Þorsteins þar sem hann leikur vitleysing sem dregur í efa mikilvægi þess að hjálpa hungruðum heimi með fjárframlögum var sýnt í Íslandi í dag og í framhaldinu gekk hinn vaski spyrill Sölvi Tryggvason á Þorstein og spurði hann hvort hann hefði ekki gengið of langt í gríninu og hvort hann óttaðist ekki um öryggi sitt vegna atriðisins.



**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON** Segir það vera í eðli grínsins að fara að mörkunum og þótti miður að vera tengdur við rasima þegar hann var að gera grín að fordómum.

„Þorsteinn J. og Sölvi eru báðir búnir að tala við mig og biðjast afsökunar. Hugmynd þeirra var að grínast með þetta og tala við mig í karakter en ég var bara alls ekki í karakter. Þetta voru mistök hjá þeim og ég ætla svo sannarlega að fyrirgefa þeim en ég var virkilega sár enda skiptir þetta mig og konuna mína miklu máli þar sem við tökum mjög virkan þátt í mannréttindamálum og vorum svolítið í klessu yfir þessu.“



**ÞORSTEINN J.** Hann og hans fólk gleymdu að gera rækilegan mun á leikara og persónu og baðst hann strax afsökunar.

Þorsteinn bætir því við að það megi ef til vill segja að þetta atvik sé dæmi um að best sé að láta atvinnumennina um grínið, eða „leave the comedy to the professionals“, eins og hann orðar það.

„Við erum búnir að fara yfir þetta, nafnarnir,“ segir Þorsteinn J. Vilhjálmsson, ritstjóri Íslands í dag. „Við gerðum þau mannlegu mistök að gera ekki greinarmun á leikaranum Þorsteini Guðmundssyni og persónunni sem hann lék í þessu atriði sem mér fannst með þeim betri þetta kvöld og okkur er ljúft og skylt að biðjast afsökunar á því.“

thorarinn@frettabladid.is



**SÖLVI TRYGGVASON** Grínaðist í grínaranum sem vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tilnefningar til hinna íslensku bókmenntaverðlauna – Gullmiðans – verða kynntar á fimmtudaginn. Mikil leynd ríkir um hverjir sitja í nefndunum tveimur, í flokki fagur- og fræðibókmennta, svo ekki sé með neinu móti hægt að hafa áhrif á viðkomandi. Glöggir Netverjar þóttust þó sjá frægan bloggara missa út úr sér á síðu sinni að hann væri við það riðinn að velja fræðibækur. Sá er hinn mikli bloggari, sagnfræðingur og hernámsandstæðingur **Stefán Pálsson**. Það fylgir sögunni að þegar Stefáni varð ljóst að þarna hafði hann kjaftað laglega af sér var bloggsíða hans tekin niður meðan nauðsynlegar „lagfæringar“ voru gerðar.



**Kolbrúnu Bergþórsdóttur** blaðamanni hefur ekki orðið að ósk sinni um að hefjast handa við ritun seinna bindis ævisögu **Jóns Baldvins Hannibalssonar** en fyrra bindið, Tilhugalíf, kom út fyrir fjórum árum. Þykir mörgum tímabært að Jón Baldvin haldi áfram því allt sprengiefnið er eftir úr hinum pólitíska ferli en Jón mun vera að svipast um eftir öðrum til að rita verkið. Kolbrún hefur þó ekki látið jólabókaflóðið með öllu afskiptalaust en hún mun hafa verið **Reyni Traustasyni** innan handar, sem vél- og réttritunarstúlka, við ritun „Ljóssins í Djúpinu“ – magnaða örlagasögu um Rögnu Aðalsteinsdóttur. Reynir hefur ætíð reynst haukur í horni Kolbrúnar og skaffað henni aukaverkefni þegar svo ber undir, enda í mörg horn að líta hjá Reyni. Auk þess að stýra tímaritinu Ísafold er væntanleg heimildarmynd hans og **Lýðs Árnasonar** um ísmanninn ógurlega, Sigurð Pétursson á Grænlandi. - jbg





# Auddi tók Storm og Toby

Það er enginn óhultur þegar Auðunn Blöndal er annars vegar með tökuliðið sitt fyrir þáttinn Tekinn. Því fengu Rockstar-stjörnurnar Toby og Storm að kynnast þegar þau voru hér á landi á dögunum. „Toby greyið var alveg í sjokki og keypti þetta allt saman,“ segir Auddi en hann fékk sjónvarpskonuna Ragnhildi Steinunni og Magna í lið með sér. „Toby var eitthvað spenntur fyrir Ragnhildi þegar hún var í Hollywood fyrir lokaþátt Rockstar og bað Magna um símanúmerið hennar.“



**ALVEG Í SJOKKI** Auddi segir hrekkinn á Toby hafa heppnast rosalega vel en söngvarinn var alveg í sjokki eftir uppákomuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**TEKIN** Storm var glettilega róleg yfir deilunni á milli Audda og Sveppa þegar þeir hrekktu hana í myndveri NFS en Auddi þóttist meðal annars halda að hún væri Dilana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hrekkurinn var þannig að Ragnhildur fékk Toby í viðtal og Auddi mætti þá alveg brjálaður og þóttist vera öfundsjúkur kærasti. „Það var rosalega gaman að fá að leika loksins enda hef ég ekki getað verið í falinni myndavél í þrjú ár, þannig að þetta var algjör snilld,“ segir Auddi og hlær.

Hrekkurinn á Storm fór fram þannig að Auddi tók viðtal við hana í NFS-settinu og Sveppi var tæknimaður sem Auddi hataði. „Ég kenndi honum um allt sem fór úrskeiðis en ég þóttist meðal annars halda að hún væri Dilana. Það endaði með slagsmálum á milli okkar Sveppa og var mjög steikt,“ segir Auddi og bætir því við að þessi þáttur verði sýndur í janúar á Sirkus. -sig



**FÉKK AÐ HREKKJA SJÁLFUR** Loksins fékk Auddi sjálfur að sjá um hrekki fyrir þáttinn Tekinn og var hæstánægður með að fá að leika eftir langt hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

allt
jólin koma
Alla þriðjudaga til laugardaga

# Stórskemmtilegar jólagjafahugmyndir í Rúmfatalagernum!















**MATARSTELL**
Mjög stílhreint og smart, hvítt matarstell fyrir fjóra. 16 hlutir saman í einum kassa á frábæru verði! Flott gjöf!

**NÁTTBUXUR**
Mjúkar og þægilegar náttbuxur á dömur og herra. Nokkrar mismunandi stærðir. Efni 80% bómull og 20% polyester.

**GÍTARAR**
Góðir gítarar á fínu verði, fást í þremur mismunandi stærðum. Stærð 32" **2.490,-** og 38" **2.990,-**

**BORÐLAMPI**
Fallegur borðlampi á góðu verði. Tilvalinn í jólapakkann!













**FALLEGT FLÍSTEPPI**
Virkilega fallegt flísteppi með skemmtilegu mynstri. Hlý og mjúk jólagjöf á góðu verði!

**KAFFIKANNA**
Svört og stílhrein kaffikanna á góðu verði. Tilvalin jólagjöf!

**HÚFUSETT**
Húfa og hanskar saman í setti. Spiderman, Bratz, Pony og Simpson.

**SKÍÐANÆRFATNAÐUR**
Vandaður og góður nærfatnaður fyrir útivistarfólkið. Bráðsniðug jólagjöf á frábæru verði!













**LEÐURHANSKAR**
Góðir leðurhanskar fyrir dömur og herra. Tilvalin jólagjöf!

**„BRATZ" SÆNGURV.SETT**
Flott sængurverasett í líflegum og flottum litum. Stærð 140x200 sm, efni 100% bómull. Glæsileg jólagjöf!

**HANDKLÆÐAPAKKI**
Falleg 3ja stykkja handklæðasett. Mörg mynstur og litir. Mjúk og flott jólagjöf á góðu verði!

**GEISLADISKATASKA**
Hérna eru allir diskarnir á einum stað! Taska fyrir 12 diska **199,-** Taska fyrir 48 diska **399,-** Góð gjöf á fínu verði!




*Komdu í Rúmfatalagerinn og gerðu góð kaup!*

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is




**„HØIE UNIQUE" SÆNG OG KODDI**
Vönduð thermosæng fyllt með 2x600 gr. af holtrefjum. Stærð 140 x 200 sm. Koddi stærð 50 x 70 sm.

**„NELLIE" SÆNGURVERASETT**
Fallegt satínsængurverasett úr bómullarsatíni. Fæst í hvítu, rauðu, svörtu, bláu og natur. Stærð 140x200 sm.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA
- Lifið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga




**BAKÞANKAR**
ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## *Laun heimsins*

Ein er sú stétt manna sem algjörlega hefur gleymst í umræðunni. Íslenskir njósnarar sem alla daga vörðu hagsmuni lands og þjóðar með því að liggja á símalínum vandræðafólks og þeirra sem yfirvöld töldu að gætu orðið til vandræða.

**VESALINGS** hlerararnir sem aldrei gátu borið sig upp vegna starfsumhverfis síns eða kjaramála yfirhöfuð. Vinnan algjört leyndó, tilvera þeirra kannski líka. Ég sé þá í anda mæta í vinnuna þögla og þjakaða, kinka kannski kolli til kollega á næsta bás í gluggalausri kompunni, vanari að hlusta en tala. Setjast mædda við slitin segulbönd á aflóga skólaborðum og láta á sig heyrnartólin. Byrja að bíða. Og bíða.

**HORFA** á neglurnar vaxa, glugga í blöðin. Grípa kannski í prjóna til að láta tímann líða hraðar. Nú erum við að tala um hlerara kalda stríðsins og þá var ekki búið að finna upp heimilistölvur og internet svo ekki gátu þeir dundað við blogg. Enda ekkert sem þeir máttu blogga um. Um hádegisbil hringir síminn loksins hjá skotmarkinu og fiðrildin flögra um í maga hlerarans þegar hann grípur penna og blokk og hlustar af öllum kröftum. En þá er það bara amma sem vildi heyra í barnabarninu um hvernig gekk í stærðfræðiprófinu.

**UM** kaffileytið telur hlerarinn saman niðurstöður dagsins. Fyrir utan ömmuna sem hringdi aftur og nú til að láta vita að ættarmótinu væri frestað um eina helgi, er afraksturinn rýr. Samtals fjögur símtöl út, fimm inn og þar af eitt skakkt númer. Læknirinn ætlar að símsenda augndropana í apótekið, Sigga frænka aftur dottin í það og hringir í alla til að röfla. Ekki múkk um skipulögð ólæti á almannafæri, engin launráð um mótmæli við sendiráð eða skemmdarverk á eignum ríkisins. Kannski yrði þetta skárra á morgun.

**EF** til vill eru íslenskir hlerarar að mestu atvinnulausir núorðið, að minnsta kosti vilja ráðandi yfirvöld gera óskaplega lítið úr tilvist þeirra. Kannski eru þeir líka bara orðnir rafrænir, símtöl okkar allra skönnuð með tölvutækni og þau grunsamlegu sjálfkrafa rannsökuð nánar. Hinir einu sönnu íslensku hlerarar fallnir í gleymsku og dá og enginn vill gangast við þeim. Laun heimsins eru sannarlega vanþakklæti.


Ný útvarpsstöð Kaninn Fm 94,3
Íslensk músík alltaf!

www.volkswagen.is

HVITA HUSID / SIA · 7132




**Volkswagen Passat Comfortline** er glæsilegur bíll sem uppfyllir kröfur vandlátustu ökumanna um þægindi, öryggi og aksturseiginleika. Búnaðurinn talar sínu máli: Sex þrepa Tiptronic sjálfskipting, ESP stöðugleikastýring, þokuljós í framstuðara, rafrænn stöðuhemill, akstурstölva, Climatic loftfrískunarbúnaður/kæling (A/C), fjarstýrð opnun á farangursgeymslu, krómpakki, rafstýrður mjóhryggsstuðningur í bílstjórasæti, hiti í framsætum, hraðastillir (cruise control), armpúði á milli fram- og aftursæta, langtímaþjónusta (Extra long life service), 8 hátalarar (að framan og aftan) og margt fleira. Komdu og kynnstu honum af eigin raun.

**Verð 2.850.000 kr.** Passat Comfortline, 2,0 FSI® 150 hestöfl, sjálfskiptur.

*Miðað við 20% útborgun og gengistryggðan bílasamning hjá SP-Fjármögnun. Gildir til 31. desember.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is